


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Kaffi




SIEMENS
Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Fimmtudagur
1. desember 2011
281. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000
10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Óvanaleg jól
*Ísabella Rós Þorsteinsdóttir leikur Fanný í jólasýningu Borgarleikhússins.*

fólk 66

## „Hóflegar hækkanir“
*Stangaveiðifélag Reykjavíkur boðar „hóflegar hækkanir“ á veiðileyfum.*

veiði 78



## Mikilvægur sigur
*Akureyri vann góðan heimasigur á Fram í N1-deild karla í gær.*

sport 72

**veðrið í dag**




**SNJÓKOMA** og síðan él um landið vestanvert en austan til nokkuð bjart fram eftir degi og svo snjókoma eða él síðdegis. Minnkandi frost vestanlands.

VEÐUR 4

# Rannsaka Glitni og FL Group – þrír Glitnismenn í varðhald

**Lárus Welding og tveir fyrrverandi undirmenn hans í Glitni voru úrskurðaðir í einnar viku gæsluvarðhald í gær. Dómari sleppti þeim fjórða lausum. Enn á eftir að taka skýrslur af lykilmönnum í rannsókninni.**

**LÖGREGLUMÁL** Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, var í gærdag úrskurðaður í einnar viku gæsluvarðhald vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á meintum brotum í rekstri bankans fyrir hrun.

Tveir aðrir Glitnismenn, Jóhannes Baldursson, sem var framkvæmdastjóri á markaðsviðskiptasviði, og Ingi Rafnar Júlíusson, sem starfaði á verðbréfasviði bankans, voru leiddir fyrir dómara í héraðsdómi Reykjavíkur í gærkvöldi. Þar var fallist á kröfu saksóknara um einnar viku gæsluvarðhald yfir þeim.

Jóhannes starfar enn hjá Íslandsbanka en hefur verið sendur í leyfi vegna málsins líkt og aðrir núverandi starfsmenn bankans sem fengið hafa réttarstöðu grunaðra í rannsókninni, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. Ingi Rafnar starfar nú hjá MP banka, eftir að deildin sem hann tilheyrði hjá Sögu fjárfestingabanka var keypt yfir til MP.

Farið var fram á varðhald yfir fjórða manninum, Elmari Svavarssyni, en héraðsdómur hafnaði þeirri beiðni.

Gæsluvarðhaldskröfurnar voru settar fram á grundvelli rannsóknarhagsmuna, enda telur sérstakur saksóknari að mennirnir geti spillt rannsókninni með því að ráðfæra sig við aðra sakborninga gangi þeir lausir. Enn á eftir að taka skýrslur af lykilmönnum í málinu.

Rannsóknin snýr að umfangsmikilli markaðsmisnotkun og öðrum brotum í rekstri bankans. Viðskiptin sem til rannsóknar eru nema mörgum tugum milljarða og tengjast að stórum hluta FL Group. Yfirheyrslurnar í gær snerust jafnframt um svokallað Stím-mál, sem Jóhannes Baldursson er talinn hafa átt stóran þátt í.

Aðgerðirnar, sem hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið, hófust klukkan sjö í gærmorgun með handtökum og alls voru á annan tug manna yfirheyrðir. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, kveðst búast við að yfirheyrslunum verði fram haldið næstu daga.

**- sh /** sjá síðu 4



**Í VÍGAMÓÐ** Leikarar og tökulið þáttaraðarinnar Game of Thrones voru við tökur við rætur Svínafellsjökuls í vikunni. Kit Harrington, ein aðalstjarna þáttanna, sést hér koma upp hlíð eftir mikil hlaup í fullum herklæðum og var hann skiljanlega nokkuð móður þegar upp var komið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jens Stoltenberg um Breivik:

## Dómstólarnir fái að ráða sínu

**NOREGUR** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, hefur staðfastlega neitað að tjá sína persónulegu skoðun á því að fjöldamorðinginn Anders Breivik hafi verið úrskurðaður ósakhæfur.



JENS STOLTENBERG

Fram kemur í Aftenposten að Stoltenberg hafi verið þráspurður en hann svarað því til að stjórnmálin hefðu sín takmörk. Úrskurður væri á forræði dómstólanna og það varðaði grundvallarreglur réttarríkja. „Við ættum að fagna því að búa í ríki þar sem stjórnmálamenn ráða engu um það hverjir þurfi að svara til saka fyrir rétti og hvers konar refsingar þeir fá,“ sagði hann.

Spurður um líðan þegar hann frétti af úrskurðinum sagði Stoltenberg: „Tilfinningar mínar hafa ekkert með málið að gera.“ **- þj**

Fjárlög voru samþykkt til þriðju umræðu með breytingum fjárlaganefndar:

## Jón samþykkti 600 milljónir frá ESB

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, greiddi atkvæði með 600 milljóna króna styrkjum frá Evrópusambandinu (ESB) vegna aðildarumsóknar Íslands. Fjárlög 2012 voru samþykkt til þriðju umræðu í gær eftir langar umræður.

Breytingartillögur fjárlaganefndar um 4,1 milljarðs króna aukin útgjöld á næsta ári voru samþykktar.

Styrkirnir frá Evrópusambandinu eru svokallaðir IPA-styrkir, en þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að vera styrkir til aðlögunar, meðal annars af Jóni Bjarnasyni. Skemmst er að minnast þess að stjórnarformaður Matís ohf. sagði pólitíska afstöðu Jóns, sem fer með eignarhluta ríkisins í félaginu, hafi ráðið miklu um að hætt var við að sækja um 300 milljónir króna í slíka styrki til eiturefnamælinga.



JÓN BJARNASON

Styrinn um Jón stendur enn og birtu stuðningsmenn hans auglýsingu í dagblöðum í gær, þar sem hann var sagður standa traustan vörð gegn aðild Íslands að ESB. Er það liður í valdabaráttu innan Vinstri grænna.

**- kóp /** sjá síðu 18









Algjör viðsnúningur á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir:

# Ófrjósemisaðgerðum fjölgaði milli ára

**HEILBRIGÐISMÁL** Í fyrra gekkst 571 einstaklingur undir ófrjósemisaðgerð hér á landi, samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu. Um er að ræða 162 konur og 409 karla.

Til samanburðar voru framkvæmdar 512 ófrjósemisaðgerðir á árinu 2009 og varð því nærri tólf prósent fjölgun á aðgerðum milli ára. Þá hefur undanfarinn áratug orðið algjör viðsnúningur á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir. Árið 2000 voru karlar ríflega 32 prósent þeirra sem fóru í slíka aðgerð en konur tæplega 68 prósent. Árið 2010 var hins vegar hlutfall þeirra karla sem fóru í ófrjósemisaðgerðir komið upp í 72 prósent en hlutfall kvenna niður í 28 prósent. Það hefur því ekki einungis orðið viðsnúningur á kynjahlutfalli hvað varðar fjölda ófrjósemisaðgerða heldur er þetta bil á milli kynjanna enn að aukast. Líkleg ástæða þessa viðsnúnings er meðal annars aukin þekking almennings á aðgerðunum og minni fordómar. Menn gera sér betur grein fyrir því nú hversu lítil aðgerð þetta er í raun og veru fyrir karlmenn. Ófrjósemisaðgerðir á konum eru flóknari og þær eru lengur að jafna sig. - jss




SPURNING DAGSINS



*Jóhannes, er búið að stinga þessum skjölum undir stól?*

„Nei, enda þyrfti sá stóll líklega að vera nokkuð stór."

Jóhannes Tómasson og starfsmenn-innanríkisráðuneytisins leita skjala um undanþágur vegna kaupa á jörðum.

Karlmaður ákærður:

## Hélt dreng nauðugum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega fertugan karlmann fyrir brot gegn frjálsræði, líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum gagnvart níu ára dreng.

Manninum er gefið að sök að hafa í janúar veist með ofbeldi að drengnum skammt frá heimili sínu í Mosfellsbæ, gripið meðal annars í háls eða hálsmál drengsins, hrist hann til svo hann féll, haldið áfram að hrista drenginn þar sem hann lá í jörðinni og hótað að flengja hann, að því er segir í ákæru. Að því búnu hafi maðurinn farið með hann inn í íbúð sína og haldið honum nauðugum þar til föður drengsins bar að garði og tók drenginn með sér.

Ákæruvaldið krefst refsingar og móðir drengsins gerir þá kröfu fyrir hönd ólögráða sonar síns að maðurinn greiði honum eina milljón króna í miskabætur. - jss

Formaður VG í Reykjavík:

## Ekki stefnt að þjóðnýtingu

**STJÓRNMÁL Líf Magneudóttir, formaður Vinstri grænna í Reykjavík, segir að ályktun á stjórnarfundi félagsins á þriðjudag, um að „einkaeignarhald á jarðnæði heyri almennt sögunni til", megi ekki túlka þannig að þjóðnýting allra jarða sé á dagskrá.**



LÍF MAGNEUDÓTTIR

**Í samtali við Vísi í gær sagði Líf að tilgangur með ályktuninni hefði alls ekki verið að mæla með eignaupptöku, heldur væri ætlunin að skapa umræðu um málaflokkinn. Þá sé gerður greinarmunur á bújörðum og hefðbundnu nytjalandi annars vegar og víðernum hins vegar.** - þj

# Öryggisljós á Eiðum gölluð af ásettu ráði

**Verkfræðingur hjá Ríkisútvarpinu segir framleiðanda síbilandi viðvörunarljósa í langbylgjumastri á Eiðum ekki vilja hafa þau áreiðanleg af viðskiptaástæðum. Fáir hæfir viðgerðarmenn séu reiðubúnir að hanga utan á 220 metra mastrinu.**

**UMHVERFISMÁL** „Þegar ljósin eru biluð er þetta eins og að láta blaðaljósmyndara flassa framan í sig fjörutíu sinnum á mínútu í myrkri," segir Kristján Benediktsson, verkfræðingur hjá Ríkisútvarpinu, um biluð viðvörunarljós í langbylgjumastri RÚV á Eiðum.

Í síðustu viku kvartaði Þórhallur Pálsson á Eiðum undan ljósagangi í mastrinu í bréfi til Ríkisútvarpsins. Styrkleiki og taktur ljósanna væri allur úr lagi genginn og ylli gríðarlegu ónæði á Héraði. Vandamálið kemur iðulega upp í 220 metra háu mastrinu.

Kristján segir hvítu blikkljósin á Eiðum hafa verið sett upp að kröfu Flugmálastjórnar og vera þau einu sinnar tegundar á landinu. Ljósin séu frá fyrirtæki í Bandaríkjunum sem sé allsráðandi á markaðnum.

„Það er ákveðin hönnunargalli í ljósunum og þau hafa reynst bilunargjörn. Ameríkani sem hjálpaði okkur að læra á ljósin og gera við þau sagði að fyrirtækið hefði takmarkaðan áhuga á því að búa til betri ljós því það væru svo góð viðskipti í kringum viðhaldið," segir Kristján. Hann kveðst ekki vita til þess að hægt sé að fá slík ljós fá öðrum.

Kristján segir ljósunum ávallt komið í gott stand fyrir veturinn. Það hafi verið gert nú í lok ágúst. Hins vegar hafi slegið niður eldingu í raflínu 23. september og ljósin bilað. Veðurfarið geri ástandið verra og ljósin henti illa hér.

„Það er ekki áhlaupaverk að fara upp í 220 metra hátt mastur og gera við ljósin nema það sé logn og þurrt. Þess utan eru fáir viðgerðarmenn sem kunna bæði á rafmagn og rafeindabúnað og eru óhræddir að klifra og hanga utan á mastrinu. En við munum gera okkar ítrasta til að gera við núverandi bilun og vinna að varanlegum úrbótum," segir Kristján.



**UNNIÐ Í MASTRINU** Það er ekki heiglum hent að klífa 220 metra hátt mastrið og hanga utan á því til að gera við hin síbilandi leifturljós sem vara eiga flugmenn við mastrinu. MYND/PÁLL ÞÓRHALLSSON

Þórhallur Pálsson spyr hvað flugmálayfirvöldum þyki ásættanlegt ástand: „Eru það óstöðug blikkandi ljós sem eru síbilandi, eða einhver önnur lausn?"

Þá bendir Þórhallur á langbylgjusendi á Gufuskálum á Snæfellsnesi. „Það mastur er, eftir því sem ég best veit, næstum tvöfalt hærra en Eiðamastrið. Samt eru þar bara rauð ljós."

Kristján segir bandaríska framleiðandann nú loks vera að koma með áreiðanlegri ljós. „En þegar ég ætlaði að fara að panta sögðu þeir nei; ljósin eru bara fyrir 60 rið og 110 volt en ekki 220 volt eins og á Íslandi," segir verkfræðingur Ríkisútvarpsins, sem enn kveðst leita lausna á málinu.

gar@frettabladid.is



**LOGAR** Eldtungur stóðu upp úr skorsteinunum þegar slökkviliðsmenn börðust við eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bruni í iðnaðarhúsnæði:

## Eldur stóð upp úr skorsteini

**BRUNI Eldur kom upp í skorsteini í sprautuklefa á bílamálunarverkstæði á Viðarhöfða seinnipart dags í gær. Eldur stóð upp úr skorsteinunum á tímabili og þurfti slökkvilið að rjúfa þakið til að komast að eldinum. Engan sakaði í brunanum.**

**Slökkviliðsmönnum tókst að koma í veg fyrir að eldurinn breiddist út og varð því lítið tjón af völdum eldsins. Talsvert tjón varð á þakinu, þar sem slökkviliðsmenn þurftu að brjóta sér leið að eldinum til að ráða niðurlögum hans. Eldsupptök eru ókunn.** - bj

Opnað í Hlíðarfjalli:

## Skíðavertíðin að hefjast

**ÚTIVIST** Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli verður opnað á laugardaginn klukkan tíu.

Þrjár lyftur verða opnaðar þá. Á vef Vikudags kemur fram að fljótlega komi í ljós hvenær hægt verði að troða og opna efra svæðið í fjallinu. Þar er haft eftir Guðmundi Karli Jónssyni forstöðumanni að nú kyngi niður snjó í fjallinu. Mestu muni þó um að snjóframleiðsla hafi gengið prýðilega síðustu daga og því sé komið gott undirlag í brautirnar. - þeb




Innanríkisráðuneytið skikkar Ríkislögreglustjóra til að afhenda upplýsingar:

# Svari um viðskipti við Radíóraf

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið hefur gefið Ríkislögreglustjóra frest til 5. desember til að afhenda Ríkisendurskoðun upplýsingar varðandi 141 milljóna króna viðskipti við fyrirtækið Radíóraf á árunum 2007 til 2011. Spurt var um hvernig staðið var að vali á birgja í þeim viðskiptum.

Hörð deila kom upp milli embættanna í haust eftir að Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við embættisfærslur Ríkislögreglustjóra vegna viðskipta við fyrirtækið sem tengd eru lögreglumönnum.

Fyrir rúmum mánuði bað Ríkisendurskoðun um áðurnefnd gögn, en Ríkislögreglustjóri sagðist í bréfi í síðustu viku myndu bíða með að afhenda þau þar til Sveinn Arason ríkisendurskoðandi hefði sagt sig frá málinu. Sagði hann ekki ríkja traust milli stofnananna eftir það sem á undan hafði gengið í samskiptum þeirra á milli.

Í bréfi ráðuneytisins til Ríkislögreglustjóra er hins vegar farið fram á að umbeðnar upplýsingar verði afhentar Ríkisendurskoðun, en ekki er tekin afstaða til þess hvort ríkisendurskoðandi skuli víkja sæti í málinu.

Sveinn sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að þessi ákvörðun ráðuneytisins kæmi honum ekki á óvart. „Við bjuggumst við því að ráðuneytið myndi hjálpa okkur við að afla svara," sagði hann og bjóst við að fá upplýsingarnar fyrir tilsettan frest. - þj



SVEINN ARASON

HARALDUR JOHANNESSEN


Kringlan
Tendruð ljós og töfrandi stemning
Kl. 17 í dag
• Frú Dorrit Moussaieff tendrar ljósin á jólatrénu
• Pakkasöfnun hefst fyrir Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpina
• Páll Óskar og Sigga Beinteins fagna aðventu með nýju jólalagi
• Graduale Futuri, stúlknakór Langholtskirkju, flytur jólatóna
• Jólasveinar verða á vappi og heilsa upp á krakkana
Opið til 21 í kvöld
PÓSTURINN
Pósturinn aðstoðar við pakkasöfnunina og kemur jólagjöfum
utan höfuðborgarsvæðisins endurgjaldslaust til skila undir jólatréð.

**GENGIÐ 30.11.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,83 | 120,41 |
| Sterlingspund | 186,40 | 187,30 |
| Evra | 159,10 | 160,00 |
| Dönsk króna | 21,395 | 21,521 |
| Norsk króna | 20,454 | 20,574 |
| Sænsk króna | 17,312 | 17,414 |
| Japanskt jen | 1,5330 | 1,5420 |
| SDR | 185,56 | 186,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,1294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gagnrýna skort á pólitískri framtíðarsýn í fimm ára áætlun borgarinnar:

# Framtíðarsýnin er skýr segir forseti borgarstjórnar

**REYKJAVÍK** Engin pólitísk stefnumótun kemur fram í fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar sem kynnt var í gær að mati borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Forseti borgarstjórnar blæs á gagnrýni minnihlutans og segir pólitíska framtíðarsýn meirihlutans skýra.

Þetta er í fyrsta skipti sem fimm ára áætlun er sett fram fyrir borgina, en þar má finna spá um fjárhagsstöðu borgarinnar til ársins 2016 byggða á hagrænum þáttum.

Samkvæmt áætluninni mun A-hluti borgarsjóðs skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin. Gert er ráð fyrir því að eignir aukist um 12,8 milljarða en skuldir og skuldbindingar um 9 milljarða króna.



DAGUR B. EGGERTSSON

Í yfirlýsingu frá borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins segir að enga pólitíska framtíðarsýn sé að finna í frumvarpinu. Það sé í raun aðeins framreikningur á fyrirliggjandi fjárhagsáætlun.

Þar er gagnrýnt að áætlunin hafi að mestu verið unnin af fjármálastjóra borgarinnar, með sáralítilli aðkomu kjörinna fulltrúa.

Dagur B. Eggertsson, forseti borgarstjórnar, segir þessa gagnrýni á störf meirihlutans ómaklega. Fimm ára áætlunin sé tæki fyrir pólitíska fulltrúa til að meta hvernig framtíðin geti þróast og hvaða svigrúm sé til að breyta forgangsröðun borgarinnar.

„Ég er mjög ósammála því að það hafi ekki komið fram skýr stefna um hvert við viljum stefna," segir Dagur. Sú stefna hafi komið fram í ræðum borgarfulltrúa meirihlutans.

Dagur segir að lykillinn að framtíðarsýn meirihlutans um atvinnustefnu með öruggan vöxt til næstu ára sé að borgin auki áherslu á grænan vöxt og skapandi greinar. Þá verði borgin að laða til sín fólk og fyrirtæki til fjárfestinga og bregðast hart við hættu á varanlegu atvinnuleysi. **- bj**

Ósætti meðal Palestínumanna:

# Abbas sagður áhugalaus

**PALESTÍNA, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar og leiðtogi Fatah-samtakanna á Vesturbakkanum, hefur engan áhuga á að ná samkomulagi við Hamas-samtökin á Gasasvæðinu.**

**Þetta fullyrðir Mahmoud Zahar, einn af leiðtogum Hamas, í viðtali við dagblaðið Asharq al-Awsat, sem gefið er út í London.**

**Hann segir að Abbas láti í þessu stjórnast af andstöðu Ísraels og Bandaríkjanna við Hamas-samtökin, sem hafa stundum verið öllu herskárri gegn Ísrael en Fatah.**

**Ahmed Assaf, talsmaður Fatah-hreyfingarinnar, segir hins vegar að ummæli Zahars endurspegli ágreining innan Hamas.** **- gb**

Teitur um deilur við Gunnlaug:

# SMS-skilaboðin voru 12 talsins

**DÓMSMÁL** SMS-skilaboðin sem Gunnlaugur Sigmundsson sendi Teiti Atlasyni nafnlaust voru 12 en ekki fjögur eins og kom fram í yfirlýsingu Gunnlaugs í Fréttablaðinu í gær. Teitur upplýsir þetta í eigin yfirlýsingu í blaði dagsins.



TEITUR ATLASON

Teitur segir ekki hvað kom fram í skeytunum sem voru send í gegnum vef ja.is nema að þau hafi innihaldið „aðdróttanir, furðudylgjur og óra sem vart er hægt að hafa eftir". Hann hafi í framhaldinu sent skilaboðin til lögreglu.

„Þetta mál er sorgarsaga. Þessi nýjasti kafli er manni harmleikur," segir Teitur. **- þj,** **sjá síðu 32.**

# Rannsaka viðskipti upp á tugi milljarða

**Sérstakur saksóknari rannsakar viðskipti Glitnis og FL Group fyrir fleiri tugi milljarða. Grunur er um brot gegn fjölda lagabálka. Meðal annars er talið að Glitnir hafi skapað umframeftirspurn eftir bréfum í FL Group í desember 2007.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari yfirheyrði á annan tug manna í gær vegna rannsóknar tíu mála tengdum lánveitingum Glitnis og viðskiptum með hlutabréf. Viðskiptin til rannsóknar eru nema tugmilljörðum.

Þrír voru úrskurðaðir í varðhald vegna málsins, Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri, Jóhannes Baldursson, sem var framkvæmdastjóri á markaðsviðskiptasviði, og Ingi Rafnar Júlíusson, sem starfaði á verðbréfasviði.

Meðal málanna sem eru undir rannsókninni er eitt hið fyrsta sem komst í hámæli eftir bankahrun, kennt við eignarhaldsfélagið Stím. Áður hafa menn verið handteknir og yfirheyrðir vegna þess.

Gerð er nokkur grein fyrir hinum málunum níu í fjórum liðum í tilkynningu frá embætti sérstaks saksóknara í gær.

Í fyrsta lagi er um að ræða stórfelld kaup deildar eigin viðskipta hjá Glitni á bréfum sem bankinn gaf út á markaði. Þetta er talin vera umfangsmikil markaðsmisnotkun. Þá rannsakar saksóknari einnig kaup bankans á bréfum í FL Group og ráðstöfun þeirra. Viðskiptin sem þarna eru undir nema samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tugum milljarða.

Í öðru lagi eru til rannsóknar lánveitingar til ýmissa félaga vegna kaupa á hlutabréfum í bankanum í lok árs 2007 og árið 2008. Lánin námu 37 milljörðum króna.

**Þrír í gæsluvarðhaldi**



LÁRUS WELDING

**Á LEIÐ Í VARÐHALD** Þessar myndir voru teknar af Inga Rafnari Júlíussyni (til vinstri) og Jóhannesi Baldurssyni á leið úr Héraðsdómi Reykjavíkur í gærkvöldi í lögreglufylgd eftir að þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í þriðja lagi rannsakar embættið milljarðaviðskipti með framvirka samninga í hlutabréfum í bankanum.

Í fjórða lagi er til rannsóknar sölutrygging Glitnis á fimmtán milljarða hlutafjárútboði FL Group í desember 2007. Þá var ráðist í tíu milljarða hlutafjárútboð, sem gæti hækkað í fimmtán milljarða ef eftirspurn yrði næg. Eftirspurnin nam í heild ríflega tuttugu milljörðum, og komu boðin ekki síst frá aðilum sem Glitnir lánaði sjálfur fyrir kaupunum með sölutryggingu.

Stór hluti af því var keyptur af félaginu BG Capital í eigu Baugs.

Málin bárust til sérstaks saksóknara með kærum frá Fjármálaeftirlitinu og tilkynningum frá slitastjórn Glitnis fyrr á árinu.

Grunur er um auðgunarbrot, brot á lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um ársreikninga og lögum um bókhald.

Alls tóku sextíu starfsmenn embættisins þátt í aðgerðunum og munu yfirheyrslur halda áfram næstu daga.

stigur@frettabladid.is



**AÐGERÐIR ÚTSKÝRÐAR** Lögreglustjórinn í Los Angeles svarar blaðamönnum. NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðir í Bandaríkjunum:

# Búðir mótmælenda rýmdar

**BANDARÍKIN, AP** Lögreglan í Los Angeles og Philadelphiu réðust á búðir mótmælendahreyfingarinnar Occupy Wall Street í gær til að rýma búðirnar, sem voru orðnar þær stærstu í Bandaríkjunum eftir að lögreglan í New York og fleiri borgum hafði fjarlægt búðir mótmælenda þar.

Aðgerðir lögreglunnar komu eftir að frestur, sem mótmælendum í Los Angeles og Philadelphiu hafði verið gefinn til að rýma búðirnar, var runninn út. **- gb**

Vísindamenn í Stonehenge:

# Fundu áður óþekktar gryfjur

**BRETLAND Tvær áður óþekktar gryfjur sem fundist hafa við Stonehenge í Englandi benda til að staðurinn hafi verið helgistaður sóldýrkenda áður en hin dularfulla steinhvelfing var reist þar.**

**Fjallað er um málið á vef breska ríkisútvarpsins en þar segir að gryfjur þessar séu staðsettar þannig að auðvelt var að fylgjast með gangi sólarinnar á mismunandi árstíðum.**

**Í gryfjunum gætu hafa verið steinar, trjábolir eða eldstæði sem sýndu upphaf sólarupprásar og sólseturs á hverjum degi.**






**VEÐURSPÁ**



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**MINNKANDI FROST** verður vestanlands í dag og svo austan til á morgun. Snjókoma eða éljagangur verður víða um landinu næstu daga. Á morgun hvessir sunnanlands með snjókomu og má þá búast við að færð geti spillst.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 11° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 10° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | 7° |
| París | 11° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

www.husa.is

# Allt fínt fyrir jólin

Russell Hobbs

**Matvinnsluvél**
Desire 600W,
gæða matvinnsluvél.
1840066

tilboð
**13.490**
~~16.900~~

**Jólastjarna**
**999**

# JÓLAGJÖF Á BETRA VERÐI

Sjálfstæður hitastillir fyrir efra og neðra grill.

**Mínútugrill**
Unold, 2000W.
1840708

tilboð
**10.990**
~~14.990~~

Alvöru vöfflujárn
mest selda vöfflujárnið á Norðurlöndum

**Vöfflujárn**
Aviken, 1000W.
1840964

tilboð
**12.990**
~~14.990~~

TRUENORTH

**Dömuúlpa**
Svört með hettu.
5870472-477

tilboð
**9.690**
~~12.990~~

**Matarstell 20 stk.**
2006829

**3.990**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Brauðgerðarvél**
Unold 8695, tekur 750-1000gr.
1841103

tilboð
**10.990**
~~12.990~~

**Verkfærataska**
Topex 18".
Smáhlutabox fylgir.
5024805

tilboð
**1.395**
~~1.995~~

**Höggborvél**
PowerPlus 580W .
5245308

**2.995**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Skrúfjárnasett**
18 stk.
5010142

**2.599**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Tilboðin gilda til 4. desember

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

blómaval HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við störf Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,7% |
| Nei | 66,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttast þú uppgang vélhjólagengja hér á landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Leiga á myndböndum og diskum hefur dregist saman um 1,5 milljónir:

# Leigja nú fimm myndir á ári

**VERSLUN** Hver Íslendingur leigði sér að meðaltali fimm sinnum mynd af myndbandaleigu á síðasta ári. Þegar mest lét, árið 2001, leigði hver Íslendingur sér ellefu myndir á ári. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Fjöldi útleigðra myndbanda og mynddiska hefur dregist saman um eina og hálfa milljón eintaka frá því þegar mest var. Á síðasta ári er áætlað að um 1,6 milljónir myndbanda hafi verið leigð út en árið 2001 var sú tala 3,1 milljón. Taka verður með í reikninginn að nú er hægt að leigja myndir af vegum myndveita í gegnum síma og sjónvarp.

Yfir ellefu hundruð titlar leigu- og sölumynda komu út hér á landi í fyrra á vegum stærstu útgefenda. Langflestar myndir sem gefnar eru út eru bandarískar, rúmlega 80 prósent.

Rúmlega 750 þúsund eintök af myndum voru seld í fyrra. Verðmæti myndanna var 827 milljónir króna. 871 þúsund eintök seldust árið 2009 og því fækkaði seldum eintökum um 119 þúsund milli ára. Fjöldinn fór mest í rúmlega 900 þúsund eintök árið 2008. - þeb



**HORFT Á MYNDBAND** Sala á myndböndum hefur aukist en leiga dregist saman á undanförnum árum. MYND/GETTY

Íbúðalánasjóður stórtækur:

# Hefur yfirtekið 2.000 íbúðir

**ALÞINGI** Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið rúmlega 2.000 íbúðir frá árinu 2006. Flestar þessara íbúða eða um fjórðungur er á Suðurnesjum. Bókfært verð þeirra eru rúmir 19 milljarðar króna.

Þetta kemur fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar. Í svarinu kemur fram að sjóðurinn yfirtók yfir 1.400 íbúðir á þessu ári og í fyrra. Í október voru um 600 af þessum eignum í útleigu. Enn fremur að frá árinu 2006 hafi sjóðurinn selt rúmlega 550 íbúðir.

Viðbrögð við sendiráðsárás:

# Erindrekar kallaðir heim

**BRETLAND, AP** Bretar og Norðmenn hafa kallað heim allt starfsfólk sendiráða sinna í Íran. Þetta gerist í beinu framhaldi af árás múgs manna á sendiráð Breta í landinu á þriðjudag.



WILLIAM HAGUE

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, segir að öllum stjórnarerindrekum Írans í Bretlandi hafi verið vísað úr landi. Jafnframt verði skoðað hvort gripið verði til annarra aðgerða. Hague segir það hugaróra eina að ímynda sér að árásin á breska sendiráðið hafi getað átt sér stað án stuðnings íranskra stjórnvalda. - gb

## VESTFIRÐIR

### Sameina sóknir

Hnífsdalssókn og Ísafjarðarsókn hafa verið sameinaðar í sparnaðarskyni. Þetta var ákveðið á kirkjuþingi. Guðsþjónustur í Hnífsdalskapellu verða lagðar af en annað kirkjustarf heldur þar áfram. Nýja sóknin heitir Ísafjarðarsókn.

## VINNUMARKAÐUR

### Uppsagnir á Ísafirði

Öllum starfsmönnum TH-trésmiðju á Ísafirði var sagt upp í gær. Þrjátíu manns unnu hjá fyrirtækinu í tveimur verksmiðjum, á Ísafirði og Akranesi.

## ORKUMÁL

### Gerðardómur frestar enn

Gerðardómur í deilu Norðuráls og HS Orku vegna orkusamnings álversins í Helguvík hefur frestað úrskurði sínum til 31. desember. Dómendur taka þó fram að þeir muni ekki biðja um frekari frest. Þetta er í fjórða sinn sem úrskurður frestast.

# Krefjast allt að 400 milljóna fyrir björgun

**Flutningaskipið Alma liggur enn í Fáskrúðsfjarðarhöfn en farmurinn er á leið til Rússlands. Krafa málsaðila um björgunarlaun er í samræmi við tryggingarféð sem var reitt fram við kyrrsetningu skipsins. Beðið er niðurstöðu sjóprófa.**

**ÖRYGGISMÁL** Tryggingarféð sem krafist var við kyrrsetningu flutningaskipsins Ölmu í Fáskrúðsfjarðarhöfn er í samræmi við væntanlega kröfu björgunarlauna, eða allt að 400 milljónir króna.

Beðið er niðurstöðu úr sjóprófum sem ákvarða áframhald málsins.

Það er Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði, áhöfn Hoffells SU 80 og sveitarfélagið Hornafjörður sem eiga tilkall til björgunarlauna eftir að flutningaskipinu Ölmu var komið til hjálpar við innsiglinguna á Hornafirði í byrjun nóvember.

Flutningaskipið liggur í Fáskrúðsfjarðarhöfn og enn liggur ekki fyrir hvert skipið verður dregið til viðgerðar. Systurskip Ölmu, Green Lofoten, fór frá Fáskrúðsfirði á sunnudag til Sankti Pétursborgar eftir að þrjú þúsund tonnum af frystum afurðum sem voru um borð í Ölmu hafði verið umskipað.

Sýslumaðurinn á Eskifirði kyrrsetti Ölmu í Fáskrúðsfjarðarhöfn 10. nóvember að beiðni Loðnuvinnslunnar. Fyrirtækið og sveitarfélagið fóru fram á að trygging að upphæð 625 milljónir króna yrði lögð fram til að aflétta kyrrsetningunni en útgerð skipsins lagði fram 400 milljónir króna nokkru síðar þegar fyrir lá að mat á verðmæti skipsins var lægra en talið hafði verið.

Spurður hvort tryggingarféð gefi hugmynd um kröfu björgunarlauna segir Jón Ögmundsson, lögmaður hjá lögmannsstofunni Advel, sem annast málið fyrir hönd Loðnuvinnslunnar, svo vera enda ljóst að málið verði sótt sem björgun. Tryggingarféð sem krafist var við kyrrsetningu skipsins sé í samræmi við það.

Í stuttu máli má skipta skiptareglunum í tvennt, annars vegar þegar um björgun úr sannarlegum háska er að ræða og hins vegar aðstoð við skip. Samningur um aðstoð við skip tekur til mun lægri fjárhæða en björgunar þar sem tekið er tillit til verðmætis þess sem bjargað var við eiginlega björgun en ekki við aðstoð.

Um skiptingu björgunarlauna gilda ákvæði 170. grein C í siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum, en þar segir að björgunarlaun fari fyrst til að bæta tjón og önnur útgjöld útgerðarinnar sem af björgunarstarfinu leiddi. Því sem þá sé eftir af björgunarlaununum „skal skipt þannig að þrír fimmtu hlutar falli til útgerðarinnar en tveir fimmtu hlutar til áhafnarinnar. Hlut áhafnar skal skipt á þann veg að skipstjóri fái einn þriðja hluta en hin eiginlega skipshöfn tvo þriðju hluta. [...] Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera lægri en tvöfaldur hlutur þess skipverja sem hæst björgunarlaun fær.“

svavar@frettabladid.is



**FLUTNINGASKIPIÐ ALMA** Skipið er 97 metra langt skip, skráð á Kýpur, en eigendur eru frá Úkraínu. Farmurinn var 3.000 tonn af frystu sjávarfangi. Krafa björgunarlauna miðast við 25% af virði skips og farms. MYND/GUNNAR HLYNUR

## Alma í neyð 5. nóvember síðastliðinn

Aðfaranótt 5. nóvember missti flutningaskipið Alma stýrið er það var að sigla út frá Hornafirði. Dráttarbáturinn Björn Lóðs SF brást við en Hoffell SU, sem var á leið til síldveiða í Breiðafirði, fékk kall frá Landhelgisgæslunni vegna neyðarástands Ölmu úti fyrir Hornafjarðarósi.

Klukkan sex um morguninn var taug komið á milli skipanna, en veður var vont og slitnaði taugin eftir um tvo tíma. Þá hafði tekist að koma Ölmu nokkuð vel frá landi. Vegna veðurs var ekki komið taug aftur á milli skipanna fyrr en um klukkan 15.30.

Í fyrstu var ætlunin að Hoffell drægi skipið til Reyðarfjarðar en síðar ákveðið að draga skipið inn til Fáskrúðsfjarðar.

Mikill viðbúnaður var hjá Landhelgisgæslunni, þyrla send austur og tvö varðskip send af stað. Annað þeirra var hið nýja varðskip Þór.

Björgun Ölmu tókst í alla staði vel og urðu engin slys á mönnum við björgun skipsins.






Ákveðið að hefja undirbúning að smíði nýrrar ferju sem geti nýtt Landeyjahöfn:

# Herjólfur leystur af hólmi 2015

**SAMGÖNGUR** Hefja á undirbúning þegar í stað að smíði nýrrar ferju sem leysa muni Herjólf af hólmi í siglingum til Vestmannaeyja. Þetta var ákveðið á fundi með fulltrúum innanríkisráðuneytisins, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar og Vestmannaeyjabæjar í gær.

Stefnt er að því að ný ferja geti hafið siglingar ekki síðar en árið 2015, og mögulega fyrr ef undirbúningur og smíði á nýju skipi leyfa, að því er segir í tilkynningu frá Vegagerðinni.

Meðal þess sem skoðað verður við undirbúning að smíði nýrrar ferju verður hvernig fjármagna má smíði skipsins.

Ljóst er að verulegar tafir verða á siglingum Herjólfs til Eyja þar sem skipið getur ekki nýtt Landeyjahöfn sem skyldi, að því er segir í tilkynningunni. Því hafi á fundinum í gær verið rætt um hvernig tryggja megi betur umferð um höfnina þar til ný ferja verði tekin í notkun.

Á fundinum var farið yfir þá kosti sem eru í stöðunni varðandi siglingar í vetur og hvernig viðhalda mætti nægu dýpi í höfninni þar til ný ferja hæfi siglingar. - bj



**SIGLIR** Herjólfur ristir dýpra en heppilegt er fyrir skip sem siglir á Landeyjahöfn, og hefur því ítrekað þurft að sigla til Þorlákshafnar með tilheyrandi töfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

ENNEMM / SÍA / NM49245

# Syngjandi skemmtileg jólastemning

Í Smáralind er mikið úrval af frábærum verslunum og veitingastöðum og spennandi afþreying fyrir alla aldurshópa. Komdu í Smáralind og gerðu öll jólainnkaupin á einum stað og njóttu þess að eiga notalegar stundir í leiðinni.

**Við tökum á móti þér í jólaskapi!**



**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Gunnlaugur Sigmundsson hefur játað að hafa sent Teiti Atlasyni óviðurkvæmileg SMS. Fyrir hvaða flokk sat hann á þingi frá 1995 til 1999?*

**2.** *Alþjóðaglæpadómstóllinn hefur gefið út handtökuskipun á hendur fyrrverandi forseta Fílabeinsstrandarinnar. Hvað heitir hann?*

**3.** *Hver er andlit nýja herrailmsins frá Gyðju Collection?*

**SVÖR**

*1. Framsóknarflokkinn. 2. Laurent Gbagbo. 3. Þorvaldur Davíð Kristjánsson.*

Bloggari dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir meiðyrði og ummæli hans dauð og ómerk:

# Bloggið kostaði samtals 950 þúsund krónur

**DÓMSMÁL** Bloggari hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða konu þrjú hundruð þúsund krónur í miskabætur fyrir meiðyrði, sem hann viðhafði um hana á bloggsíðu sinni. Þá voru ummæli sem birtust á síðunni dæmd dauð og ómerk. Dómari telur það vera „tilefnislaust og óviðurkvæmilegt“ að rifja upp tuttugu ára gamlan dóm yfir konunni og þrjátíu ára gamla dómssátt konunnar. Sú fullyrðing bloggarans að hún eigi langan brotaferil að baki sé úr lausu lofti gripin og ekki sannleikanum samkvæmt.

Tilefni þessa máls er nágrannaerjur í Aratúni í Garðabæ sem staðið hafa yfir um árabil. Tvær nágrannafjölskyldur höfðu eldað grátt silfur og er bloggarinn vinur annarrar fjölskyldunnar. Hann taldi sig vera að taka upp hanskann fyrir hana og birti á vefsvæði sínu grein með fyrirsögninni „Siðblint ofbeldisfólk og ráðalaus lögregla“ síðasta sumar. Þar ritaði hann um „hrottalegar ofsóknir“ sem vinafólk hans átti að hafa sætt af hálfu nágranna sína. Í dómsniðurstöðu segir að þótt ætla verði bloggurum svigrúm til þess að fjalla um málefni sem eigi erindi til almennings og séu hluti af þjóðfélagsumræðu verði „að gera þær kröfur til þeirra að umfjöllunarefni þeirra séu sett fram með málefnalegum hætti“.

Jafnframt að þó að konan hafi sýnt af sér ólíðandi hegðun í garð nágranna sinna þyki ekki hafa verið sýnt fram á að hún hafi sýnt af sér ofbeldi í garð þeirra.

Auk þess að greiða konunni þrjú hundruð þúsund krónur í miskabætur þarf hann að greiða allan málskostnað, sem er sex hundruð og fimmtíu þúsund krónur. **- jss**




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Kvað upp bloggdóminn.


**NÝ LÖG UM GREIÐSLU-ÞJÓNUSTU TAKA GILDI Í DAG 1. DESEMBER**

Í dag, 1. desember taka gildi lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Lögin fela í sér innleiðingu á Evrópulöggjöf um greiðsluþjónustu (2007/64/EC).

Lögin efla rétt neytenda þegar kemur að bankaviðskiptum og kveða m.a. á um upplýsingagjöf og gagnsæi við veitingu greiðsluþjónustu. Jafnframt er markmið laganna að efla enn frekar réttarvernd neytenda.

Hægt er að kynna sér málið nánar á heimasíðum banka og sparisjóða.

SFF SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Icelandic Financial Services Association


# Helstu seðlabankar koma til bjargar

**Fjármálaráðherrum Evrópusambandsins tókst ekki að ljúka við útfærslu á því hvernig neyðarsjóður evruríkjanna yrði efldur. Útfærslan bíður nú leiðtogafundar ESB í næstu viku. Inngrip seðlabankanna sex hjálpar til á meðan.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankar Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, Englands, Kanada, Japans og Sviss hafa tekið höndum saman til að auðvelda bönkum að útvega sér fé í kreppunni miklu, sem allt stefndi í að myndi kæfa fjármálakerfi heimsins að stórum hluta.

Seðlabankarnir hafa meðal annars lækkað vexti á neyðarlánum í dollurum, sem bankar geta notað til að lána áfram til fyrirtækja eða einstaklinga. Þessi neyðarlán verða nú í boði til febrúar 2013 í stað ágúst 2012.

Verðbréfamarkaðir tóku myndarlega við sér í kjölfarið og hækkuðu vísitölur víðast hvar um þrjú til fjögur prósent.

Ótti við hugsanlegt hrun evrunnar hefur valdið því, að bankar í Evrópulöndum eiga erfitt með að útvega sér fé frá öðrum bönkum til daglegra viðskipta. Bankar hika við að lána hverjir öðrum af ótta við að fá lánin ekki endurgreidd. Innspýtingin frá seðlabönkunum sex leysir þetta vandamál í bili.



**MARIO MONTI OG MARIO DRAGHI** Forsætisráðherra Ítalíu, sem jafnframt er fjármálaráðherra landsins, ræðir við bankastjóra Seðlabanka Evrópusambandsins á fundi fjármálaráðherra Evrópusambandsríkjanna í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta gerðist sama daginn og ljóst varð að fjármálaráðherrum Evrópusambandsins tókst ekki að tryggja neyðarsjóði evrusvæðisins nægа fjármuni til að hjálpa skuldugustu evruríkjunum í gegnum kreppuna.

Evruríkin ákváðu fyrr í vetur að efla neyðarsjóðinn með því að gera honum kleift að útvega sér fé með öðrum hætti en beinum framlögum frá evruríkjunum. Til stóð að ljúka nánari útfærslu þess á fundi fjármálaráðherranna í Brussel nú í vikunni, en það verkefni bíður nú næsta leiðtogafundar Evrópusambandsins, sem haldinn verður í næstu viku.

Svo virðist sem útfærslan hafi ekki síst strandað á því að Kína og fleiri ríki hafi ekki haft áhuga á að fjárfesta nógu mikið í skuldabréfum, sem neyðarsjóður evruríkjanna gæti gefið út, þannig að sjóðurinn myndi ekki fá nægilega mikið fé til umráða.

Þess í stað eru nú komnar upp hugmyndir um að fá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til liðs við neyðarsjóðinn og útvega viðbótarfé til hans.

Jafnframt þessu bíða leiðtogafundarins þær frekari aðgerðir til bjargar evrunni, sem óhjákvæmilegt þykir að ráðast í. Meðal annars hafa verið nefndar hugmyndir um að sterkustu evruríkin myndi með sér nýtt bandalag kjarnaríkja evrusvæðisins, sem fælist í miklu nánara samstarfi í fjármálum en til þessa hefur náðst sátt um.

Harðar deilur hafa verið milli evruríkjanna um þessar hugmyndir, sem og um aðrar hugsanlegar lausnir á vandanum.

**gudsteinn@frettabladid.is**


uno cucina italiana

**Jólaveislan á UNO er byrjuð**



- Fordrykkur Prosecco
- Smakk að hætti kokkanna
- Mini borgari með léttreyktri önd, rauðlaukssultu og ítalskri capers-gúrkusósu
- „Hrefnucarpaccio“ með fenniku, ólífum, fennel mayo, prosciutto mulningi og ilmríkri sítrónuolíu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með ítalskri steinselju og grilluðu brauði
- Villisveppa-risotto með gorgonzola
- „Hangikjötscarpaccio“ með baby mozzarella, hnetum, parmesan og klettakálspestói
- Kalkúnabringa með rósmarín kartöflum, gulrótar mauki, hægelduðum fennel og pancettasósu
- Svart cappellini með humar, bláskel, hvítlauk og chili
- Dádýrafillet með rösti kartöflu, parmaskinku vafinni fikju, svartrót og rósmarinsósu
- Tiramisu, klassískur eftirréttur að hætti ítala
- Skyr Panna cotta með hvítu súkkulaði, jarðaberjum og lime
- Súkkulaði brownie með ítölskum jólais
- Tuborg jólabjór
- Kaffi og Nóa konfekt

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Tel. 561 1313 | uno.is





BYLGJAN 25 ÁRA 989

**Hemmi Gunn – og svaraðu nú!**

**Fjölbreyttur og fjörugur þáttur**

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel


Mikið tjón hjá Pennanum í Vestmannaeyjum í eldsvoða:

# Ótryggt innbú eyðilagðist í bruna

**BRUNI** „Við vorum byrjuð að endurnýja allt innbúið hjá okkur með nýjum vörum, húsgögnum og gólfefni. Það er allt í rúst,“ segir Þröstur Johnsen, eigandi Drífanda í miðbæ Vestmannaeyja, sem skemmdist gríðarlega í miklum bruna á aðfaranótt miðvikudags.

Þröstur rekur hótel í húsinu, en hann er einungis með almenna brunatryggingu en enga innbústryggingu. Hótelið er algjörlega óstarfhæft en var mannlaust þegar bruninn uppgötvaðist.

„Þetta var allsjokkerandi að sjá. Það er spurning hvort eitthvað er eftir sem er hægt að bjarga,“ segir Þröstur.

Í húsinu var starfrækt verslun Pennans Eymundsson sem var opnuð nýverið. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Ingþór Ásgeirsson, telur allar vörur í búðinni ónýtar.

„Þetta er töluvert tjón. Við ráðgerum að allar vörur og tækjabúnaður séu nánast ónýt,“ segir hann. Brugðist var fljótt við brunanum og er búist við því að nýjar vörur komi til Vestmannaeyja í dag, en unnið er af kappi við að finna versluninni nýtt húsnæði sem verði opnað á allra næstu dögum.

Talið er að eldurinn hafi átt upptök sín í þvottahúsi hótelsins, en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Vestmannaeyjum voru þurrkari og þvottavél í gangi þegar tilkynnt var um eldinn klukkan þrjú á þriðjudagsnótt. Eins og áður sagði var húsið mannlaust. Allt tiltækt slökkvilið var sent á staðinn og gekk í fyrstu greiðlega að slökkva eldinn. Hann blossaði þó upp á ný og var verið að berjast við hann þar til undir morgun. **- sv**



**MIKIÐ TJÓN** Byggingin sem hýsti Pennann og hótelið skemmdist mikið í brunanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

NOKIA

# N9




# ENDALAUSIR MÖGULEIKAR

3.9 tommu skjár

Allt að 64 GB minni

1 GHz örgjörvi 1 GB vinnsluminni

8 MP myndavél með Carl Zeiss linsu

Nokia Maps

NFC Stuðningur



Nokia N9 fer alveg nýjar leiðir í hönnun og hugmyndafræði, sem skilar sér í framúrskarandi hraða og vinnslugetu. Einfaldleiki í notkun og fágað útlit einkenna N9 og hann býr yfir öllu því besta sem Nokia býður upp á, til dæmis Nokia Maps og Nokia Messaging tölvupóstlausninni.

Nokia N9 fékk hæstu einkunn fyrir hönnun hjá samtökum fagtímarita um farsíma bæði í Danmörku og Svíþjóð, þar sem N9 var valinn sími ársins!

Prófaðu eitthvað nýtt og öðruvísi. Prófaðu Nokia N9.

VINNARE AV Guld MOBILEN 2011 mobil Business

Vinder Mobil Awards Bedste design 2011 Magasinet mobil

NOKIA

# Semja um skattamál stóriðjunnar

**Álagningu kolefnisgjalds á rafskaut hefur verið frestað. Samið verður um skattaumhverfi orkufreks iðnaðar. Raforkuskattur sem skilað hefur tveimur milljörðum árlega leggst af í árslok 2012. Stjórnvöld leita leiða til að missa ekki þá upphæð.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvers vegna átti að leggja á kolefnisgjöld?

Fjármálaráðherra féll frá fyrirhuguðu kolefnisgjaldi á rafskaut, koks og kol, en gjaldið var að finna í bandormi um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ætlunin var að gjaldið skilaði 1,5 milljörðum króna í tekjur árið 2013.

Árið 2009 var settur á sérstakur raforkuskattur með samkomulagi við orkufrekan iðnað. Hann hefur skilað um tveimur milljörðum króna árlega í ríkissjóð, en rennur sitt skeið á enda í árslok 2012.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það ætlun ráðuneytisins að kolefnisgjaldið kæmi í stað raforkuskattsins. Nú, þegar fallið hefur verið frá gjaldinu, liggur fyrir að semja um skattaumhverfið. Í ráðuneytinu er talið að ríkissjóður hafi ekki efni á að missa þann spón úr aski sínum.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðanda, segir að ekki hafi verið falast eftir samkomulagi um framlengingu raforkuskattsins. Samkomulagið frá 2009 hafi verið nokkuð skýrt með það að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða, síðan yrði farið í ETS-umhverfið, sem þýði gjaldtöku og tekjur fyrir ríkissjóð.

ETS stendur fyrir alþjóðlegt viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda. Það kemst á í áföngum og að fullu árið 2013. Með því þurfa fyrirtæki að kaupa



**ELKEM** Einar Þorsteinsson, forstjóri Elkem á Íslandi, hefur sagt að samkeppnishæfni Íslands í járnblendi hverfi með verði kolefnisgjald lagt á fyrirtækin.

sér kvóta fyrir útblástur gróðurhúsalofttegunda. Það skapar ríkissjóði tekjur og hvetur um leið fyrirtæki til að draga úr losuninni.

Forsvarsmenn stóriðjunnar töldu kolefnisgjaldið brot á viðauka við fjárfestingasamninga fyrirtækjanna sem gerðir voru í janúar 2010, þar sem fyrirtækin samþykktu að greiða fyrirfram greiddan tekjuskatt næstu þrjú ár. Gegn þessu telja stóriðjufyrirtækin sig hafa fengið loforð um að ekki yrði lögð á þau auknir skattar. Í viðaukanum segir að skattheimta „feli almennt ekki í sér lakari starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.“



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Stóriðjan telur að með kolefnisgjaldinu sé starfsumhverfi fyrirtækjanna gert lakara hér en í viðmiðunarlöndum, þar sem fyrirtæki þurfa ekki að greiða umrætt gjald.

Í fjármálaráðuneytinu er sú skoðun hins vegar uppi að ekki sé hægt að horfa einungis á kolefnisgjaldið þegar starfsskilyrði stóriðjunnar eru metin. Horfa verði til þess að skattar á fyrirtæki eru lágir hér, í Evrópu séu þeir aðeins lægri á Írlandi. Þá þurfi fyrirtækin ekki að borga tolla af aðföngum, ólíkt því sem gerist í Evrópusambandinu, og þar til viðbótar sé orkuverð lágt hér á landi. Að öllu samanlögðu séu starfsskilyrðin því mun hagstæðari hér en í öðrum Evrópuríkjum, jafnvel þó kolefnisgjaldið verði lagt á. kolbeinn@frettabladid.is




Opnar eftir áramótin:

## Birna stýrir Evrópustofu

**EVRÓPUMÁL Birna Þórarinsdóttir stjórnmálafræðingur hefur verið ráðin framkvæmdastýra Evrópustofu. Evrópustofa verður opnuð eftir áramót og verður upplýsingamiðstöð Evrópusambandsins.**

**Birna var yfirmaður verkefnaskrifstofu UNIFEM í Serbíu og Svartfjallalandi 2008 til 2010 og áður framkvæmdastýra landsnefndar stofnunarinnar árin 2004 til 2006. Hún hefur starfað fyrir utanríkisráðuneytið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í jafnréttismálum. Þá hefur hún kennt við Háskóla Íslands og Háskólann á Bifröst.** - þeb

Þingmenn Sjálfstæðisflokks:

## Vilja fá skýrslu um Schengen

**ALÞINGI** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur ásamt átta öðrum þingmönnum flokksins farið fram á að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um Schengen-samstarfið.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Í greinargerð með beiðni þingmannanna segir að nauðsynlegt sé að meta þátttöku Íslands í samstarfinu sem nú hafi verið í gangi í tíu ár. Gera þurfi úttekt á kostum og göllum við samstarfið, og hvort meiri ávinningur væri af því að standa utan við það.

Þá vilja þingmennirnir upplýsingar um hvort dýrara sé fyrir Ísland að taka þátt í samstarfinu en að standa utan þess. - bj

**DÓMSMÁL**

**Ölvaður ökuþór dæmdur**

Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm á skilorði fyrir þjófnað, nytjastuld, ölvunar- og hraðakstur og fyrir að aka sviptur ökurétti. Með brotum sínum rauf hann skilorð og var skilorðsdómurinn tekinn upp og hann dæmdur fyrir bæði málin.

ÓÐALS

# OSTAR

ÚR FÓRUM MEISTARANS

## ALDAGÖMUL HEFÐ ÞROSKUÐ Í ÍSLENSKU UMHVERFI

Íslenskir mjólkurbændur kynna með stolti hina íslensku Óðalsosta. Átta ostar byggðir á alþjóðlegri hefð og fullkomnaðir með besta hráefni sem völ er á — íslenskri mjólk.

**ERTU NÓGU ÞROSKAÐUR FYRIR BRAGÐIÐ?**



ÍSLENSKA/SIA.IS/ MSA 57426 11/11

**FRÉTTASKÝRING:** Fjármál stjórnmálaflokkanna

### Samfylkingin

| Hæstu styrkir fyrirtækja | Upphæð |
|---|---|
| Alþýðuhús Reykjavíkur | 347.000 |
| Atlantsolía | 300.000 |
| Fagtak | 300.000 |
| Icelandair | 300.000 |
| N1 | 300.000 |
| Norvik | 300.000 |
| Samkaup | 300.000 |
| Sigfúsarsjóður | 300.000 |
| SP verktakar | 300.000 |
| Borgun | 250.000 |
| Heildarstyrkir frá lögaðilum | 6.014.000 |
| Framlög einstaklinga, þar með talin félagsgjöld | 21.070.440 |
| Framlög hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) | 133.189.569 |
| Samtals | 160.374.009 |

### Vinstrihreyfingin – grænt framboð

| Hæstu styrkir fyrirtækja | Upphæð |
|---|---|
| Atlantsolía | 300.000 |
| KEA | 200.000 |
| Marel | 200.000 |
| KEA | 200.000 |
| N1 | 150.000 |
| Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur | 70.000 |
| Samherji | 50.000 |
| Samkaup | 50.000 |
| Fm-þjónusta | 40.000 |
| Guðmundur Tyrfingsson ehf. | 35.000 |
| Heildarstyrkir frá lögaðilum | 1.582.000 |
| Framlög einstaklinga, þar með talin félagsgjöld | 28.570.817 |
| Framlög hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) | 100.453.853 |
| Samtals | 120.606.670 |

### Besti flokkurinn

| Allir styrkir fyrirtækja | Upphæð |
|---|---|
| Atlantsolía | 100.000 |
| Skólavefurinn | 100.000 |
| Góa-Linda sælgætisgerð | 50.000 |
| Lýsi | 50.000 |
| Prentsmiðjan Oddi | 50.000 |
| Lögmannsstofan Skipholti | 21.000 |
| Aseta | 20.000 |
| Heildarframlög lögaðila | 391.000 |
| Framlög einstaklinga, þar með talin félagsgjöld | 1.283.300 |
| Framlag Reykjavíkurborgar | 6.011.000 |
| Samtals | 7.685.300 |

### Sjálfstæðisflokkurinn

| Hæstu styrkir fyrirtækja | Upphæð |
|---|---|
| Arkur | 400.000 |
| Brim | 400.000 |
| Gjögur | 400.000 |
| Guðmundur Runólfsson hf. | 400.000 |
| HB Grandi | 400.000 |
| Hraðfrystihúsið Gunnvör | 400.000 |
| Hvalur | 400.000 |
| Icelandair Group | 400.000 |
| Icelandic Group | 400.000 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 400.000 |
| KPMG | 400.000 |
| Lýsi | 400.000 |
| Mannvit | 400.000 |
| N1 | 400.000 |
| Saltver | 400.000 |
| Samherji | 400.000 |
| Skeljungur | 400.000 |
| Tryggingamiðstöðin | 400.000 |
| Vátryggingafélag Íslands | 400.000 |
| Vinnslustöðin | 400.000 |
| Ægir Invest | 400.000 |
| Heildarframlög lögaðila | 24.315.101 |
| Framlög einstaklinga, þar með talin félagsgjöld | 38.280.163 |
| Framlög hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) | 123.061.609 |
| Samtals | 185.656.873 |

### Lofar þriðju endurgreiðslu fyrir lok árs

Formaður Sjálfstæðisflokksins lofaði vorið 2009 að flokkurinn mundi endurgreiða tvo styrki sem hann þáði frá FL Group og Landsbankanum árið 2006, rétt áður en lög um fjármál stjórnmálasamtaka tóku gildi. Styrkurinn frá FL Group nam 30 milljónum og styrkurinn frá Landsbankanum 25 milljónum.

Ákveðið var að endurgreiða upphæðina með jöfnum árlegum greiðslum í átta ár. Að sögn Jónmundar Guðmarssonar hefur flokkurinn staðið skil á fyrstu tveimur greiðslunum en ekki þeirri sem greiða átti í ár. Það verði þó gert fyrir árslok.

### Hreyfingin

Hreyfingin þáði ekki einn einasta styrk annan en þann frá ríkinu árið 2010. Sá styrkur nam þremur milljónum og 860 þúsund krónum.



**DÝRT ÁR** Árið 2010 var Sjálfstæðisflokknum dýrt. Þá fóru fram sveitarstjórnarkosningar auk þess sem haldinn var landsfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 110 milljóna tap hjá Sjálfstæðisflokki

**Lakt gengi Sjálfstæðisflokksins í kosningunum 2009 kemur illa við fjárhaginn. Skuldir þrefölduðust milli ára. Vinstri græn og Hreyfingin högnuðust í fyrra ein flokka. VG skuldar 40 milljónir umfram eignir.**

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn tapaði 110 milljónum króna árið 2010, samkvæmt útdrætti úr ársreikningi flokksins, sem Ríkisendurskoðun hefur birt á vef sínum.

Tapið er tveimur og hálfu sinni meira en árið áður, þegar það nam 46 milljónum.

„Þetta skýrist fyrst og fremst af lækkun framlagsins frá Alþingi, sem kemur til vegna kosningaúrslitanna 2009,“ segir Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins.

Flokkurinn tapaði rúmlega þriðjungi þingmanna sinna í kosningunum, fór úr 25 þingmönnum í 16. Það lækkaði framlag ríkisins til flokksins úr 159 milljónum árið 2009 í 99 milljónir árið 2010.

„Tekjurnar bara lækka og svo eru kosningar og landsfundur sama ár,“ útskýrir Jónmundur.

Skuldir flokksins þrefölduðust nánast milli ára. Þær voru tæpar 78 milljónir árið 2009 en eru nú tæpar 217 milljónir. Á móti á flokkurinn eignir sem nema 465 milljónum. Þær hafa rýrnað um 160 milljónir á milli ára.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hagnaðist um 14,3 milljónir á síðasta ári og skuldar nú tæpar 104 milljónir króna, eða rúmar 39 milljónir króna umfram eignir. Grynnkað hefur á skuldunum síðan í árslok 2009, þegar flokkurinn skuldaði 123 milljónir, eða tæpar 53 milljónir umfram eignir.

Samfylkingin tapaði tæpum sjö milljónum í fyrra og skuldar nú 110 milljónir, sem er rúmum þremur milljónum meira en árið áður. Á móti á flokkurinn eignir upp á 133 milljónir.

Upplýsingar um fjármál fjórða stóra flokksins á þingi, Framsóknarflokks, liggja ekki enn fyrir.

Hrólfur Ölvisson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, segir að reikningi flokksins verði skilað á næstu dögum. Skilafrestur rann út 1. október og segir Hrólfur að seinaganginn megi rekja til þess hversu illa hafi gengið að afla upplýsinga frá aðildarfélögum sem eru dreifð um landið. Vegna þessa hafi lögum flokksins verið breytt á síðasta flokksþingi í þá veru að aðildarfélög þyrftu að skila fjárhagsupplýsingum inn til flokksskrifstofunnar fyrir 15. maí á hverju ári.

> Þetta skýrist fyrst og fremst af lækkun framlagsins frá Alþingi, sem kemur til vegna kosningaúrslitanna 2009.
>
> **JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Hreyfingin skilar tveimur ársreikningum, annars vegar reikningi Hreyfingarinnar og hins vegar reikningi þinghóps hreyfingarinnar.

Þinghópurinn fékk tæpar 3,9 milljónir í framlag frá ríkinu, varði rúmum tveimur í rekstur og hagnaðist um mismuninn: 1,8 milljónir. Hann þáði enga aðra styrki. Flokkurinn skuldar einungis tæpar 300.000 krónur. Eina hreyfingin á reikningi Hreyfingarinnar var hins vegar móttaka 300 þúsund króna styrks frá þinghópnum. Af því fóru 96 þúsund krónur í rekstur.

Besti flokkurinn, sem bauð í fyrsta skipti fram í borgarstjórnarkosningum í fyrra, tapaði þremur milljónum þrátt fyrir að hafa fengið vel á áttundu milljón í tekjur.



**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is


# Ísland allt árið
# Þróunarsjóður

Landsbankinn og iðnaðarráðuneytið auglýsa eftir umsóknum um styrki í Ísland allt árið – þróunarsjóð.

Markmið þróunarsjóðsins er að styrkja þróun afurða og upplifana utan háannatíma ferðaþjónustu og auka arðsemi fyrirtækja. Samtals verða veittir styrkir úr sjóðnum að upphæð 35 milljónir kr.

Annars vegar verður stutt við verkefni fyrirtækja sem lengt geta ferðamannatímann á tilteknum svæðum og hins vegar við samstarfsverkefni fyrirtækja sem vilja sameiginlega þróa þjónustu sem haft getur sömu áhrif víðar um landið.

Í umsókn þurfa að koma fram skýrar hugmyndir um þá þjónustu og upplifun sem skila eiga í senn aukinni atvinnu og varanlegum verðmætum. Verkefnin verða að koma til framkvæmda innan þriggja ára frá því að styrkur er veittur.

Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2012 og er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir í febrúar.

Allar nánari upplýsingar er að finna á landsbankinn.is.

COME AND BE INSPIRED BY ICELAND
Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

# netto

Kræsingar & kostakjör…
…um jólin

## UNDIRBÚUM JÓLIN
## TÍMANLEGA Í ÁR!

markhonnun.is



40% afsláttur

KJÖTSEL

**HAMBORGAR-HRYGGUR**

**1.197 kr/kg**
áður 1.995 kr/kg



BAYONNESKINKA
40% afsláttur
KJÖTSEL
**1.199 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg



GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN, NÝR
29% afsláttur
KJÖTSEL
**498 kr/kg**
áður 698 kr/kg



KJÚKLINGABRINGUR OKKAR
**2.295 kr/kg**
Tilboðsverð!



LAUFABRAUÐ 8.STK.
**798 kr/pk.**
áður 998 kr/pk.



BLEIKJUKABARETT SÞ
25% afsláttur
**2.998 kr/kg**
áður 3.989 kr/kg



CADBURY ROSES 800 G DÓS
**1.989 kr/ds.**
Tilboðsverð!



TOBLERONE TABELLE 160 G
**699 kr/pk.**
Tilboðsverð!



JAMBAL JUICE 3 TEG. 227 G
2 FYRIR 1
**398 kr/2pk.**
2 fyrir 1 tilboð

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

**Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn
Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 1. - 4. desember**
eða meðan birgðir endast

# Jólagjöfin fæ

iPod
Verð frá: 9.990

Mac mini
Verð frá: 129.990

Magic Mouse
Verð: 12.990

Fartölvur
Verð frá: 179.990



# est hjá epli.is



iMac
Verð frá: 234.990



iPhone 4
Verð frá: 99.990

iPad 2
Verð frá: 84.990

epli.is

**Laugavegi 182** | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16
**Smáralind** | Opið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18



**SYDNEY Á ALNÆMISDEGI** Óperuhúsið í Sydney í Ástralíu var baðað rauðu ljósi og með mynd af tveimur bláum höndum í tilefni alþjóðlega alnæmisdagsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Kongó framlengdar tvisvar vegna vandræða við framkvæmdir:

# Frambjóðendur vilja ógildingu kosninga

**KONGÓ, AP** Fjórir af ellefu forsetaframbjóðendum í Eystra-Kongó hvetja til þess að forsetakosningarnar, sem hófust á mánudag, verði úrskurðaðar ógildar.

Kosningarnar hafa verið framlengdar, fyrst á þriðjudag og svo aftur í gær, vegna erfiðleika við framkvæmd þeirra. Ekki síst hefur gengið erfiðlega að koma kjörgögnum á kjörstaði, enda eru innan við tvö prósent þjóðvega landsins malbikuð og sum héruð eru svo afskekkt að fótgangandi burðarmenn þurfti til að flytja kjörkassa og kosningaseðla þangað langar leiðir, og sums staðar yfir ár og fljót á léttum eintrjáningsbátum. Jafnvel í höfuðborginni Kinshasa hefur framkvæmdin sums staðar misfarist, kjörgögn ekki borist á réttum tíma eða kjörseðlar ekki reynst nógu margir.

Þetta eru aðrar forsetakosningar landsins síðan blóðugri borgarastyrjöld lauk árið 2003. Núverandi forseti er Joseph Kabila, sem tók við af þá nýmyrtum föður sínum árið 2003 og var síðan kosinn forseti árið 2006.

Kjörtímabil hans rennur út í næstu viku. Óttast er að átök geti blossað upp á ný verði ekki almenn sátt í landinu um niðurstöður kosninganna. - gb



**KJÖRSEÐLAR Í POKUM** Starfsfólk tók við útfylltum kjörseðlum af vörubílspöllum. NORDICPHOTOS/AFP






Hátíð vegna fullveldisdagsins:

## Aldrei fleiri doktorar í HÍ

**MENNTUN** Fimmtíu doktorsvarnir fara fram í Háskóla Íslands á þessu ári og hafa þær aldrei verið fleiri.

Doktorsnemar sem hafa varið ritgerðir við Háskóla Íslands á árinu taka við gullmerki skólans í dag, þegar efnt er til hátíðar brautskráðra doktora í skólanum í fyrsta sinn.

Hátíðin er hluti af fjölbreyttri dagskrá háskólans í tilefni af fullveldisdeginum. Meðal annars mun Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ávarpa stúdenta og gesti. Stúdentar hafa haldið fullveldisdaginn hátíðlegan frá árinu 1922, eða í 89 ár. - þeb

206 þúsund lítrar seldir:

## Jólabjórinn selst vel að venju

**NEYTENDUR Sala á jólabjór hefur farið vel af stað þetta árið. Nú þegar hafa 206 þúsund lítrar selst, samkvæmt upplýsingum frá Vínbúðinni. Tuborg jólabjórinn virðist vera að koma sterkur inn, en ríflega 80 þúsund lítrar hafa selst af hinum danska drykk síðan 15. nóvember. Það gerir meira en þriðjung af heildarsölu jólabjórsins.**

**Í tilkynningu frá Vínbúðinni segir að salan í ár hafi hafist tveimur dögum fyrr en á síðasta ári og gefi það ögn skekkta mynd af samanburði. Alls seldust 330 þúsund lítrar árið 2010, sem var margfalt meira en árið 2009. - sv**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra svarar ekki fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur.

Forsætisráðherra svarar ekki:

## Fyrirspurnin of viðamikil

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra svarar ekki fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um hversu miklu fé opinberir aðilar verji til vísindarannsókna og nýsköpunar.

Í skriflegu svari við fyrirspurn Þorgerðar segir Jóhanna að málið varði ekki bara forsætisráðuneytið heldur öll ráðuneytin. Rétt hefði verið að beina fyrirspurninni til fleiri ráðherra. Þá þyrfti að leggja mikla vinnu í svarið, og ekki hægt að svara því „í stuttu máli“ eins og gert sé ráð fyrir í fyrirspurnum til ráðherra.

Jóhanna segir að lokum að sé það vilji Alþingis væri hægt að fela Ríkisendurskoðun að vinna skýrslu um málið. - bj

Fátæktarmörk hækkuð:

# Fátækir urðu fimmfalt fleiri

**KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld hafa breytt skilgreiningu sinni á fátækt, með þeim afleiðingum að nú eru 128 milljónir Kínverja skráðir undir fátæktarmörkum.**

**Fyrir breytinguna voru fátækir aðeins taldir vera 28 milljónir, en með breytingunni hafa fátæktarmörkin verið hækkuð upp í tæpar 120 krónur á dag.**

**Fátæktarmörkin í Kína eru engu að síður enn lægri en viðmiðun Alþjóðabankans, sem er tæpar 150 krónur á dag.**

- gb

Seðlabankinn vinnur skýrslu um mögulega kosti í gjaldeyrismálum:

# Einhliða upptaka myntar allt of hættuleg

**EFNAHAGSMÁL** Allt of hættulegt er að taka einhliða upp mynt annars lands án þess að vera í samstarfi við landið að mati Más Guðmundssonar, bankastjóra Seðlabanka Íslands. Hann segir nauðsynlegt að hafa bakhjarl í seðlabanka viðkomandi lands.

Þetta kom fram á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær. Fulltrúar Seðlabankans svöruðu þar spurningum nefndarmanna um ýmislegt er lýtur að peningastefnumálum.

Már sagði einboðið að raungengi íslensku krónunnar mundi hækka, enda væri það í sögulegu lágmarki. Hann sagði flókið í fjárhagslegu samhengi að reka sjálfstæða peningastefnu með fullkomlega frjálsu fjármagnsflæði og lítinn gjaldmiðil. Lausnin á því vandamáli gæti verið að vera áfram með einhvers konar gjaldeyrishöft eða að stilla hagkerfið betur af og mismunandi þætti í efnahagskerfinu.

Alla kosti þyrfti að skoða vel og sérfræðingar Seðlabankans væru í þeirri vinnu nú um mundir. Á fyrri hluta næsta árs er von á skýrslu bankans um málið.

Már sagði hættu fólgna í því að bankakerfið væri í erlendri mynt án þess að möguleiki væri á því að veita bönkunum nokkra fyrirgreiðslu gegn veðum. Í því fælist mikil áhætta.

- kóp



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson telur hættulegt að taka einhliða upp mynt annars lands án þess að vera í samstarfi við viðkomandi land um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TUNGLMYRKVI** Tunglmyrkvi verður yfir Íslandi hinn 10. desember. Almyrkvað verður yfir Austurlandi.

Tunglmyrkvi sést 10. des.:

# Almyrkvi verður fyrir austan

**NÁTTÚRA** Tunglmyrkvi verður á Íslandi 10. desember næstkomandi. Fram kemur á Vísi að myrkvinn muni sjást sem almyrkvi á austanverðu landinu en sem deildarmyrkvi vestanlands, svo fremi að ekki verði skýjað.

Samkvæmt vef Almanaks Háskóla Íslands hefst almyrkvinn þegar enn er dagsbirta á Íslandi. Austast á landinu sést tunglið almyrkvað þegar það kemur upp fyrir sjóndeildarhringinn undir lok almyrkvans.

Almyrkvar á tungli sjást að meðaltali á tveggja til þriggja ára fresti frá hverjum stað á jörðinni. Stutt er þó frá síðasta tunglmyrkva á Íslandi, en hann var 21. desember í fyrra og sást í 74 mínútur.

Fjórir mánuðir á skilorði:

# Var með kannabisefni og stera

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa í fórum sínum rúm sjötíu grömm af kannabisefnum, sextíu millilítra af vefjaukandi sterum svo og áfengisbrugg.**

**Hjá manninum fundust rúmlega 25 lítrar af heimabrugguðu áfengi í 52 flöskum, auk sérhæfðra áhalda til að eima og sía áfengi. Þá lagði lögregla hald á vog og fjölmarga litla plastpoka við rannsókn málsins. Maðurinn var þó ekki sakfelldur fyrir fíkniefnadreifingu eða sölu.**

**Hann hafði fyrr á árinu hlotið dóm fyrir líkamsárás og hótanir.**

- jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kannabis í Mosfellsbæ

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í Mosfellsbæ í gærkvöld. Við húsleit á áðurnefndum stað var lagt hald á rúmlega 150 kannabisplöntur. Þrír karlmenn, tveir á fertugsaldri og einn á fimmtugsaldri, voru handteknir og yfirheyrðir. Þeir játuðu allir aðild að málinu.




**FRÉTTASKÝRING:** Fjárlögin 2012

# Draga úr niðurskurði og bæta í útgjöld

**Meirihluti fjárlaganefndar gerir umtalsverðar breytingar á fjárlögum. Alls aukast útgjöld um tæpt eitt prósent miðað við fjárlagafrumvarpið. Flestar tillögurnar lúta að velferðarmálum, enda um langstærsta málaflokkinn að ræða. Frumvarpið var samþykkt til annarrar umræðu í gær. Þingmenn boða að frekar verði dregið úr niðurskurði við þriðju umræðu.**



**FJÖLMENNTU Á ÞINGPALLA** Starfsfólk Landspítala Íslands fjölmennti á þingpalla á þriðjudag þegar önnur umræða um fjárlög hófst. Samþykkt var í gær, að tillögu meirihluta fjárlaganefndar, að auka fjárheimildir spítalans um 14 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjárlög ársins 2012 voru samþykkt til þriðju umræðu á Alþingi í gær. Fjölmargar breytingartillögur komu fram við frumvarpið; bæði frá meirihluta fjárlaganefndar og minnihlutum. Allar tillögur meirihlutans voru samþykktar, en tillögum minnihlutans hafnað. Ein sameiginleg tillaga leit dagsins ljós, en nefndarmenn sammæltust um að leggja til breytt vinnulag varðandi fjárlög.

Meðal breytinga sem nefndin leggur til er að gert er ráð fyrir að Alþingi hætti úthlutunum á styrkjum til ýmissa verkefna á vegum félaga, samtaka og einstaklinga en úthlutunin mun flytjast til lögbundinna sjóða, menningarráða landshluta, ráðuneyta eða annarra sem sjá um eða bera ábyrgð á fjárveitingum til viðkomandi málaflokka.

„Þessi breyting er liður í því að stuðla að skilvirkara verklagi við fjárlagagerð þingsins þannig að vinna fjárlaganefndar og umræður í þinginu geti beinst meira að markmiðum ríkisfjármála, heildarstærðum, forgangsröð og áherslum í málaflokkum,“ líkt og segir í nefndaráliti meirihlutans.

### Velferðarmál fyrirferðarmest

Breytingartillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að útgjöld verði aukin. Gert var ráð fyrir útgjöldum upp á um 531.869 þúsund krónur, en þau verða 535.930. Það þýðir að dregið verður úr niðurskurðarkröfu um tæplega 4,1 milljarð króna, verði tillögurnar að veruleika.

Velferðarráðuneytið tekur til sín rúmlega 42 prósent af öllum ríkisútgjöldum. Tillögurnar gera ráð fyrir því að útgjöld til velferðarráðuneytisins verði aukin um tæpa tvo milljarða, miðað við það sem lagt var til í fjárlögum. Það er þó innan við eins prósent aukning á útgjöldum ráðuneytisins.

Í prósentum talið verður hækkun til æðstu stjórnar ríkisins aukin mest, eða um 10,7 prósent sem jafngildir 351 milljónar króna hækkun. Hækkun útgjalda til innanríkisráðuneytisins nemur 1,1 milljarði króna, samkvæmt tillögunum.

### Frekari umbætur

Þingmenn gerðu margir hverjir grein fyrir atkvæði sínu eða tjáðu sig um atkvæðagreiðslu. Stjórnarliðar fögnuðu því margir að tekist hefði að draga úr kröfu um niðurskurð og þá sérstaklega í velferðarmálum. Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður fjárlaganefndar, sagði að haldið yrði áfram á sömu braut og sjónum beint áfram að heilbrigðis- og velferðarmálum og dregið enn frekar úr þeim niðurskurði sem boðaður væri í málaflokknum í dag.

Flokkssystir Björns Vals, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, hefur verið gagnrýnin á niðurskurð ríkisstjórnarinnar. Hún samþykkti frumvarpið í gær, en með þeim skýru skilaboðum að fara þyrfti vel yfir heilbrigðis- og velferðarmálin og draga úr niðurskurði. Þá tiltók hún sérstaklega að flestar breytingatillögurnar væru til hækkunar.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður fjárlaganefndar og þingmaður Samfylkingarinnar, sagði nauðsynlegt fyrir Alþingi að afgreiða fjárlög með ábyrgum hætti. Ríkisstjórnin væri í þriðja sinn að loka fjárlögum; greiða niður skuldir án þess að það bitnaði á velferðarkerfinu.

### Gagnrýnin stjórnarandstaða

Líkt og búast mátti við var stjórnarandstaðan gagnrýnin á fjárlagafrumvarpið. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem skipuðu fyrsta minnihluta fjárlaganefndar, skiluðu fjórum breytingartillögum við frumvarpið. Þar kom meðal annars fram að ríkisstjórninni hefði ekki tekist að koma böndum á ríkisfjármálin. Ríkisstjórnin legði á nýja skatta og álögur í stað þess að stækka skattstofnana. Kristján Þór Júlíusson sagði, í umræðum í gær, að í fjárlögunum væri dulinn halli.

Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, skipaði annan minnihluta fjárlaganefndar og lagði fram tvær breytingatillögur. Hann sagði tvennt standa upp úr varðandi fjárlagavinnunna. Í fyrsta lagi væri ríkisstjórnin langt frá því að ná þeim markmiðum í ríkisfjármálum sem hún hefði sett sér í áætlun um ríkisfjármál. Í öðru lagi væri ríkisstjórnin að gjörbylta heilbrigðiskerfi landsmanna án umræðu eða úttektar og stefnulaust. Framsóknarmenn hefðu lagt fram tillögur til stefnumótunar í málaflokknum.

Lilja Mósesdóttir lagði fram breytingartillögu um að hækkun bóta almannatrygginga yrði í samræmi við kjarasamning, en Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að standa ekki við það loforð. Þá flutti Lilja breytingu með Þór Saari varðandi fjárstuðning til stjórnmálaflokka.

Þór gerði grein fyrir þeirri tillögu í gær. Hann sagði gert ráð fyrir 300 milljón króna fjárstuðningi til stjórnmálaflokka, þar með talið Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sem ekki hefðu skilað ársreikningi fyrir árið 2010. Slíkt væri lögbrot.

### 126 atkvæðagreiðslur

Önnur umræða um fjárlögin hófst á þriðjudag klukkan 14.36 og stóð til 7.29 á miðvikudagsmorgni. Atkvæðagreiðsla hófst klukkan 15.35, en í millitíðinni hafði fjárlaganefnd fundað. Greiða þurfti atkvæði um fjölmargar breytingartillögur og allflestir þingmenn gerðu grein fyrir atkvæði sínu á einhverjum tímapunkti. Atkvæðagreiðslunni lauk klukkan 18.37, eftir 126 atkvæðagreiðslur.

Að lokum samþykktu 30 þingmenn fjárlagafrumvarpið til þriðju umræðu, fjórir sögðu nei en 24 greiddu ekki atkvæði. Þá voru fimm þingmenn fjarstaddir.

Kristján Þór gerði grein fyrir því hvers vegna hans flokkur ákvað að sitja hjá við tekjugreinar frumvarpsins.

Hann sagði þá ósammála þeim leiðum sem ríkisstjórnin hefði ákveðið að fara við fjármögnun ríkissjóðs. Hann þyrfti hins vegar að fjármagna og þess vegna sætu þeir hjá.

Þriðja umræða fjárlaganna fer fram að viku liðinni.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Nokkur dæmi um breytingartillögur

| | |
|---|---|
| Landhelgisgæsla Íslands | hækkun um 200 milljónir. |
| Landspítali Íslands | hækkun um 140 milljónir. |
| Endurgr. vegna kvikmyndag. á Íslandi | hækkun um 247 milljónir. |
| Umboðsmaður skuldara | hækkun um 455 milljónir. |
| Alþingi | hækkun um 119 milljónir. |
| Sérstakur saksóknari | lækkun um 10,6 milljónir. |
| Embætti forseta Íslands | lækkun um 5 milljónir. |
| Markáætlun á sviði vísinda og tækni | lækkun um 82 milljónir. |

## Fjárlögin

**Breytingar meirihluta fjárlaganefndar sem samþykktar voru í gær í upphæðum og prósentum.**





# Til sölu

**Rótgróin fyrirtæki sem starfað hafa við hreingerningar og parketþjónustu í 27 ár eru til sölu**

Geymið auglýsinguna

Hér er um einstakt tækifæri fyrir einstaklinga til að koma sér upp sjálfstæðum atvinnurekstri. Fyrirtækin eru ein af þeim þekktustu sinnar tegundar hér á landi og hafa getið sér gott orð fyrir vönduð og fáguð vinnubrögð,sölunni fylgja vélar, tæki og tól, þar með talið sérbúnir þjónustubílar o.fl..

**Áhugasamir vinsamlegast hafið samband**

**Sími: 561 4207 - GSM: 898 1107 -**
**www.falleggolf.is - golfslipun @simnet.is**

Geymið auglýsinguna


heilir
Sturtuklefar
Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusett fylgir
TILBOÐ!
Heill, lokaður hornlisti
56.900
52.900
HERT ÖRYGGISGLER
HERT ÖRYGGISGLER
ISO 9001
ISO 9001
Lausar hlífar framan á botni
Lausar hlífar framan á botni
KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90
RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90
til afgreiðslu af lager
STURTU horn
Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja
24.900
26.900
HERT ÖRYGGISGLER
HERT ÖRYGGISGLER
ISO 9001
ISO 9001
Verslið þar sem úrvalið er mest!
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90
KANTAÐ STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# AFMÆLISTILBOÐ BÓNUS Á




159
KR. 1 LTR.
KJÖRÍS
**TILBOÐSÍS: SÚKKULAÐI 1 LTR.**




159
KR. 1 LTR.
KJÖRÍS
**TILBOÐSÍS: VANILLA 1 LTR.**




98
KR. PK
150 GRÖMM
**NÓA-KROPP**




2998
KR. 2 KG.
NESTLÉ **MACHINTOSH 2 KG.**

500 KR. VERÐLÆKKUN




1298
KR. 650 G
NÓAKONFEKT **BESTU MOLARNIR**




59
KR. PK
BÓNUS
**FLATKÖKUR 5 STK.**




59
KR. PK
NESTLÉ **TOFFEE CRISP**




98
KR. STK
500 GRÖMM BÓNUS
**KORNBRAUÐ**




298
KR. BAKKINN
**UNGAEGG 12 STK.**



198
KR. STK
BÓNUS 420 GRÖMM
**MÖNDLUKAKA**




98
KR. 1 LTR

**OPIÐ Í DAG TIL KL. 20:00**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SMÁRATORGI 10 ÁRA




598 KR. KG

**FERSKUR GRÍSABÓGUR**

***SÉRSKORIÐ*** BÓNUS **LAMBALÆRI** ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER **SKORIÐ FRÁ** OG ÞVÍ ER ***MEIRA KJÖT*** OG ***MINNA BEIN*** Á LÆRINU!




1198 KR. KG

**LAMBALÆRI FERSKT SÉRSKORIÐ**




59 KR. PK

**GÆÐABAKSTUR**
**HEILKORNA FLATKÖKUR 4 STK.**




1395 KR. KG

KJARNAFÆÐI: **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐARLAMB**




1395 KR. KG

**KOFAREYKT HANGILÆRI**
*M.BEINI*

NÓI SÍRÍUS




2598 KR. KASSINN

NÓAKONFEKT: **GJAFAKASSAR**
940 GRÖMM




1598 KR. KG

**LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**1,10 PRÓSENT** af neyslu heimila á árinu 2009 í krónum mælt fólust í gosdrykkjum, söfum og vatni. Er það umtalsverður samdráttur frá árinu 2003 þegar 1,50 prósent af neyslunni féllu undir þennan lið.

## GÓÐ HÚSRÁÐ - Súkkulaði

*Súkkulaði er gott í baksturinn*



Þegar súkkulaði er brætt yfir vatnsbaði þarf að gæta þess að hvorki vatn né gufa komist í súkkulaðið því þá getur það farið í kekki. Ef það gerist getur dugað að setja teskeið af bragðlítilli olíu út í og hræra þar til hræran verður slétt.

Dökkt súkkulaði inniheldur meira af kakói og minna af feiti og sykri heldur en ljóst. Þess vegna hentar dökkt súkkulaði betur í sætar kökur. *Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna*

**Heilbrigðismál**

## Fiskneysla verndar börn gegn asmaeinkennum



Börn sem neyta fisks áður en þau eru níu mánaða gömul eiga síður á hættu að fá asmaeinkenni en önnur börn. Þetta eru niðurstöður sænskrar rannsóknar sem tók til 4 þúsund barna fæddra á árinu 2003. Rannsóknin var hluti af doktorsverkefni Emmu Goksör sem segir að líkurnar á að börnin fengju endurtekin asmaeinkenni hafi verið helmingi minni hjá þeim sem fengu fisk að borða fyrir níu mánaða aldur. Ekki var rannsakað hvaða fisktegund reyndist best gegn asma en börnin sem rannsóknin tók til höfðu oftast neytt hvíts fisk, til dæmis þorsks. Lax var í öðru sæti á listanum yfir fisktegundir sem börnin höfðu borðað. Börn sem borðuðu fisk oftar en einu sinni í viku fengu jafnframt sjaldnar exem.





Allt fyrir matgæðingana

Eirvík hefur eldhústæki og fylgihluti fyrir alla sem unna góðri matargerð.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




**JÓLALJÓS** Birtan af ljósaljósunum er kærkomin í skammdeginu. Úrvalið af jólaseríum hér á landi hefur aukist verulega á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Led-seríur endast lengur og eyða minna rafmagni

**Þeir sem hafa ekki þolinmæði til þess að leita að biluðum perum í gömlu jólaseríunni eða perum sem eru ýmist of laust eða fast skrúfaðar ættu ef til vill að huga að kaupum á seríu með ljósgjöfum framtíðarinnar, ljóstvistum, í stað venjulegrar seríu. Seríur með ljóstvistum (LED) endast miklu lengur en þær hefðbundnu og eyða minna rafmagni en þær eru hins vegar dýrari.**

Í Garðheimum kostar 80 pera og 4,8 vatta útisería með ljóstvistum 4.780 krónur en venjuleg 16,8 vatta útisería með marglitum perum kostaði á mánudaginn 1.500 krónur með helmingsafslætti.

### Hvað er LED?

LED ljós (Light-Emitting Diode) eru kölluð ljóstvistar eða ljósdíóður á íslensku. Díóða er hálfleiðari sem þarf mjög litla orku til að gefa frá sér ljós.

Ljósadíóða gefur frá sér ljós þegar straumur fer um hálfleiðaraefnið.

Hitamyndunin er óveruleg og rafmagnsnotkunin talsvert minni en hjá venjulegum ljósaperum. LED ljós endast lengur en venjuleg auk þess sem birtan af þeim er meiri.

Ef 80 pera og 4,8 vatta útisería með ljóstvistum er látin loga frá fyrsta í aðventu fram á þrettándann, alls 960 klukkustundir, verður orkukostnaðurinn 55,85 krónur, samkvæmt útreikningum Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa Orkuveitu Reykjavíkur.

„Orkukostnaðurinn vegna notkunar venjulegrar 16,8 vatta útiseríu með 80 perum á jafnlöngum tíma er 195,47 krónur," greinir Eiríkur frá.

Endingartími sería með ljóstvistum er langur, að sögn Eiríks. „Ég skoðaði 90 ljósa LED-seríu og var uppgefinn endingartími 24 til 25 þúsund stundir. Ég reiknaði út að ef það logaði stanslaust á henni í 30 daga á ári myndi hún endast til ársins 2036."

Hjá Blómavali kostaði hefðbundin 80 pera útisería 2.490 krónur á mánudaginn en LED-sería með 80 bláum ljósum 4.990 krónur. Með hvítum ljósum kostaði hún 4.699 krónur en marglita kostaði 3.999 krónur. LED-sería með 120 hvítum ljósum kostaði 9.990 krónur.

Hjá Garðheimum kostaði 100 ljósa LED-sería átta til 10 þúsund krónur. ibs@frettabladid.is

**NEYTANDINN: VIGDÍS HAUKSDÓTTIR ALÞINGISKONA**

## *Pelsinn huldi nærbuxur á tónleikum eftir buxnaslys*



Rússneskur pels sem Vigdís Hauksdóttir þingkona keypti sér á sjötíu prósenta afslætti í skinnauppboðshúsinu í Kaupmannahöfn árið 2006 er hennar bestu kaup í gegnum tíðina.

„Hann hefur hlýjað mér á köldum vetrardögum síðan og hélt í mér lífinu þegar ég bjó í Kanada. Þar fór frostið stundum niður í 40 gráður," segir Vigdís. „Ég nota hann alltaf á veturna. Hann er æðislegur."

Pelsinn hefur þó komið að fleiri góðum notum en að hlýja þingkonunni, sem telur sín verstu kaup vera í buxum sem hún keypti í ónefndri búð á Laugaveginum.

„Þær sprungu gjörsamlega utan af mér þegar ég settist niður á tónleikum í Kópavogi. Ég sat á nærbuxunum einum saman með tætlur í kringum mig," segir Vigdís og bætir við að þá hafi pelsinn góði komið til bjargar, þar sem hún gat sveipað honum utan um sig þegar hún gekk út. Án þess að eftir væri tekið.

**Heilbrigðismál**

## BPA bannað í pelum



Efnið BPA (Bisphenol-A) hefur nú verið bannað í pelum hér á landi. Samkvæmt upplýsingum á vef Neytendasamtakanna, sem hafa lengi barist fyrir banninu, hefur það hormónaraskandi áhrif og er mikið notað í plastiðnaði. Það hefur verið mikið notað í matarílát úr plasti svo sem pela, vatnflöskur og í húð innan í niðursuðudósum. BPA hefur einnig mælst í miklu magni í kassakvittunum. Danir voru meðal fyrstu þjóða til að banna efnið í pelum og matarílátum fyrir ung börn og hefur velferðarráðherra nú sett reglur sem banna efnið í ílátum fyrir börn hér á landi.

# Velkomin í Kópavogs

HAMRABORG

*1., 2. og 3. desember verða Hjartadagar í hjarta Kópavogs. Fyrirtæki í Hamraborginni bjóða ykkur velkomin og verða með glæsileg tilboð í tilefni upphafs jólaundirbúnings.*



Café DIX CHAQWA
SALURINN
SOS BARNAÞORPIN Öll börn vilja gott heimili
JÓNATAN LJÓSMYNDIR
FATAHREINSUN KÓPAVOGS EFNALAUG OG ÞVOTTAHÚS
Saumastofa Súsönnu
LÖGMANNSSTOFA SS ehf. Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl.
SNYRTISTOFAN Jóna
olís
ÉG C GLERAUGNAVERSLUN
KONDITORI Reynir bakari
Bólstur smiðjan
EYGLÓ KARÓLÍNA DESIGN
fluga
Tempo INNRÖMMUN
KLipptogSKorið HÁRSNYRTISTOFA
SJÚKRAÞJÁLFUN KÓPAVOGS EHF.
Ingi Kr. Stefánsson Tannlæknir
Hamraborg 6a Sími: 570-0450 Bókasafn Kópavogs
18 RAUÐAR RÓSIR
MUFFIN BAKERY coffeehouse & restaurant
Herramenn www.herramenn.is Neðstutröð 8
NÓATÚN
Bókabúðin HAMRABORG
TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS
OXXO boutique
MÓLÝ HANNYRÐAVERSLUN
VIDEO-MARKAÐURINN
7 himni
YNJA undirfataverslun
Náttúrufræðistofa Kópavogs Natural History Museum of Kópavogur
Jón Gull SÉRSMÍÐI
Brostu
Móðurást
MAE - YA SUKHOTHAI Hamraborg 11. Kóp www.thaimatur.is S: 564 6677

*Kópavogsbúar! Með því að versla í hjarta Kópavogs styðlum við að frekari uppbyggingu og betri þjónustu í miðbænum okkar.*

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

**349 PUNKTAR** er skuldatryggingarálag ríkissjóðs, sem hefur hækkað um fjórðung frá því um miðjan október.

# Sveiflur í álverði reynst Orkuveitunni dýrkeyptar

**Orkuveita Reykjavíkur tapaði 4,6 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins vegna lækkunar á verði áls. OR stefnir að því koma sér upp vörnum gegn þessari áhættu, segir forstjóri. Kaupsamningur á vélum sem OR hefur ekki getað staðið við gæti reynst dýr. Rekstrartekjur aukist og rekstrarkostnaður lækkað.**

**VIÐSKIPTI** Lækkun á verði áls hefur kostað Orkuveitu Reykjavíkur 4,6 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Þá hefur óhagstæð gengisþróun reynst fyrirtækinu dýr. Þetta er meðal þess sem fram kemur í níu mánaða uppgjöri fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur birti uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins á mánudag. Fyrirtækið skilaði 5,34 milljarða króna tapi á tímabilinu. Tekjur frá rekstri jukust hins vegar um tæpa 5 milljarða á tímabilinu, voru 24,39 milljarðar. Þá hefur rekstrarkostnaður lækkað talsvert.

„Það hefur gengið afskaplega vel að ná tökum á rekstrinum. Rekstrarkostnaður hefur lækkað mikið og allt stefnir í áframhaldandi verulegan bata í rekstri á næstunni. Ytri áhrif, svo sem álverðið og gengisbreytingar hafa hins vegar verið gríðarlega erfið,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar.

Rétt tæpur fimmtungur tekna Orkuveitunnar kemur frá sölu raforku samkvæmt samningum þar sem orkuverðið sveiflast með álverði. Í uppgjörinu kemur fram að tíu prósent lækkun álverðs myndi kosta fyrirtækið tæpa 7 milljarða. Sambærileg hækkun á álverði myndi hins vegar auka tekjur þess um 7 milljarða.

Bjarni segir að hingað til hafi fyrirtækið ekki varið sig sérstaklega gegn þessum sveiflum. „Þetta hefur ekki verið gert og ég hreinlega veit ekki af hverju. Við höfum hins vegar verið að skoða þetta og stefnum á að grípa til einhvers konar varna,“ segir Bjarni sem tók við starfi forstjóra 1. mars síðastliðinn.

Skuldastaða Orkuveitunnar er sem fyrr nokkuð þung en í mars var kynnt aðgerðaáætlun sem miðar að því að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins. Þar á meðal samþykkti borgarráð að veita fyrirtækinu 12 milljarða króna víkjandi lán en rúmir 8 milljarðar hafa þegar verið greiddir.

Eigið fé fyrirtækisins var í lok september 54,6 milljarðar króna og hafði hækkað um 1,8 milljarða frá upphafi árs. Þar munar talsverðu um að endurmat á veituhluta fyrirtækisins leiddi til hækkunar á bókfærðu virði eigna upp á 6,7 milljarða króna.

Loks kemur fram í uppgjörinu að Orkuveitan stendur í samningaviðræðum við vélaframleiðendurna Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürr. Orkuveitan hefur ekki getað uppfyllt kaupsamninga sem það gerði við fyrirtækin árið 2007 sem gæti kostað Orkuveituna umtalsverða peninga ef ekki næst viðunandi lausn á málinu.


BJARNI BJARNASON

Orkuveitan pantaði á árinu 2007 sjö vélasamstæður frá fyrirtækjunum tveimur til að koma fyrir í fyrirhuguðum virkjunum fyrirtækisins. Síðar var fallið frá kaupum á tveimur samstæðum en fimm stóðu eftir. Af þeim fimm eru tvær komnar í notkun í Hellisheiðarvirkjun en þrjár eru ónotaðar. Tvær eru enn ætlaðar í Hverahlíðarvirkjun en ein gengur af. Samningaviðræðurnar varða þrjár síðastnefndu vélasamstæðurnar.

Bjarni segir Orkuveituna enn ekki geta svarað því hvenær fyrirtækið geti veitt vélasamstæðunum viðtöku. Hann er hins vegar bjartsýnn á að málið leysist farsællega án þess að það reynist Orkuveitunni dýrt. Niðurstaða liggur þó ekki fyrir. magnusl@frettabladid.is


**ORKUVEITAN** Gripið hefur verið til umfangsmikilla aðhaldsaðgerða í rekstri Orkuveitunnar á síðustu misserum til að treysta rekstrargrundvöll fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Álverðið einnig reynst HS Orku dýrt

Verð á raforku í sölusamningum íslenskra raforkufyrirtækja til álframleiðenda sveiflast í nær öllum tilfellum með álverði. Lækkanir á verði áls geta af þessum sökum komið ansi illa við raforkufyrirtækin. Eins og fjallað er um hér kostuðu álverðslækkanir Orkuveitu Reykjavíkur 4,6 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Í níu mánaða uppgjöri HS Orku kom að sama skapi fram að fyritækið hefði tapað 1,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins af sömu ástæðu.




**HILTON NORDICA Í GÆR** Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, kynnti hagspána í gær.

Hagvöxtur 3,2 prósent 2011:

## Landsbankinn kynnir hagspá

**EFNAHAGSMÁL** Hagfræðideild Landsbankans spáir því að hagvöxtur verði um 3,2 prósent á þessu ári og 1,7 prósent á því næsta. Þá telur hún að hagvöxtur muni helst byggja á fjárfestingu á næstu árum en ekki einkaneyslu eins og gert er ráð fyrir í flestum nýjum hagspám.

Þjóðhagsspáin var kynnt á Hótel Hilton Reykjavik Nordica í gær. Hana er að finna í nýju árlegu riti hagfræðideildar Landsbankans sem nefnist Þjóðhagur. Spáin nær til næstu þriggja ára.

Samkvæmt spánni mun verðbólga hækka nokkuð í byrjun næsta árs en hjaðna þegar líður á árið. Þá er því spáð að atvinnuleysi verði að meðaltali 6,2 prósent á næsta ári og 5,0 prósent á árinu 2013. - mþl

Nú þak um allan heim:

## Síminn setur þak á gagnanotkun erlendis

**FJARSKIPTI Síminn hefur sett þrepaskipt þak á gagnanotkun viðskiptavina sinna sem nota farsíma sína erlendis. Þetta þýðir að lokað er á gagnanotkun viðskiptavina sem staddir eru erlendis þegar hún er komin upp í 10 þúsund krónur. Slíkt þak hefur um hríð verið til staðar á ferðalögum í Evrópu en nú nær það einnig til annarra landa þar sem Síminn er með reikisamninga.**

**Þeir sem það vilja geta þó áfram notað farsíma sína meira en sem nemur þakinu. Þegar því er náð fær viðskiptavinurinn SMS-skilaboð þar sem honum er boðið að hækka þakið upp um þrep.** - mþl


## Sýning um Fridtjof Nansen í Ráðhúsi Reykjavíkur



**Föstudaginn 2. desember kl. 17.00**
**verður opnuð sýning um heimsskautafarann, mannvininn og vísindamanninn Fridtjóf Nansen í Ráðhúsi Reykjavíkur en í ár eru 150 ár frá fæðingu hans.**

**Sendiherra Noregs Dag Wernø Holter flytur stutt ávarp.**

**Léttar veitingar og allir velkomnir.**

**Norska sendiráðið í Reykjavík**


Samgöngur stærsti liðurinn:

## Þjónustujöfnuður hagstæður um 27 milljarða

**VIÐSKIPTI Íslendingar flytja meira út af þjónustu en inn. Á þriðja ársfjórðungi 2011 nam útflutningur á þjónustu 108,6 milljörðum en innflutningur 81,4 milljörðum. Þjónustujöfnuður var því hagstæður um 27,3 milljarða króna. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.**

**Samgöngur eru stærsti þjónustuliður í útflutningi á þjónustu og var afgangur vegna þeirrar þjónustu um 22,5 milljarðar. Önnur þjónusta er stærsti liður í innflutningi og nam halli á þeirri þjónustu um 9,8 milljörðum. Afgangur á ferðaþjónustu var um 14,6 milljarðar.** - kóp


Fimmtudags
Tilboð
2l Kók
4 í kippu
799 kr
Grænar baunir
139 kr
Frosið lambakjöt
999 kr/kg
Rauðkál
149 kr
Maís baunir
199 kr
Í dag seljum við 4.000 kíló af frosnum lambalærum á ótrúlegu verði, aðeins 999 krónur kílóið. Tilboðið gildir fimmtudaginn 1. desember, eða á meðan birgðir endast. Komdu við í verslunum okkar og kræktu þér í læri fyrir hátíðarnar.
10-11
...opið í 20 ár

**FRÉTTASKÝRING:** Næsta skref í afnámi gjaldeyrishafta

# Lítið um fjárfestingartækifæri hérlendis fyrir erlenda eigendur aflandskróna

**Seðlabankinn kynnti nýverið svokallaða fjárfestingaleið sína sem á að vera næsta skref í losun gjaldeyrishafta. Hún snýst meðal annars um það að eigendum íslenskra aflandskróna mun bjóðast að fjárfesta hérlendis með miklum afslætti.**


SEÐLABANKASTJÓRI Már Guðmundsson og samstarfsmenn hans kynntu næstu skref í afnámi gjaldeyrishafta 18. nóvember síðastliðinn.

## Mega ekki kaupa hvað sem er

Eigendur aflandskróna sem ákveða að fjárfesta á Íslandi í gegnum fjárfestingaleið Seðlabankans munu ekki geta keypt hvað sem er. Þeim verður heimilt að kaupa hlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingasjóðum og fasteignir fyrir aflandskrónurnar og gjaldeyrinn. Heimilt verður að fá útgreiddan arð vegna hlutabréfakaupa, vaxtagreiðslur vegna skuldabréfakaupa og leigugreiðslur vegna fasteignakaupa.
Þeim verður hins vegar ekki heimilt að kaupa loftför, skip, afleiðusamninga og annað lausafé.

Leiðin gengur þannig fyrir sig að fjárfestarnir, sem eru að stórum hluta evrópskir bankar, fá að flytja aflandskrónurnar hingað heim miðað við útboðsgengi Seðlabanka Íslands gegn því að þeir skuldbindi sig til að fjárfesta fyrir jafnháa upphæð í erlendum gjaldeyri og bindi fjárfestinguna á Íslandi í fimm ár hið minnsta. Miðað við síðasta útboðsgengi Seðlabankans fá aflandskrónueigendurnir um 13% innbyggðan afslátt taki þeir þátt í þessari leið.

### 820 milljarðar

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum er talið að aflandskrónueign sé um 410 milljarðar króna. Ef eigendur þeirra ætluðu að flytja allar þessar krónur inn næmi heildarfjárfestingin sem þeir myndu hella sér út í um 820 milljörðum króna. Það er um hálf landsframleiðsla Íslands. Fyrir þá upphæð væri hægt að kaupa Haga, fyrsta nýskráða félagið í Kauphöll eftir bankahrun, 68 sinnum. Það væri hægt að kaupa 16.400 fasteignir sem metnar eru á 50 milljónir króna. Endurfjármagna rúmlega 60% af heildarskuldum ríkissjóðs. Hvað ættu þessir aðilar eiginlega að kaupa fyrir alla þessa peninga?

### Fá fjárfestingartækifæri

Það er mikill skortur á fjárfestingartækifærum hérlendis. Hlutabréfamarkaðurinn er, enn sem komið er, hvorki fugl né fiskur, skuldabréfaútgáfa fyrirtækja er lítil sem engin, nánast engar stórframkvæmdir eru fram undan og það eru takmörk fyrir því hversu mikið af opinberum skuldum er hægt að kaupa. Til viðbótar er enn í gildi allsherjartrygging á innstæðum sem gerir það að verkum að fjármagnseigendur sjá sér hag í að sitja í vari á peningunum sínum með neikvæða ávöxtun frekar en að nýta þá til fjárfestinga. Þetta sést best á íslensku lífeyrissjóðunum, stærstu fjármagnseigendum landsins, sem áttu 158,2 milljarða króna í óbundnum innstæðum í lok september. Í byrjun árs 2007 áttu þeir 7,7 milljarða króna á slíkum. Þetta ástand er reyndar yfirfæranlegt á alla innlenda aðila. Í byrjun árs 2007 áttu þeir 743,6 milljarða króna í innstæðum. Í lok október áttu þeir 1.519 milljarða króna í slíkum. Innstæður hafa því tvöfaldast á nokkrum árum.

### Sögulega lítill áhugi

Í nýlegri greiningu IFS-greiningar er fjallað um fjárfestingaleiðina. Þar segir að „Helsti veikleiki áætlunarinnar er hin mikla óvissa um hversu vel hún á eftir að ganga. Áhugi erlendra fjárfesta á beinni fjárfestingu hefur aldrei verið mikill hér á landi enda landið langt frá öðrum mörkuðum, fámennt og gjaldeyrisáhætta mikil“. Einnig er bent á að fjárfesting á Íslandi sé í „sögulegu lágmarki og lítið sem bendir til að brátt verði breyting þar á. Góðir fjárfestingakostir hljóta að vera forsenda þess að fjárfestar verði viljugir til þess að flytja hingað fé“.

Til viðbótar við þetta má bæta að erlendir fjárfestar eru brenndir af fyrri viðskiptum sínum við Ísland. Erlendar fjármálastofnanir hafa til dæmis fært niður lán til íslenskra aðila um 7.500 milljarða króna frá bankahruni. Það eru tæpar fimm landsframleiðslur. Pólitískar geðþóttaákvarðanir gagnvart erlendum fjárfestum munu líkast til ekki auka traust þeirra á íslenskt fjárfestingaumhverfi.

Það er afar mikilvægt að afnema gjaldeyrishöft á Íslandi. Til þess þarf að minnka aflandskrónustöður erlendis. Þau skref sem hafa verið stigin í þá átt eru þó ekki sérstaklega trúverðug.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



Jóhannes Jónsson keypti SMS í nóvember 2010:

# Hagar töpuðu miklu á kaupunum á SMS

Hagar keyptu 50% hlut í færeyska verslunarfélaginu SMS á 1.011 milljónir króna árið 2007 og fjármögnuðu kaupin með útgáfu hlutabréfa. Þann 25. nóvember 2010 seldi Arion banki 50% hlut Haga í félaginu til Jóhannesar Jónssonar og ónefndra erlendra fjárfesta fyrir 450 milljónir króna. Þetta kemur fram í skráningarlýsingu Haga sem gerð var opinber á mánudag. Því töpuðu Hagar umtalsverðum fjármunum á kaupunum á SMS.

SMS er eitt stærsta smásölufyrirtæki Færeyja. Það rekur níu verslanir, framleiðslubakarí og kjötvinnslu og velti um sjö milljörðum króna í fyrra. Félagið er skuldlaust. Jóhannes samdi um að fá að kaupa félagið af Arion þegar hann lét af störfum sem stjórnarformaður Haga í fyrra og féll frá 10% forkaupsrétti í Högum sem hann hafði áður samið um.

Helmingshluturinn í SMS er vistaður inni í eignarhaldsfélagi sem heitir Apogee ehf. Eigandi Apogee er Moon Capital S.á.r.l. í Lúxemborg. Ekki er tilgreint hverjir fleiri eiga í félaginu en Jóhannes en hann situr sjálfur í stjórn Apogee ásamt dóttur sinni, Kristínu Jóhannesdóttur.

Apogee á kröfu á tengdan aðila fyrir andvirði SMS, eða 450 milljónir króna. Skuldir við tengda aðila nema 333,4 milljónum króna. Í ársreikningi Apogee kemur fram að tengdir aðilar séu hluthafar, stjórnarmenn og stjórnendur félagsins. - þsj


EIGANDI Jóhannes Jónsson var stjórnarformaður og einn aðaleigenda Haga um árabil. Hann keypti 50% hlutinn í SMS af Arion banka í lok árs 2010.

FSÍ og Horn juku hlutafé um 6,2 milljarða:

# Endurfjármögnun Promens mun ljúka upp úr áramótum

**VIÐSKIPTI** Endurfjármögnun á skuldum Promens-samstæðunnar mun ljúka upp úr áramótum, að sögn Hermanns Más Þórissonar, framkvæmdastjóra Horns. Horn á 49,8% hlut í Promens. Aðrir eigendur eru Framtakssjóður Íslands (FSÍ) með 49,5% hlut og lykilstarfsmenn Promens með 0,7% hlut.

Promens undirritaði samkomulag um endurfjármögnun við norræna banka sem samstæðan hefur verið í viðskiptum við 18. október síðastliðinn.

Vaxtaberandi skuldir hennar voru 178 milljónir evra, um 28,4 milljarðar króna, um mitt ár 2011.

Í ársreikningi Promens fyrir árið 2010 kemur fram að Horn, sem er í 100% eigu Landsbanka Íslands, hafi lánað samstæðunni 18,5 milljónir evra, tæplega 3 milljarða króna, 18. júní síðastliðinn. Lánið var veitt til að Promens gæti greitt bankalán sem var á gjalddaga í þeim mánuði. Horn breytti síðan láninu í hlutafé í Promens í lok september síðastliðins.

Skömmu áður, 23. september 2011, keypti FSÍ 49,5% hlut. Fyrir þann hlut greiddi sjóðurinn um 4,7 milljarða króna og setti því til viðbótar 20 milljónir evra, um 3,2 milljarða króna, inn sem nýtt eigið fé. Ofangreindar aukningar á eigin fé Promens voru forsenda þess að lánadrottnar samstæðunnar samþykktu að endursemja um fjármögnun hennar.

Promens framleiðir plastafurðir og rekur 45 verksmiðjur í 19 löndum. Hjá samstæðunni vinna um 4.200 manns. Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri FSÍ, sagði í erindi á málþingi Deloitte, kauphallarinnar og Viðskiptaráðs í síðustu viku að Promens yrði skráð á markað innan þriggja ára. - þsj


EIGANDI Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri FSÍ, sagði í síðustu viku að Promens yrði skráð á markað innan þriggja ára.

THE EUROPEAN LOTTERIES · RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED · WORLD LOTTERY ASSOCIATION WLA

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á **facebook.com/lotto.is**

# 25x AFMÆLIS LEIKUR

# 1.000.000

Íslensk getspá fagnar 25 ára afmæli í ár. Af því tilefni bætum við **25 vinningum við í desember**, **einni milljón** fyrir hvert ár. Ef þú kaupir **10 raðir** í Lottó eða Víkingalottó, eða ert í **áskrift**, áttu möguleika á að vinna einn eða jafnvel fleiri af þessum veglegu afmælisvinningum.

**Geymdu lukkunúmerið þitt vel – við drögum á aðfangadag!**



40 MILLJÓNIR

**FULLT HÚS AF MILLJÓNUM!**

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir í **40 milljónir**. **Leyfðu þér smá Lottó!**

VÍKINGA LOTTÓ

Lottó 25 ÁRA

NÁNAR Á WWW.**LOTTO.IS**



**MORGUNSTUND** Tökuliðið hreiðraði um sig við rætur Svínafellsjökuls. Stórum trukkum með rafstöðvar, tæknibrelludót og búninga var lagt skammt frá tökustað og þaðan var ferðast bæði fótgangandi og á fjórhjólum. Fjörutíu trukkar af öllum stærðum og gerðum eru til taks fyrir tökuliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kaldir dagar hjá Game of Thrones

**Tökur á bandarísku sjónvarpsþáttunum Game of Thrones fóru fram við rætur Svínafellsjökuls í vikunni. Veðrið var fullkomið fyrir tökuliðið, hægur vindur, svalt og snjóþekja lá yfir öllu. Jökullinn skartaði sínu fegursta í morgunsárið og uppi á kletti sat krummi og krunkaði, sumum í tökuliðinu til mikillar gremju. Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á staðnum og fangaði augnablikið.**



**SVELLKALDUR** Kit Harington þykir mikill kvennaljómi og tók sig vel út sem Jon Snow við Svínafellsjökul. Hann hafði átt erfiðan dag, var vaknaður eldsnemma um morguninn til að fara í smink og búningamátun.



**KALDIR DAGAR** Það var ekkert sérstaklega hlýlegt á tökustaðnum en tökuliðið tók daginn yfirleitt snemma, var mætt upp á jökul um sjöleytið á morgnana og stundum fyrr.



**ÖNNUM KAFINN** Leikstjórinn David Nutter reyndist hinn hressasti en hafði lítinn tíma fyrir spjall enda mikið að gera á tökustað. Hann gaf sér þó tíma til að stilla sér upp fyrir eina myndatöku.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

# KASTARADAGAR

LITIR: HVÍTT, STÁL, GYLLT OG ANTIK




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16


Loksins snýr hann aftur!
Íþrótta- og
markaður
PUMA
asics
CINTAMANI
speedo
Teva
casall



# g útivistar-
# inn

## í Perlunni 1. - 11. desember

## Verðdæmi:

| Vara | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Puma dömuhettupeysa | 13.990 kr. | 4.990 kr. |
| Puma götuskór | | Verð frá 3.990 kr. |
| Asics herrabolur | 6.990 kr. | 3.500 kr. |
| Asics Kayano 16 | 34.990 kr. | 15.000 kr. |
| Cintamani Kolbrún | 22.990 kr. | 11.990 kr. |
| Cintamani Jarþrúður | 16.990 kr. | 7.990 kr. |
| Cintamani Svavar fjólublár | 23.990 kr. | 11.990 kr. |
| Speedo dömusundbolur | 9.990 kr. | 4.990 kr. |
| Speedo watershorts | | Verð frá 990 kr. |
| Casall íþróttatoppur | 7.990 kr. | 3.990 kr. |
| Casall æfingapeysa | 12.990 kr. | 6.000 kr. |

**Gerðu frábær kaup**

**Við opnum kl. 12 á hádegi 1. des**

Opið alla dagana kl. 12 - 18

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nú er tímabært að henda bæði kvótafrumvarpinu og nýja plagginu hans Jóns.

## Hættið að skemma

Írafárið vegna vinnubragða Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra við endurskoðun kvótafrumvarpsins hefur að mestu yfirskyggt efni málsins. Sé hins vegar rýnt í frumvarpsdrögin sem leynistarfshópur ráðherrans tók saman – eins og gert var í fréttaskýringu hér í blaðinu í fyrradag – kemur í ljós að engar grundvallarbreytingar hafa verið gerðar efnislega frá „stóra kvótafrumvarpinu“.

Málið er með öðrum orðum ennþá efnahagslegt stórslys í uppsiglingu. Lesendur muna kannski að hagfræðingar, sem Jón Bjarnason valdi sjálfur til að gera úttekt á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins, rifu það niður og fundu því flest til foráttu. Sama gerðu hagfræðingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Ef eitthvað er hefur byggðaáherzlan í frumvarpsdrögum Jóns Bjarnasonar orðið sterkari; þar er enn grautað í pottum sem ráðherrann vill geta útbýtt kvóta úr. Umbúðalaust heitir það að taka kvóta af fólki sem veiðir fisk með hagkvæmum og arðbærum hætti og afhenda hann fólki sem hefur staðið sig illa í rekstri og misst frá sér veiðiheimildir. Áfram er krukkað í frjálst framsal aflaheimilda og talað óskýrt um veðsetningu þeirra. Þetta er uppskrift að sóun og óhagræði í greininni.

Það er óneitanlega þversagnakennt að Jón Bjarnason, sem reynir nú að hanga inni í ríkisstjórninni á þeirri forsendu að hann sé merkisberi baráttunnar gegn hinu vonda Evrópusambandi, skuli þannig hafa gengið enn lengra en í síðustu tilraun til að gera íslenzka sjávarútvegsstefnu líkari misheppnaðri stefnu ESB, sem rekin er á forsendum félags- og byggðasjónarmiða. Á sama tíma ætlar ESB að laga sína stefnu að því sem hefur tíðkazt á Íslandi.

Í frumvarpsdrögunum er komið til móts við gagnrýni á stuttan nýtingartíma aflaheimilda, en ekki nándar nærri nóg. Fjárfestingar í sjávarútvegi eru af þeirri stærðargráðu að fyrirtækin verða að njóta rekstraröryggis til langs tíma. Langir nýtingarsamningar eru þar að auki hvatning til að fara vel með auðlindina.

Málið hefur verið tekið úr höndum sjávarútvegsráðherrans. Efnislega er hætt við að það breyti litlu, vegna þess að úr báðum stjórnarflokkum heyrast áfram háværar kröfur um að ríkisstjórnin haldi sínu striki og leggi rekstrargrundvöll sjávarútvegsins í rúst til að ná pólitískum markmiðum.

Skynsemisraddirnar í stjórnarliðinu eru nú þöglar. Þær ættu þó að leggja til að bæði „stóra kvótafrumvarpinu“ og samsuðu leynihóps Jóns Bjarnasonar verði hent. Í staðinn verði byggt á þeirri sátt sem náðist um samningaleiðina svokölluðu; að kveðið verði skýrt á um þjóðareign á kvótanum og nýtingarsamninga sem útgerðin greiði fyrir auðlindagjald. Hins vegar á að fikta sem minnst í fiskveiðistjórnunarkerfinu að öðru leyti.

Með þessu væri mesta ranglætinu í núverandi kerfi útrýmt. Sjávarútvegurinn gæti snúið sér að því sem hann á að gera; fjárfesta og skapa atvinnu, í staðinn fyrir að fylgjast milli vonar og ótta með veruleikafirrtum pólitíkusum leggja á ráðin um hvernig sé hægt að skemma sem mest fyrir einni af undirstöðuatvinnugreinum landsins.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



AFVIKNIR STAÐIR



**Sigmundur Ernir** tekst á við dótturmissi en yrkir einnig um dýrðardaga bernskunnar í sveitinni og fjarlæga staði þar sem tónlistin líðast um loftið.



*Einlæg og ágeng*

VERÖLD


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Farinn í fýlu

Nokkuð blés á milli embætta ríkislögreglustjóra og ríkisendurskoðunar fyrir nokkru og þurfti innanríkisráðherra að skera úr um deiluna. Eitthvað virðast þau skoðanaskipti hafa farið illa í Harald Johannessen ríkislögreglustjóra, því þegar ríkisendurskoðun óskaði upplýsinga til að geta sinnt lögboðinni eftirlitsskyldu sagði hann einfaldlega nei. Það ríkti ekki lengur traust á milli stofnananna tveggja. Aftur þurfti innanríkisráðherra að skakka leikinn, nú til að segja ríkislögreglustjóra að hætta í fýlu og afhenda gögnin.

### Traustið sem hvarf

Röksemdir ríkislögreglustjóra vekja hins vegar upp ýmsar spurningar. Geta fleiri beitt þessum röksemdum? Geta einstaklingar neitað að fylgja lögreglu þar sem þeir bera ekki traust til hennar? Eða útrásarvíkingarnir? Efalaust bera þeir lítið traust til sérstaks saksóknara. Ætli þeir fylgi fordæmi Haralds Johannessen og neiti embættinu um upplýsingar vegna skorts á trausti?



### Eignarhald og eignarhald

Stjórn Vinstri grænna í Reykjavík (VGR) ályktaði á miðvikudag og vonaði að synjun um sölu á Grímsstöðum á Fjöllum til kínversks fyrirtækis væri vísir að því sem koma skyldi „að eignarhald á jarðnæði verði úr höndum auðmanna“. Raunar fylgdi með að einkaeignarhald á jarðnæði ætti almennt að heyra sögunni til, en Líf Magneudóttir, formaður félagsins, skýrði síðan að þar væri aðeins um fagra framtíðarsýn að ræða. Hvort fyrri hluti ályktunarinnar þýði að VGR er sátt við að Grímsstaðir verði í eigu núverandi eiganda, einkaaðila, skal ósagt látið. Kannski er hann nógu fátækur. **kolbeinn@frettabladid.is**



## HALLDÓR




# Yfirlýsing frá Teiti Atlasyni


Dómsmál



Teitur Atlason

Kennari og bloggari


Gunnlaugur M. Sigmundsson, sá sem stefndi mér vegna skrifa um Kögunarmálið, birti í gær yfirlýsingu í Fréttablaðinu þar sem hann viðurkennir að hafa sent mér nafnlaus SMS sem innihéldu aðdróttanir, furðudylgjur og óra sem vart er hægt að hafa eftir. Málið má rekja til þess að í ágúst var ég nýkominn heim til Gautaborgar eftir frábært frí á Íslandi með fjölskyldu minni. Í því sem ég er eitthvað að nördast á netinu heyri ég dauft píp úr síma sem ég var búinn að pakka ofan í kassa. Ég opna kassann og sé að gamli góði Nokia-hlunkurinn minn er á síðasta strikinu að rembast við að segja mér eitthvað. Jú, tólf ólesin SMS.

Ég setti símann á skrifborðið og hlóð tækið. SMS voru frá einhverjum sem sagðist vera í Gautaborg. Íslenska stafi vantaði í skilaboðin og réttritun var ábótavant. Efni skilaboðanna var hins vegar með þeim ólíkindum að ég sá tilefni til að senda þau til lögreglunnar til rannsóknar. Skilaboðin komu frá ja.is en þar eru öll SMS „logguð“ og misnotkun varðar við lög.

Nú, þegar rannsókn málsins er vel á veg komin, hefur Gunnlaugur M. Sigmundsson stigið fram og játað að vera sendandi nafnlausu skilaboðanna. Skýring hans er sú að hann hafi setið undir „holskeflu ærumeiðandi ummæla“ vegna Kögunarmálsins. Umræðan hafi „lagst þungt á hann“. Hér kveður við annan Gunnlaug en þann sem sagði fólki að fara til helvítis í láréttri stöðu og þann sem rak undirmann sinn fyrir einhvern brandara. Og þetta er annar Gunnlaugur en sá sem hefur kallað mig opinberlega galinn mann.

Gunnlaugur Sigmundsson ber fyrir sig að hafa í einhvers konar örvilnan eða stundarbrjálæði sent þessi nafnlausu SMS. Þess má geta að skilaboðin sem mér bárust voru 12 talsins en ekki 4 eins og hann fer rangt með í yfirlýsingunni í gær. Lögreglan getur staðfest það. Þau voru send skipulega á þriggja daga tímabili, ávallt á sama tíma dags. Lögreglan getur líka staðfest það. Þetta mál er sorgarsaga. Þessi nýjasti kafli er mannlegur harmleikur. Ég hef ítrekað boðið Gunnlaugi að falla frá málsókninni á hendur mér. Ég hef líka lagt til að við báðir legðum fram ein mánaðarlaun til góðgerðarmála í stað alls þess lögfræðikostnaðar sem er óhjákvæmilegur. Þessu hefur Gunnlaugur hafnað. Raunar hefur hann bætt við stefnuna og stefnt mér fyrir ummæli þar sem ég segi hann neyta fjárhagslegs aflsmunar gegn mér.

Eins og Guðmundur Andri Thorsson segir í grein sinni „Kúgun og Kögun“ frá 15. ágúst sl. mun Gunnlaugur „ekki endurheimta æru sína úr klóm Teits Atlasonar. Hún er ekki þar“. En hann gæti látið staðar numið. Sjálfs sín vegna.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lukkunnar pamfílar

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Hvers vegna skyldu heilar kynslóðir af upplýstu fólki hafa heillast af kommúnisma og þjóðernisofstæki? Líklega vegna þess að kapítalisminn virkaði afar illa á fyrri hluta tuttugustu aldar, skilaði auði til fárra en vann hervirki á samfélögum víða um heim. Stefnurnar sýndust hvor með sínum hætti horfa til framfara og jafnvel fullkomnunar manns og þjóðfélags. Þær risu gegn því að markaðir fengju að ráða samfélögum manna. Skyldleikinn sést víða. Og nú er mótunarvaldi markaða aftur andæft af fullum þunga. Hve langt aftur vilja menn fara? Eða áfram?

**Norðan við stríð**

Árin milli stríða einkenndustu af djúpri kreppu, ójöfnuði, órétti, atvinnuleysi og yfirgangi hinna aðstöðubetri á tímum öryggisleysis hjá almenningi um allan heim. Framtíðarland alþýðu heimsins blasti við sumum en samstaða sterkrar, göfugar þjóðar, frjálsrar í eigin landi við öðrum. Sumum tókst að sameina þetta tvennt eins og til dæmis mörgum íslenskum kommúnistum. Ófáum gekk gott eitt til en á heimsvísu urðu úr þessu einhverjar mestu skelfingar sögunnar. Við sluppum, kynntumst hvorki kommúnisma né afleiðingum stækrar þjóðernishyggju. Vorum norðan við stríð. En við liðum lengi bæði efnalega og andlega fyrir daður við útnesjalega þjóðernishyggju eins og margar nýfrjálsar þjóðir.

**Betri og betri**

Í röska hálfa öld hafa menn víða um heim, sérstaklega þó hér fyrir norðan og vestan, vanist því að heimurinn verði betri og betri. Við nefnum þetta sjaldan þótt fátt sé merkilegra. Við sem nú byggjum Evrópu erum lukkunnar pamfílar í löngu spili eins og samanburður á kvörtunum okkar og veruleika liðins tíma sýnir. Vaxandi auður og þægindi, batnandi menntun, betri heilsa, aukið lýðræði, meira frelsi, meira jafnrétti, minnkandi fordómar og öfgar. En nú bendir margt til erfiðra tíma framundan. Það fjarar ört undan forræði Vesturlanda og þau sérkjör sem við höfum haft með laun og neyslu ganga ekki alveg upp lengur. Stöðnun blasir við. Þótt hrakspár séu gerðar horfir þó miklu mun betur nú en 1930.

**Vissan heillar**

En það horfir ekki vel. Víða eru merki um pólitíska upplausn og um vaxandi vinsældir þess að kenna útlendingum um öll vandræði og líta á opnar dyr sem vandamál. Okkur hefur þó miðað ansi vel frá því að kynslóðir upplýstra manna hrifust af ystu öfgum. Við sjáum sums staðar að afbakaðar trúarkreddur geta heillað fólk sem telur þjóðfélög sín gegnsýrð af útlendri ásælni. Vissan í einföldum lausnum heillar á upplausnartímum. Þá verður til jarðvegur sem er frjór fyrir þau sívinsælu fyrirbæri, hreinar línur og einfaldan sannleika.

> Viðbrögðin við kreppunni hafa þó verið frekar mild. Hófsöm öfl hafa unnið flestar nýlegar kosningar. Tilhneigingar gætir hins vegar víða um lönd til lokunar landamæra og hækkunar á hindrunum. Þetta er þannig í öllum álfum en með ólíkum hætti þó.

**Hver ræður?**

Nú, eins og á síðustu öld, hafa samfélög víða um heim orðið fyrir hervirkjum af græðgi sem hagskipulagið hvatti til og gat ekki hamið. Fyrir löngu var spurt hvort markaðurinn ætti að móta samfélögin í sína mynd eða hvort samfélög ættu að móta markaði. Valið þarna á milli er raunverulegra en menn átta sig kannski strax á. Athugun á því hvernig samfélög hafa umturnast í kringum skipulag markaða leiðir þetta þó fljótt í ljós. Í Evrópu vestanverðri varð úr eftir eftir tvær heimstyrjaldir og skelfilega kreppu að markaði skyldi nota í þágu samfélaga. Þetta var ekki einungis svar sósíaldemókrata heldur varð þetta grundvöllur mjög breiðrar miðju í flestum löndum sem við teljum til skyldleika við.

**Greyptur í samfélagsmót**

Kapítalisminn var þannig greyptur í samfélagsmót. Menn sáu að hann gaf meirarð en annað skipulag. Víðtækar skorður voru hins vegar settar til að takmarka áhrif hans á þjóðfélagsgerðina. Svo kom heimsvæðingin og vestrænt atvinnulíf tapaði í samkeppni við Asíu. Þá fóru menn að losa um samfélaglegar festingar kapítalismans. Einkavæðingin og afnám reglna um öll Vesturlönd voru viðbrögð við versnandi samkeppnisstöðu gagnvart Asíu. En þetta fór ekki allt vel.

**Íslenska leiðin**

Ísland var raunar nokkur undantekning því að stjórnmálamenn allra flokka voru sannfærðir um að mörkuðum væri nánast aldrei betur treystandi en þeim sjálfum. Við höfðum því ekki mikla reynslu af frjálsum mörkuðum þegar þeim var gefinn laus taumur. Áður þurfti líka auðvitað að koma eignum í réttar hendur eins og menn þekkja. Og passa að markaðurinn snerti ekki helgar kýr eða ríka hagsmuni. Þetta fór illa.

**Valið**

Nú leita menn víða að vörnum og vissu fyrir sig og sín þjóðfélög. Viðbrögðin við kreppunni hafa þó verið frekar mild. Hófsöm öfl hafa unnið flestar nýlegar kosningar. Tilhneigingar gætir hins vegar víða um lönd til lokunar landamæra og hækkunar á hindrunum. Þetta er þannig í öllum álfum en með ólíkum hætti þó. Í Evrópu er valið á milli þess að að hverfa aftur til gamalla hindrana eða að dýpka samrunann og nánast afmá  landamæri á milli þróttmeiri ríkja álfunnar. Þeir sem það vilja telja að hindranir veiki samfélög en að opnun styrki þau og geri þeim fært að dafna svo vel að þau geti áfram staðið undir hinum einstæðu velferðarkerfum álfunnar. Svo vita menn að öll helstu vandamál heimsins eru alþjóðleg og verða það enn frekar í framtíðinni.

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4900.-
Umfelgun á smájeppa 5900.-
Sunny Tires
VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Toyota Yaris
árg. 2008, ekinn 69 þús. km.
1000cc, bensín, beinsk.
Verð 1.590.000 kr.


Mercedes-Benz E Class
árg. 2007, ekinn 300 þús. km
2987cc, dísil, sjálfsk.
Verð 4.390.000 kr.


Kia cee'd
Eigum úrval notaðra Kia cee'd fólksbíla, dísil eða bensín. Nánar á askja.is
Verð frá 1.990.000 kr.


Kia Sorento 4x4
Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísil eða bensín. Nánar á askja.is
Verð frá 2.290.000 kr.


Mercedes-Benz GLK
árg. 2011, ekinn 2 þús. km.
2143cc, dísil, sjálfsk.
Verð 8.900.000 kr.


Mitsubishi Pajero 4x4
árg. 2007, ekinn 147 þús. km.
2900cc, dísil, sjálfsk.
Verð 5.190.000 kr.


Volkswagen Passat
árg. 2007, ekinn 38 þús. km.
2000cc, dísil, sjálfsk.
Verð 3.490.000 kr.


Nissan Note
árg. 2006, ekinn 26 þús. km.
1600cc, bensín, sjálfsk.
Verð 1.850.000 kr.


ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

# Íslenskt, nei takk

Auglýsingar

Hildur Sverrisdóttir
lögfræðingur 365 miðla



Á Alþingi liggur nú fyrir frumvarp innanríkisráðherra um breytingar á áfengislögum sem kveður á um að bannað sé að auglýsa óáfenga drykki ef hægt er að ruglast á umbúðum þeirra og umbúðum áfengra drykkja. Í greinargerð frumvarpsins segir að stemma eigi stigu við leyndum áfengisauglýsingum og því sé verið að fylgja eftir upphaflegum tilgangi laga um bann við áfengisauglýsingum. Raunveruleikinn í fjölmiðlaumhverfi landsins sýnir þó að sá tilgangur hefur ekki náðst þar sem áfengisauglýsingar eru víða. Fyrirliggjandi frumvarp innanríkisráðherra mun hafa þar lítið að segja en mun hins vegar hafa auknar samkeppnishamlandi afleiðingar í för með sér.

Núverandi löggjöf um bann við auglýsingum á áfengi er um margt barn síns tíma þar sem hún tók gildi áður en erlent gervihnattasjónvarp og internet breiddist út. Á fjölmiðlamarkaðinum flæða áfengisauglýsingar því í gegnum fjölda miðla sem löggjöfin nær ekki til, svo sem vinsæla erlenda vefmiðla, erlend tímarit o.fl. Áfengisauglýsingar birtast að auki í hefðbundnum íslenskum miðlum, til að mynda með sýningum í íslensku sjónvarpi frá alþjóðlegum íþróttaviðburðum þar sem bjórauglýsingar eru oft áberandi.

Með frumvarpinu er verið að veikja samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda enn frekar þar sem þeir njóta ekki jafnræðis í samkeppni við erlend vörumerki. Einungis erlendir framleiðendur munu eiga kost á að auglýsa vöru sína því fáir íslenskir framleiðendur hafa tök á að auglýsa í svo dýrum auglýsingaplássum.

Samkvæmt skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um heildarendurskoðun áfengislöggjafarinnar sem kom út árið 2010, kemur fram að áfengisauglýsingar hafa ekki áhrif á magn áfengiskaupa, heldur hafa þær aðallega áhrif á hvaða áfengistegund er valin. Afleiðingar þess að einungis erlendir framleiðendur hafa tækifæri til að vera sýnilegir í íslenskum miðlum verða því þær að bjórinn sem selst á Íslandi verður síður íslenskur. Ef bjórinn sem selst er ekki íslenskur verður hann ekki framleiddur af íslenskum starfsmönnum. Ef markaðssetning erlenda bjórsins er einungis á hendi erlendra miðla verða það ekki íslenskir auglýsingamiðlar sem fá tekjur af markaðssetningunni. Og afleiddar tekjur af öllu þessu fara ekki til íslensks samfélags.

> Áfengi verður áfram auglýst, selt og drukkið á Íslandi. Bara ekki það íslenska.

Á Íslandi starfa hundruð manna við framleiðslu á bjór, hundruð við fjölmiðlun og fjöldi annarra í tengdri starfsemi. Innanríkisráðherra virðist með frumvarpinu ekki hafa hugann hjá öllu því fólki eða hafa áhyggjur af því að afleiddar tekjur til samfélagsins minnki. Það ætti kannski ekki að koma á óvart þar sem í hlut á sami ráðherra og hefur áður sýnt að þetta eru ekki atriði sem eru honum hugleikin. Sífellt betur kemur í ljós að fjandskapur núverandi stjórnvalda gagnvart íslensku atvinnulífi og störfum fyrir vinnufúsar hendur á sér engin takmörk.

Eins og svo oft áður er tilgangurinn sagður helga meðalið. Í þessu tilviki er tilgangurinn hins vegar ómarkviss og mun fyrirsjáanlega ekki nást. Miðað við fórnarkostnaðinn sem íslenskt atvinnulíf þarf að bera er augljóst að verið er að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Áðurnefndur starfshópur um heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni komst líka að þeirri niðurstöðu að það ætti að leyfa áfengisauglýsingar með miklum takmörkunum þar sem algert bann væri óraunhæft.

Það er óskiljanlegt af hverju íslensk stjórnvöld vilja vera með þá allra ströngustu löggjöf sem þekkist á Vesturlöndum þegar hægt er að finna aðrar lausnir sem takmarka áfengisauglýsingar en byggjast á meðalhófi, jafnræði og skynsemi. Til að mynda væri hægt að líta til Svíþjóðar, þar sem áfengisauglýsingar eru leyfðar með ýmsum ströngum skilyrðum. Undir þeim skilyrðum má til dæmis ekki beina áfengisauglýsingum að börnum og ungu fólki.

Án viðsnúnings frá vondri löggjöf sem veldur ójafnræði og setur ósanngjörn höft á kynningu á innlendri framleiðslu er ljóst að áfengi verður áfram auglýst, selt og drukkið á Íslandi. Bara ekki það íslenska.

HVAÐ KOSTA VERÐTRYGGINGIN OG KRÓNAN OKKUR?

Alþýðusamband Íslands boðar til opinna funda um vexti og verðtryggingu.

**Fimmtudaginn 1. desember kl. 17 á Grand Hótel - Gullteigi**

**Eru háir vextir og verðtrygging náttúrulögmál á Íslandi?**

Ræðumenn: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ
Fyrirspurnir og umræður

**Fimmtudaginn 8. desember kl. 17 á Grand Hótel - Gullteigi**

**Hvað kostar krónan heimilin í landinu?**

Ræðumenn: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ
Fyrirspurnir og umræður

**Fundarstjóri:** Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Við hvetjum fólk til að fjölmenna. **Þetta er hagsmunamál okkar allra.**

# Minningar

Minningar

Sigfinnur Þorleifsson
sjúkrahúsprestur



*Við skiptumst á minningum*
*aldir upp á sama heimili*
*og örfá ár á milli okkar.*

*En ég man ekki það fólk, sem*
*þeir tala um*
*andlit þess vilja ekki lifna í vit-*
*und minni.*

*Hjá mér vakna tiltekin nöfn og*
*ákveðið umhverfi*
*en hjá þeim önnur nöfn annarra*
*vina*
*í öðrum íbúðum*
*hjá öðrum fullorðnum.*

*Enginn ætti að vera nær manni*
*í sameiginlegum minningum*
*en systkini manns.*

*En það er eins og við allir eigum*
*sérminningar*
*og að hugarheimar okkar séu*
*ekki alveg eins.*

*Kannski muna þeir köllin frá*
*leikvellinum*
*öðruvísi en ég*
*kannski muna þeir tifið í ritvél-*
*inni hans pabba*
*öðruvísi en ég*
*kannski muna þeir munstrið á*
*teppunum*
*kvöldin í stofunni*
*og kökurnar hennar mömmu*
*öðruvísi en ég.*

*Kannski er sérhver manneskja ein*
*líka með minningar sínar?*
*(Efinn. Orð og mál eftir Björn*
*Sigurbjörnsson).*

Við munum margt af því sem við reynum hvort heldur það er blítt eða strítt. Ljúfar minningar leita m.a. á huga okkar margra á jólum og ilmur af ávöxtum kallar á myndbrot löngu liðinna daga hjá þeirri kynslóð sem kynntist ekki í annan tíma slíku fágæti. Hjá öðrum kveikja lykt og bragð aðrar og sárari minningar, þá situr kannski óbragðið af appelsíni eftir í kverkunum og hryllingsmyndir glataðrar bernsku láta á sér kræla. Stundum er reynslan svo sár að eina leiðin til að lifa af er að grafa hana djúpt niður í myrkur óminnis sem vitjar manns síðar á þann hátt að sársaukinn situr eftir og erfitt getur verið að raða minningarbrotunum saman. Það er ekki fyrr en einstaklingurinn fær liðsinni nærfærinnar fagmanneskju sem nýtur fullkomins traust að styrkurinn vex til að líta ekki undan og horfast í augu við allt það versta. Þetta er reynsla fjölmargra sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn.

Sú reynsla rænir barnið ótalmörgu sem jólin birta og boða. Þar má nefna sakleysið og traustið, þá grunnþætti mennskunnar sem skapa öryggi og sálarfrið. Niðurlag ljóðsins sem tilgreint er í upphafi á hér sérstaklega við, að vera einn með minningar sínar. Það er ekki aðeins barnið sem forðast sársaukann með því að reyna að gleyma. Það gera líka margir sem eiga aðrar myndir úr sama nærumhverfi og stendur ógn af því sem fellir skugga á þær.

Að baki helgimyndarinnar af fæðingu barnsins sem lagt var í lágan stall býr raunveruleiki útskúfunar þar sem ekki var rúm í gistihúsinu. Við skulum ekki líta undan heldur horfast í augu við raunveruleikann. Það kannast margir við gamansöguna af manninum sem var stolið af og fékk upp frá því viðurnefnið þjófur. Sú saga er þó nær en nokkurn kann að gruna. Þessi raunveruleiki blasir m.a. við konum í fjarlægu landi sem er nauðgað og njóta ekki réttaröryggis heldur hljóta fyrir það fangelsisdóm. Það vekur að vonum andúð okkar og hneykslan. Kannski ættum við að líta okkur nær?

# „Æ, hann er bara skotinn í þér“

Kynbundið ofbeldi

Hugrún R. Hjaltadóttir
sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu



Hver þekkir ekki þennan gamla frasa? Ég get sjálf ekki talið á fingrum annarrar handar hversu oft þetta var sagt við mig sem barn. Þegar ég heyrði þessi orð út undan mér á leikskólalóð fyrir stuttu tók hjartað í mér kipp og sú hugsun læddist að mér að í raun lýsir þessi setning og viðhorfin sem hún sýnir vel þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að ofbeldi karla gegn konum.

Frasinn „Æ, hann er bara skotinn í þér“ endurspeglar sérkennilega sýn á samskipti kynjanna og sendir stelpum og strákum ákveðin skilaboð sem vert er að skoða betur. Frasinn felur í sér þau skilaboð að stelpur eiga ekki að kippa sér upp við stríðni strákanna og kvarta undan framkomu þeirra. Þvert á móti eiga þær að vera þakklátar fyrir þá athygli sem þær fá.

Þetta leiðir óneitanlega til þess að grafa undan sjálfstrausti stelpna og getu þeirra til þess að setja mörk í samskiptum við aðra. Skilaboðin sem strákarnir fá eru engu skárri. Þeir læra að þeir þurfi ekki að virða þau mörk sem stelpur setja þeim í samskiptum og það sé í lagi að haga sér hvernig sem er til að fá athygli. Það hefur ekkert með það að gera hvort strákarnir séu skotnir í stelpunum í raun eða ekki, það skiptir ekki máli. Þeir fá hins vegar þau skilaboð að þetta sé eðlileg og árangursrík leið til að fanga athygli stúlkna.

Eru þetta skilaboðin sem við viljum senda börnunum okkar? Hvers konar samskipti viljum við að börnin okkar tileinki sér? Ég geri mér grein fyrir því að markmið þeirra sem nota frasann eru ekki úthugsuð og yfirleitt eru þau sögð í hálfkæringi, uppgjöf eða gríni. Skilaboðin sem þau senda eru þó alltaf hin sömu.

Aðstæðurnar sem kalla fram þennan gamla frasa eru í raun fullkomið tækifæri til að kenna börnum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu. Sýnum stelpunum að þær eiga rétt á því að setja öðrum mörk og að það sé hlustað á þær ef þeim finnst gengið á rétt sinn og þurfa aðstoð. Kennum strákunum að biðjast afsökunar og leiðbeinum þeim við að finna aðrar leiðir til að eiga frumkvæði að samskiptum.

Að læra samskipti sem einkennast af virðingu er flókið ferli sem krefst mikillar vinnu bæði af hálfu barnanna sjálfra og allra þeirra sem koma að uppeldi þeirra, hvort sem það eru foreldrar eða fagfólk. Þetta rótgróna viðhorf sem ég hef lýst hér vinnur gegn því að okkur takist að ala upp sjálfstæða einstaklinga sem eru öruggir í samskiptum við annað fólk, líka við fólkið sem það hrífst af. Setningin „Æ, hann er bara skotinn í þér“ er ein birtingarmynd menningarbundins vanda sem við verðum að vera meðvituð um og vinna markvisst gegn til að tryggja gagnkvæma virðingu í samskiptum kynjanna sem þau taka með sér inn í fullorðinsárin.



# 25% AF ÖLLUM
## SÓFUM OG SÓFASETTUM
### 1. - 4. DESEMBER





## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM!



### HANNAÐU ÞINN EIGIN HOUSTON EININGASÓFA



- 10 mismunandi einingar
- 4 mismunandi armpúðar
- 4 mismunandi viðarfætur eða krómfætur
- 80 mismunandi áklæði

ILVA kaffi
Samloka m/skinku og osti
Borið fram m/salati
**Verð 495,-**



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardagur 3.des 10-20
sunnudagur 4. des. 12-20

# Alþjóða alnæmisdagurinn

Alnæmi
Svavar G. Jónsson
formaður HIV Ísland



Alþjóða alnæmisdagurinn er í dag 1. desember. Á þessum degi er þess minnst um allan heim að sífellt verður að vera á varðbergi gagnvart útbreiðslu HIV og alnæmis. Minnst er með virðingu þeirra sem fallið hafa af völdum sjúkdómsins, þeim veittur styrkur með góðum hugsunum sem eru HIV-jákvæðir og ekki síst sendar þakkir til allra þeirra sem hafa lagt svo mikið af mörkum í baráttunni til að minnka skaðann sem HIV/alnæmi veldur.

**„Náum núllpunkti“**

WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin) hefur sent frá sér metnaðarfulla áætlun allt til ársins 2015 sem kallast „Getting to Zero“ eða eins og íslenska má hana „Náum núllpunkti“.

Þetta kallar auðvitað á að allir taki höndum saman, sem vinna að málefnum HIV-jákvæðra, með m.a. aukinni fræðslu til almennings. Yfirlýsing sem þessi er auðvitað áskorun á yfirvöld velferðarmála að veita aukið fjármagn til fræðslu og forvarna varðandi málaflokkinn.

**Þörfin á forvörnum og fræðslu**

HIV Ísland, alnæmissamtökin, hefur í ár eins og undanfarin ár staðið fyrir fræðslu um HIV og alnæmi. Megin áhersla hefur verið lögð á að hitta fyrir 9. og 10. bekkinga í grunnskólum þar sem í fræðslunni er ekki síst lögð áhersla á að unglingarnir sýni sjálfum sér og öðrum fulla virðingu í kynlífsathöfnum sem og daglegu lífi.

Fræðslustarfið er unnið í sjálfboðavinnu en þrátt fyrir það fylgir því margs konar kostnaður. Félagið hefur til þessa verkefnis notið styrkja ýmissa velvildaraðila og þar á meðal heilbrigðisyfirvalda. Það er alveg ljóst að með því að styrkja félagið til verkefnisins eru heilbrigðisyfirvöld að spara sér stórar upphæðir. Það myndi kosta margfalt meira ef hið opinbera stæði sjálft í þeirri útgerð. Þannig að yfirvöld mættu því alveg huga að því að láta meiri peninga af hendi til verkefnisins, þörfin á fræðslu og forvörnum er mikil.

> Því gerir félagið kröfu til opinberra aðila um það og gerum orð Öryrkjabandalags Íslands að okkar: Ekkert um okkur án okkar.

**Erfitt ár senn að baki, þó ástæða til bjartsýni**

Hér á landi hafa á árinu sem er að líða (miðað við 1. nóv.) greinst 17 einstaklingar HIV-jákvæðir, þrír af þeim með alnæmi og lést einn þeirra á árinu.

Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi ástand þó tala greindrajákvæðra tilfella (miðað við 1. nóv.) sé lægri en á síðasta ári þá er þetta sami fjöldi og greindist 1985, annar stærsti hópur frá upphafi greininga.

Nokkuð hefur breyst á undanförnum árum úr hvaða hópum þjóðfélagsins þeir koma sem greinast HIV-jákvæðir. Ef til vill má segja að sl. tvö ár hafi verið um nokkru erfiðari sjúklinga að ræða en áður. Þrátt fyrir það verður að tryggja að allir HIV-jákvæðir njóti lyfjameðferðar strax.

Þegar litið er yfir á heimsvísu eru þau ánægjulegu tíðindi að gerast að nokkuð hefur dregið úr útbreiðslu HIV og má rekja það til betra aðgengis fátækari landa að viðeigandi lyfjum.

Það er full ástæða til bjartsýni þar sem margt er að gerast í málefnum HIV-jákvæðra en jafnframt er algerlega ljóst að allir verða að halda vöku sinni varðandi útbreiðslu sjúkdómsins. Einstaklingurinn ber ábyrgð á sér, sínum athöfnum og tekur því afleiðingunum hverjar sem þær eru. Þó komin séu á markað lyf sem haldið geta HIV-veirunni innan smitandi marka þá er það ekki lækning og lyfjunum fylgja margvíslegar aukaverkanir. Það á hér við sem forðum var sagt „að brotið er ekki heilt þó saman hangi“.

**Umræðan**

HIV Ísland, sem málsvari HIV-jákvæðra og þeirra sem vilja berjast við þennan vanda, vill vera þátttakandi í umfjöllun yfirvalda um málefni tengd HIV og alnæmi. Því gerir félagið kröfu til opinberra aðila um það og gerum orð Öryrkjabandalags Íslands að okkar: „Ekkert um okkur án okkar.“

Opinber umræða í fjölmiðlum, um aukin smit, vandamál tengd útbreiðslu HIV meðal sprautufíkla og lyfjameðferð þeirra, hefur eðlilega verið mikil á árinu en líka oft verið óvægin. Núverandi stjórn félagsins hefur hins vegar á líðandi ári kosið að vera ekki áberandi í blaðaumfjöllunum þrátt fyrir þetta, heldur unnið störf sín í hljóði af þeim mun meiri festu og ákveðni.

Í upphafi HIV-faraldursins var hægt að benda á og segja: „nei ekki þessi – eða þessi er í hættu“ svo er ekki lengur, HIV-veiran fer ekki í manngreiningarálit þegar hún stingur sér niður, allir eru jafnir fyrir henni. Við skulum í baráttunni haga okkur eins, hætta að draga fólk í flokka sem stuðlar að fordómum heldur standa saman því við erum jú öll að berjast að sama marki.


Sendum gleði

Það er hugurinn sem skiptir máli.

JÓLIN Á hverju ári flytjum við jólagjafir á milli ættingja og vina frá öllum landshornum og dreifikerfi Póstsins iðar af lífi þegar gjafirnar fara að láta sjá sig á pósthúsum landsins. Pósturinn kemur þeim heim að dyrum viðtakanda, sem er einmitt einu skrefi frá jólatrénu.

Það skiptir engu málið hvað gjöfin er stór, Pósturinn kemur henni til skila. Það stoppar þig því ekkert ef þú vilt gefa afa þínum á Drangsnesi þvottavél og ömmu þinni flatskjá.

Bæði fyrir iPhone og Android

Pósturinn hefur látið smíða fyrir sig fyrsta póst-appið á Íslandi.




Pósturinn hefur innleitt enn eina tækninýjungina í póstsamskiptum landsmanna, sms-frímerki. Það er því hægt að nálgast frímerki allan sólarhringinn, allan ársins hring óháð opnunartíma Pósts- … sem selja frímerki um land allt.

Sms-frímerki er númer sem sendandi skrifar skýrt og greinilega efst í hægra horn sendingar, þar sem frímerkin eru venjulega sett. Hægt er fá sent sms-frímerki sem gildir fyrir allt að fimmtíu sendingar. Kostnaðurinn gjaldfærist á símreikning sendanda.

… ingar um pósthús og póstkassa út frá eigin staðsetnigu á korti.

Póst-appið er í stöðugri þróun og það má fastlega búast við því að á næstu mánuðum muni bætast við fleiri gagnlegir notkunarmöguleikar. Af nógu er að taka í fjölbreyttri þjónustu Póstsins.

Póst-appið er fáanlegt bæði fyrir iPhone og Android síma.

www.postur.is

Það þarf ekki mikið til að vekja góðar minningar um jólin. Einhver smáhlutur, mynd frá síðasta sumri, sokkapar eða falleg bók. Það er hugurinn sem skiptir máli.

Sendu hug þinn með Póstinum – heim að dyrum.

PÓSTURINN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 11-2390


Er rafhlaðan í lagi í þínum reykskynjara?
Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna. Njótum aðventunnar en látum kertaljós aldrei loga eftirlitslaust.
Sem viðskiptavinur Sjóvá geturðu sótt nýja rafhlöðu í reykskynjarann þinn í næsta útibúi.
ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ
SJÓVÁ



Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar
EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!
ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI OG GARÐABÆ. MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM
BUBBI MORTHENS
Veiðisögur
35% afsláttur
4.220KR.
6.499*KR.
30% afsláttur
1913 ELDGOS 2011
6.990KR.
9.990*KR.
VÍSINDIN
30% afsláttur
10.260KR.
14.660*KR.
RÖKKURHÆÐIR
30% afsláttur
RÚSTIRNAR
Birgitta Elín Hassell
2.300KR.
3.290*KR.
Landnám
30% afsláttur
4.890KR.
6.999*KR.
35% afsláttur
3.880KR.
5.980*KR.
35% afsláttur
Gunnar Finnsson
3.880KR.
5.980*KR.
SÓMAMENN OG FLEIRA FÓLK
30% afsláttur
4.400KR.
6.299*KR.
Ingimar H. Ingimarsson
SAGAN SEM VARÐ AÐ SEGJA
30% afsláttur
4.540KR.
6.490*KR.
Dagbók Ólafíu Arndísar
Kristjana Friðbjörnsdóttir
30% afsláttur
2.790KR.
3.999*KR.
Íslensku húsdýrin og Tröllí
30% afsláttur
2.580KR.
3.690*KR.
Skagfirskar skemmtisögur
35% afsláttur
1.930KR.
2.980*KR.
Góður matur – gott líf
30% afsláttur
4.190KR.
5.999*KR.
30% afsláttur
3.630KR.
5.199*KR.
KYNNING LAUGARDAG
SMÁRALIND KL. 14-16
KRINGLUNNI KL. 14-16
GARÐABÆ KL. 14-16
AKUREYRI KL. 14-16
*Upprunalegt verð
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
Gildir 1-4. desember.

# ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR Á BETRA VERÐI




30% afsláttur

2.300KR.
3.290*KR.




30% afsláttur

4.190KR.
5.999*KR.




35% afsláttur

4.530KR.
6.980*KR.




35% afsláttur

4.280KR.
6.590*KR.




30% afsláttur

3.830KR.
5.480*KR.




30% afsláttur

3.970KR.
5.680*KR.




30% afsláttur

3.970KR.
5.680*KR.




30% afsláttur

4.190KR.
5.990*KR.




30% afsláttur

4.190KR.
5.990*KR.




2.490KR.

ÁRITANIR LAUGARDAG 3. DES. SMÁRALIND KL. 14

**BUBBI** ÁRITAR VEIÐISÖGUR OG KYNNIR ÉG TRÚI Á ÞIG CD/DVD

**SOLLA** ÁRITAR OG KYNNIR HEILSURÉTTI HAGKAUPS




30% afsláttur

4.120KR.
5.899*KR.




30% afsláttur

4.190KR.
5.999*KR.




35% afsláttur

3.560KR.
5.490*KR.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# Óvissa um öryggi erfðabreyttra afurða?

Erfðabreytt matvæli



Jón Hallsteinn Hallsson
dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands

Sandra B. Jónsdóttir birti í Fréttablaðinu þann 23. nóvember sl. sína þriðju grein þar sem hún gerir að umfjöllunarefni erfðabreyttar lífverur. Ég hef séð mig knúinn til að svara greinum Söndru vegna misskilnings sem þar hefur gætt og endurtekinna rangtúlkana á niðurstöðum vísindagreina. Þessu kann Sandra illa og í þriðju grein sinni ber hún ekki aðeins enn og aftur á borð vafasamar túlkanir á vísindaniðurstöðum, samsæriskenningar og endurtekningar á fyrri rangfærslum heldur leitast hún nú einnig við að gera andmælanda sinn tortryggilegan í augum lesenda með því að ýja að tengslum við líftækniiðnaðinn.

Varðandi ábendingar mínar segir Sandra „[h]in harkalegu viðbrögð Jóns eru óþægilega lík viðbrögðum vísindamanna líftæknifyrirtækja…“. Ekki fæ ég séð hvernig þetta tengist upplýstri umræðu um erfðabreyttar lífverur, en lengra kemst Sandra ekki í að spyrða mig við líftæknifyrirtæki enda eru tengslin engin og hafa aldrei verið. En í hverju voru þessi „harkalegu viðbrögð“ mín fólgin? Er það harkalegt af minni hálfu að leiðrétta meinlegar villur sem birst hafa endurtekið í málflutningi Söndru og benda annaðhvort til vanþekkingar eða vilja til að afvegaleiða lesendur?

Sandra hefur fleiri tromp uppi í erminni. Þar sem það hentar grípur hún til þess ráðs að afgreiða fjölda vísindamanna sem rannsakað hafa erfðabreyttar lífverur, og jafnvel opinberar stofnanir, sem handbendi stórfyrirtækja líftækniiðnaðarins með vísan í órökstuddar samsæriskenningar. Þannig verður Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) að stofnun „þar sem áróðursmenn erfðatækni ráða lögum og lofum“. Þetta er eins og margt í málflutningi Söndru ekki stutt rökum.

Varðandi tilvísanir Söndru í vísindaniðurstöður þá hefur hún í fyrri greinum sínum eingöngu kynnt niðurstöður greina sem samræmast skoðunum hennar og þannig orðið uppvís að því að draga upp mjög einhliða og jafnframt ýkta mynd af flóknu máli. Í umfjöllun sinni hefur Söndru hins vegar láðst að geta þeirra fjölmörgu vísindagreina þar sem ekki hafa fundist neinar vísbendingar um þá skelfingu sem Sandra vill meina að fylgi líftækni í landbúnaði, en þær hlaupa á hundruðum og eru margfalt fleiri en greinarnar sem Sandra kýs að vísa í máli sínu til stuðnings.

Sandra heldur áfram fyrri iðju og kýs að þessu sinni að vísa í rannsóknir franskra vísindamanna sem birtust árið 2009. Gera verður ráð fyrir að hér sé vísað í niðurstöður Gilles-Eric Séralini o.fl. sem þeir birtu árin 2007 og 2009 (1,2) en þar er um að ræða tölfræðilega úttekt á fóðrunartilraunum með erfðabreyttan maís. Niðurstöður Séralini o.fl. hafa vakið mikla athygli og hafa greinar þeirra verið yfirfarnar af óháðum aðilum (t.d. heimild 3 og heimasíða EFSA). Niðurstaðan er sú að aðferðir Séralini o.fl. voru ófullnægjandi og niðurstöðurnar gáfu því ekki vísbendingar um raunveruleg eitrunaráhrif af erfðabreytta maísnum, eins og Séralini o.fl. vildu halda fram, heldur áhrif af náttúrulegum breytileika innan rottuhópsins sem notaður var í tilrauninni.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir áhyggjur Söndru af tengslum vísindamanna og hagsmunaaðila sér hún ekki ástæðu til að nefna að rannsóknir Séralini o.fl. voru styrktar af Grænfriðungum (Greenpeace) en þau samtök eru einarðir andstæðingar erfðabreytinga í landbúnaði. Skyldi það hafa haft áhrif á niðurstöður Séralini o.fl. eða þurfa bara sumir vísindamenn að sitja undir dylgjum um óheiðarleika og fylgispekt við hagsmunaaðila?

Þá beitir Sandra einnig þeirri vel þekktu aðferð að endurtaka fyrri rangfærslur í von um að séu ósannindi endurtekin nógu oft hljómi þau að endingu sem sannleikur. Staðreyndin er hins vegar sú að þó Sandra endurtaki þá fullyrðingu að Aris og Leblanc (4) hafi sýnt fram á „flata genatilfærslu“ þá er það nú samt þannig að þeir minnast aldrei einu orði á genatilfærslu í grein sinni. Það mun ekki breytast þó öðru sé haldið fram endurtekið á síðum Fréttablaðsins.

Þrátt fyrir gagnrýni mína á greinar Söndru þá er þó eitt sem við erum sammála um og það er mikilvægi þess í opinberri umræðu að tekið sé með fyrirvara málflutningi einstaklinga sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Allra mikilvægast er þó að umræða um erfðatækni sé upplýst og byggi á sannreyndum vísindalegum niðurstöðum en ekki hræðsluáróðri og vanþekkingu.

(1) Séralini o.fl. 2007. Arch Environ Con Tox 52[4]: 596-602. (2) de Vendomois o.fl. 2009. Int J Biol Sci 5[7]: 706-721. (3) Doull o.fl. 2007. Food Chem Toxicology 45[11]: 2073-2085. (4) Aris og Leblanc. 2011. Reprod Toxicol 31[4]: 528-533.

# Beint lýðræði á Íslandi

Lýðræði



Guðmundur Franklín Jónsson
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Lýðræðishallinn á Íslandi birtist í því m.a. að þegar kjörnir fulltrúar setjast í stóla sína, þá gleyma þeir kosningaloforðum sínum. Við verðum að finna nýjar leiðir til þess að kveikja áhuga almennings til stjórnmálaþátttöku. Stjórnmálahreyfingin Hægri grænir, flokkur fólksins vill þróa beint lýðræði á Íslandi og tryggja skattgreiðendum aðgang að nýjustu upplýsingum á ódýran og öruggan hátt.

Þátttöku í stjórnmálum verður að gera eins auðvelda fyrir almenning og finna verður tæknilegar leiðir til þess að fá sem flesta til að taka þátt. Traust almennings á stjórnvöldum hefur minnkað jafnt og þétt síðustu áratugi og er nú í sögulegu lágmarki, en 90% kjósenda treysta ekki Alþingi. Besta leiðin að aukinni þjóðfélagssátt, betri stjórnmálaumræðu og réttlátara samfélagi er að auka vægi beins lýðræðis og gera lýðræðisþátttöku auðveldari.

Það eru 5% almennings sem taka virkan þátt í stjórnmálum í heimalöguðu kerfi, en við verðum að gera betur og sníða pólitíska kerfið að hinum 95% sem vilja láta sig pólitík varða, þó ekki nema væri bara stundum. Íslendingar kippa sér ekki upp við að koma upp allskyns aðstöðu fyrir áhugafólk t.d. fótbolta- og golfvöllum o.s.frv. sem er ekki eingöngu ætlað fyrir atvinnumenn og gætu Íslendingar farið eins að, þ.e. að færa stjórnmálin nær fólkinu.

Til þess að leysa þetta mætti vopna alla kosningabæra landsmenn með spjaldtölvum. Ávinningurinn með því að virkja landsmenn með spjaldtölvum í þjóðfélagsumræðuna er margvíslegur fyrir utan augljóst kostnaðarahald. Þjóðfélag okkar þarfnast þátttöku almennings vegna mikilvægra málefna sem eru að hrjá þjóðfélagið í dag eins og efnahagslífið, félagslega kerfið og umhverfið o.s.frv.

Hafa mætti rafrænar kosningar t.d. í félög, sveitarfélög, stjórnir lífeyrissjóða og verkalýðsfélög og síðast en ekki síst þjóðaratkvæðagreiðslur, eins oft og þarf. Íslendingar hafa nú þegar komið sér upp rafrænum skilríkjum sem tryggir persónuvernd. Rafræn skilríki bjóða upp á mikið hagræði og sparnað sem einfaldar aðgengi og eykur öryggi í samskiptum.

Verslun og viðskipti, samskipti og upplýsingaöflun, dreifing mynda, bóka og tónlistar á netinu hefur gjörbreytt lífi fólks. Heimurinn er við fingurgómana á neytandanum. Apple, Facebook, Twitter, Google, Amazon, Skype, Ebay o.s.frv. hafa gjörbylt heimsmenningunni og umgengnisháttum. daga, þar er hægt að ná til þeirra, því þar tala þau saman. Þessi hópur deilir hugmyndum, menningu, „apps“ (viðeiganleika/notendatækni) sín á milli. Schmidt bætir því við að frekari aðlögun, aðgengi og notkun internetsins komi til með að skapa tvo heima – raunveruleikaheim þar sem ríkið stjórnar sínum þegnum og sýndarveruleikaheim þar sem almenningur getur haft áhrif.

Ekki er síður mikilvægt að við berum gæfu til að nýta tæknina til aukins félagslegs jafnréttis og til eflingar íslenskrar tungu og menningar. Internetið er yfirfullt af erlendu efni af misjafnri gerð og verðum við að halda vöku okkar fyrir óæskilegu efni sem fylgir ótakmörkuðum aðgangi að upplýsingum og nota öll tiltæk ráð í það að stöðva ólöglegt efni. Mikilvægt

> Hagvöxtur framtíðarinnar byggir á hátækni, hraða, aðgangi að upplýsingum og hæfileikum til að nýta þær.

Sjóndeildarhringur einstaklinga, samskipti manna og þjóða er að gjörbreytast og til verða ný svið í viðskiptum og dreifingu fjölbreyttrar menningar.

Forstjóri Google, Eric Schmidt, vill meina að framtíðarþróun internetsins komi til með að halda ríkisstjórnum við efnið, þar sem almenningur sé að tileinka sér notkun og tækifæri netsins og nýti þetta nýja vald til þess að kanna rétt sinn. Hann segir: „Á meðal þjóða og smærri samfélaga á jörðinni er fólkið að snúa sér að internetinu til þess að halda ríkisstjórnum heiðarlegum. Uppljóstranir hafa aldrei verið auðveldari.“

52% af íbúum heimsins eru undir 30 ára að aldri og það er þessi aldurshópur sem kemur til með að hafa meiri áhrif en menn grunar í framtíðinni, en þessi aldurshópur er einmitt sá hópur sem notar netið mest. Þessi aldurshópur er á netinu alla er að huga vel að menningarlegri og félagslegri hlið þeirra breytinga sem upplýsingasamfélagið býður upp á.

Þátttöku allra þjóðfélagsþegna verður að tryggja og virkja í okkar nýju samfélagsgerð svo ekki myndist tveir hópar, þeir sem nota tölvur og nýjustu tækni og svo þeir sem ekki tileinka sér það. Hagvöxtur framtíðarinnar byggir á hátækni, hraða, aðgangi að upplýsingum og hæfileikum til að nýta þær. Netið er stærsta fræðslu- og upplýsingastofnun veraldar. Stjórnmálaumræða framtíðarinnar mun fara fram í netheimum. Frí þráðlaus nettenging og háhraðanet verður að vera í þéttbýliskjörnum. Þetta er framtíðin og Íslendingar með eitt elsta löggjafarþing veraldar eiga að vera brautryðjendur í þróun beins lýðræðis í heiminum. Allt sem til þarf er hugdjörf framtíðarsýn og vilji til verks.

# Efasemdir um Vaðlaheiðargöng

Samgöngumál



Guðmundur Karl Jónsson
farandverkamaður

Hart er deilt um hvort arðsemi verði af Vaðlaheiðargöngum á meðan verið er að reikna allar tölur upp á nýtt miðað við breyttar forsendur. Bent hefur verið á að fyrri arðsemisútreikningar vegna jarðganganna undir heiðina standi á veikum grunni. Þá var gert ráð fyrir lægri framkvæmdakostnaði og enn meiri umferð.

Stuðningsmenn Vaðlaheiðarganga í Norðausturkjördæmi kunna vel til verka þegar þeir berjast gegn fyrirhuguðum Norðfjarðargöngum í þeim tilgangi að afskræma allar staðreyndir um grjóthrunið í Oddskarðsgöngunum. Takmörk eru fyrir því hversu hátt veggjald á hvern bíl má innheimta þegar haföur er í huga heildarfjöldi ökutækja sem fer um Víkurskarðið á sólarhring.

Hjá fyrrverandi og núverandi landsbyggðarþingmönnum fást engin svör þegar spurt er hvort sala ríkiseigna sem átti að fjármagna Dýrafjarðar-, Fáskrúðsfjarðar- og Héðinsfjarðargöng hafi snúist upp í pólitískan skrípaleik. Fyrir tæpum tólf árum lýsti Sturla Böðvarsson, þáverandi samgönguráðherra, því yfir í fjölmiðlum að öll þessi jarðgöng sem Alþingi samþykkti í febrúar árið 2000 yrðu fjármögnuð með sölu ríkiseigna.

Samhliða Vaðlaheiðargöngum telur meirihluti Norðlendinga sem snerist gegn jarðgangagerð inni í Héðinsfirði þetta sama ár að veggjöng úr Hjaltadal yfir í Hörgárdal styrki byggðir Eyjafjarðar og Skagafjarðar enn betur sem öflugt mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Margir þingmenn innan stjórnarflokkanna treysta því ekki að fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng standi undir sér með innheimtu veggjalda.

Brýnustu vegaframkvæmdirnar sem ættu að vera á undan jarðgöngunum undir heiðina gegnt Akureyri eru Norðfjarðargöng, Dýrafjarðargöng og veggöng undir Fjarðarheiði. Fyrr getur viðkomustaður Norrænu aldrei fengið örugga vegtengingu við Egilsstaði og Fljótsdalshérað á meðan Seyðfirðingar sitja uppi með snjóþungan veg í 640 m hæð á illviðrasömu svæði sem fær héðan af engar undanþágur frá hertum öryggiskröfum ESB. Umræða um forgangsröðun jarðganga má ekki snúast upp í illvíga hreppapólitík og kjördæmapot á landsbyggðinni.

Stór hópur þingmanna í báðum stjórnarflokkunum vill fá tryggingu fyrir því að arðsemi verði af fyrirhuguðum Vaðlaheiðargöngum áður en ákvörðun er tekin um þessa vegaframkvæmd. Í samgöngunefnd Alþingis eru efasemdir um að rekstur ganganna geti staðið undir endurgreiðslum og vöxtum. Í kjölfarið getur ríkissjóður fengið skellinn sem skattgreiðendunum yrði fljótlega refsað fyrir með stórauknum álögum.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri sem telur þessi veggöng undir Vaðlaheiði ótímabær skal svara því hvort ekki sé heppilegra að hefja fyrst framkvæmdir við Norðfjarðargöng og síðar Dýrafjarðargöng sem upphaflega voru ákveðin í öðrum áfanga á eftir Héðinsfjarðargöngum.

Óvissa um arðsemi Vaðlaheiðarganga réttlætir ekki að slæmt ástand í samgöngumálum Seyðisfjarðar, Norðfjarðar og á sunnanverðum Vestfjörðum víki fyrir þessari einkaframkvæmd. Á Eyjafjarðarsvæðinu, í sveitunum austan Vaðlaheiðar og víðar er vonlaust að kveða niður allar efasemdir um að þessi veggöng undir heiðina standi undir sér með innheimtu vegtolla á hvern bíl. Yfir sumarmánuðina fara um Víkurskarð á bilinu 1.200-1.500 bílar á sólarhring.

Allir þingmenn Norðausturkjördæmis vita ósköp vel að þessir vegtollar breyta engu þótt umferð í gegnum Vaðlaheiðargöng yrði um 2.500-3.000 bílar á dag fari svo að þessi jarðgöng verði nú dýrari en Héðinsfjarðargöngin sem kostuðu 12 milljarða króna. Talsmenn FÍB hafa lýst áhyggjum sínum af því að þetta veggjald geti orðið mikið hærra en í Hvalfjarðargöngunum. Líkurnar fyrir því að umferð í gegnum göngin undir Vaðlaheiði verði um 4.000 bílar á sólarhring eru einn á móti tíu milljónum. Eitt þúsund króna veggjald stendur aldrei undir launum starfsmanns án þess að umferð í gegnum Vaðlaheiðargöng verði 9.000 ökutæki á dag.

Öll rök mæla með því að óhjákvæmilegt sé að framkvæmdir við Norðfjarðargöng skuli hefjast 2012 hvort sem hætt verður við Vaðlaheiðargöng eða ekki. Viðurkennt er af mörgum fyrrverandi þingmönnum Norðlendinga að veggöngin undir Vaðlaheiði hefði frekar átt að ákveða á undan jarðgangagerðinni í Héðinsfirði árið 1995 í tíð Halldórs Blöndal þáverandi samgönguráðherra.

www.optima.is
RICOH



Aficio MP C300 með skáp.
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Takmarkað magn
Sértilboð
kr. 499.900.-
STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar
Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

# FYRIR FAGMENN UM JÓLIN

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

# SINDRI

## VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA

TILBOÐ
FYRIR FAGMENN UM JÓLIN



IBTGCAI5102
**TOPP, BITA OG SEXKANTASETT.**
51 STK. 1/4" 4 - 14 mm
Fullt verð 10.350 kr
**7.900** m/vsk



IBTGCAI9402
**TOPPLYKLA OG BITASETT.**
94 STK. 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fullt verð 24.600 kr
**16.900** m/vsk



IBTGCAI130B
**VERKFÆRASETT 130 STK.**
Fastir lyklar, bitar. Millimetra og tommu-toppar.
Fullt verð 37.900 kr
**26.900** m/vsk



IBTJGAI4001
**SNITTTAPPA, OG BAKKASETT.**
3 - 12 mm
**9.900** m/vsk

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM



IBTGAAI5502
**TOPPLYKLA, OG BITASETT.**
55 STK. 1/2" 10 - 32mm
Fullt verð 21.600 kr
**14.900** m/vsk



IBTGCAI6001
**TOPPLYKLA, OG BITASETT.**
60 STK. 3/8" 6 - 24mm
Fullt verð 16.900 kr
**11.900** m/vsk

TILBOÐ
FYRIR FAGMENN UM JÓLIN



IBTGCAI2802
**TOPPLYKLASETT 28 STK.**
1/2" 8 - 32 mm
Fullt verð 14.900 kr
**9.900** m/vsk



IBTGAAI4201
**TOPP, OG FASTLYKLASETT.**
1/2"
Fullt verð 19.900 kr
**13.900** m/vsk

TILBOÐ
FYRIR FAGMENN UM JÓLIN





**129.900** m/vsk
Fullt verð 159.900

**158 STK - VERKFÆRAVAGN.**
Fastir lyklar, topplyklasett, tangir, skrúfjárn og fl.

10.000 KR
KAUPAUKI
*TOPTUL VERKFÆRI AÐ EIGIN VALI



**44.900** m/vsk

*Gildir ekki á tilboðsvörum

**VINNUBORÐ Á HJÓLUM.**
Með skúffu og hillu - TOPTUL verkfærabakkar passa í skúffuna

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur - Tilboð gilda í desember eða á meðan birgðir endast

# Náum núllpunkti!

Alnæmi

Már Kristjánsson
yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítala



Bergþóra Karlsdóttir
hjúkrunarfræðingur



Þema alnæmisdagsins 2011 er Náum núllpunkti (Getting to Zero).

Það eru samtökin The World AIDS Campaign sem ákvarða þema alnæmisdagsins og í ár beina þau sjónum sínum að útrýmingu dauðsfalla af völdum alnæmis og þannig þrýsta þau á stjórnvöld um víða veröld að auka aðgengi að meðferð. Af 33,3 milljónum HIV-smitaðra í heiminum í dag er talið að 15 milljónir þurfi á ævilangri meðferð að halda. Aðeins þriðjungur þeirra á kost á meðferð. Meginmarkmið samtakanna eru engin nýsmit af HIV, engir fordómar gagnvart HIV-smituðum og engin dauðsföll af völdum alnæmis. Til að ná þessum markmiðum er sett fram eftirfarandi áætlun í 10 liðum fram til ársins 2015:

- Smiti gegnum kynmök fækki um helming og einkum er lögð áhersla á ungt fólk, samkynhneigða og þá sem stunda vændi.
- Smit frá móður til barns við fæðingu verði úr sögunni og dauðsföllum mæðra vegna alnæmis, fækki um helming.
- Nýsmit vegna fíkniefnaneyslu verði úr sögunni.
- Alþjóðlegt aðgengi að veirulyfjum fyrir HIV-smitaða sem þurfa á þeim að halda.
- Dauðsföllum af völdum berkla meðal HIV-smitaðra fækki um helming.
- HIV-smituðum og aðstandendum þeirra verði tryggð með lögum félagsleg réttindi og aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og stuðningi.
- Löndum sem hafa ströng hegningarákvæði vegna HIV-smits, vændis, fíkniefnaneyslu eða samkynhneigðar sem koma í veg fyrir nauðsynlega þjónustu, verði fækkað um helming.
- Löndum sem hafa HIV-tengdar hömlur á komu, landvistarleyfi og búsetu, verði fækkað um helming.
- Sérstakar þarfir HIV-smitaðra kvenna og stúlkna verði virtar.
- Kynbundið ofbeldi verði ekki liðið.

World AIDS Campaign leggur til að í hverju landi fyrir sig verði einn eða fleiri þessara punkta árlega settir í brennidepil þannig að öllum markmiðum verði náð 2015.

> Það er ábyrgð okkar allra í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld á Íslandi að vinna að því að ná markmiðum The World AIDS Campaign fyrir árið 2015!

### Hver er staðan á Íslandi?

Fyrsta tilfelli HIV-sýkingar var greint á Íslandi árið 1983. Fram til ársloka 2010 hafa alls 257 einstaklingar á Íslandi greinst. Dauðsföll af völdum alnæmis eru 38 frá upphafi en 66 einstaklingar hafa greinst með alnæmi. Það sem af er þessu ári hafa 20 einstaklingar greinst til viðbótar með HIV. Bætt HIV-lyfjameðferð og gott aðgengi smitaðra einstaklinga að þjónustu hefur gjörbreytt lífslíkum þeirra. Barnshafandi HIV smitaðar konur fá viðeigandi lyfjameðferð á meðgöngu. Barnið fær lyfjameðferð fyrstu vikur ævi sinnar og ekkert þessara barna er smitað af HIV.

Á Íslandi hefur einstaklingum með nýtt HIV-smit fjölgað seinustu ár og mesta fjölgunin er í hópi þeirra sem sprauta sig með fíkniefnum. Af þeim 20 einstaklingum sem hafa greinst með HIV-smit það sem af er þessu ári hafa 13 smitast við notkun fíkniefna.

Enn eru fordómar gagnvart HIV-smituðum. Fæstir þeirra þora að segja frá smitinu af ótta við fordóma meðal vinnufélaga, fjölskyldu og vina. Fyrir utan álag sem fylgir því að greinast með langvinnan sjúkdóm, valda fordómar mikilli byrði fyrir hinn smitaða.

Samtökin HIV Ísland hafa unnið mikið forvarnarstarf síðustu 23 ár með fræðslu og öflugri baráttu gegn fordómum og staðið fyrir umfangsmiklu fræðslustarfi í grunnskólum landsins seinustu 10 árin. HIV Ísland og Göngudeild smitsjúkdóma á Landspítala hafa staðið fyrir fræðslu fyrir meðferðarstofnanir og fangelsi.

Á Göngudeild smitsjúkdóma á Landspítala er boðið upp á lyfjaeftirfylgd og stuðning fyrir þá HIV-smitaða sem eru í neyslu eða eru að koma sér úr neyslu. Þar er einnig boðið upp á ráðgjöf fyrir þá sem óska eftir HIV-prófi. Bæði ráðgjöfin og blóðprufan er einstaklingnum að kostnaðarlausu. Starfsmenn verkefnisins Frú Ragnheiðar á vegum Reykjavíkurdeildar Rauða Kross Íslands hafa unnið mikið forvarnarstarf í Reykjavík með dreifingu ókeypis nála og sprauta auk fræðslustarfs. Aðgengi að hreinum nálum og sprautum þarf að vera til staðar allan sólarhringinn, alla daga en slíku er ekki til að dreifa í dag. Ekki má gleyma að HIV er kynsjúkdómur og því er nauðsynlegt að auka aðgengi að smokkum. Í dag eru smokkar lúxusvara með álögur í Ríkissjóð í samræmi við það.

Í allri þeirri umræðu sem hefur verið undanfarin misseri um HIV-smit meðal fíkniefnaneytenda á Íslandi verður að hafa hugfast, að flestir með HIV-smit hérlendis hafa ekki smitast vegna fíkniefnaneyslu heldur með kynmökum. Flestir þeirra stunda vinnu og lifa lífinu á sama hátt og sá sem er ósmitaður.

Það er ábyrgð okkar allra í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld á Íslandi að vinna að því að ná markmiðum The World AIDS Campaign fyrir árið 2015! Í þema alnæmisdagsins 2011 endurspeglast bjartari framtíðarsýn en áður fyrir alþjóðasamfélagið, bæði gagnvart HIV-smituðum og forvörnum gegn HIV-smiti. Hverjum hefði dottið í hug í árdaga faraldursins að það væri raunhæft markmið að komast á núllpunkt?

# Þakkir

Menning

Jakob Frímann Magnússon
Formaður FTT, Félags tónskálda og textahöfunda



Vorið 1991 afhenti Björk Guðmundsdóttir þáverandi menntamálaráðherra, Svavari Gestssyni, kröfu fyrir hönd íslenskra tónlistarmanna um að jafnræðis skyldi gætt milli listgreina í nýjum lögum um virðisaukaskatt. Nýkynnt stefna ríkisstjórnar var nefnilega á þann veg að allar listgreinar skyldu undanþegnar virðisaukaskatti – nema hryntónlist og tónlist á geisladiskum. Þetta skóp mikinn samkeppnishalla, ekki síst milli útgefenda vsk- fjálsra bóka og vsk-skyldra geisladiska og bitnaði mjög á tónlistarfólki. Eftir fimmtán ára baráttu náði SAMTÓNN, Samtök tónlistarrétthafa, þeim langþráða árangri gagnvart stjórnvöldum árið 2007 að geisladiskar og bækur skyldu loks færðar í sama virðisaukaskattþrep, 7% , en bækur höfðu þá um allangt skeið borið 14% og tónlist 24,5%. Eftir sat hins vegar tónlist í rafrænu formi sem enn bar 24,5% virðiskaukaskatt – og sama gilti um rafbækur.

Þökk sé efnahags- og skattanefnd undir forystu Helga Hjörvar að leiðrétting þessa átti sér nýverið stað. Þetta fór ekki hátt en Dagur íslenskrar tónlistar er kjörinn til að vekja athygli á þessari réttmætu og langþráðu leiðréttingu.

Tuttugu ára baráttu tónlistafólks og útgefenda fyrir þessu sjálfsagða og brýna jafnréttismáli er hérmeð lokið. Aukinn skilningur á gildi stéttarinnar og framlagi hennar til samfélagsins speglast í ákvörðun efnahags- og skattanefndar. Henni skulu færðar bestu þakkir.




# Aðeins meira af leikskólamálum Jón

Leikskólamál

Haraldur F. Gíslason
Formaður Félags leikskólakennara



Ég vil byrja á því að þakka þér ágæti borgarstjóri fyrir málefnalega grein um leikskólamál og skorti á gullnámum undir Ráðhúsi Reykjavíkur. Allir leikskólakennarar sem ég þekki gera sér fulla grein fyrir því að engar gullnámur eru í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þeir vita hins vegar að börn eru gullnámur og hlutverk leikskólakennara er að fá þau til að glóa. Ég hef nú samt ýmislegt um fullyrðingar þínar í annars ágætri grein að athuga.

Það er rétt sem þú segir að talsverður hiti var í leikskólakennurum þegar sest var við samningaborðið, vegna þess að þeir höfðu dregist verulega á eftir viðmiðunarstéttum í launum. Kröfðust leikskólakennarar þess að laun þeirra yrðu leiðrétt. Viðsemjendur okkar viðurkenndu að talsverður launamunur hafði myndast á leikskólakennurum og viðmiðunarstéttum en voru fyrst um sinn ekki sammála því að það ætti að leiðrétta hann núna. Eins og flestir vita kostaði það harða baráttu að knýja fram samkomulag um tímasetta launaleiðréttingu.

Mjög snemma í samningaferlinu buðum við upp á þann kost að hluti launaleiðréttingarinnar væri gerður með því að binda í kjarasamninga hið svokallaða neysluhlé. Því var alfarið hafnað af þeim aðilum sem fara með samningsumboðið fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Sú leið sem var farin er allt önnur og er vel útlistuð í fylgiskjali 3 í kjarasamningi. Það er því mjög ósmekklegt að halda því fram að vegna þess að við höfðum boðið upp á þessa leið værum við að samþykkja að þessar greiðslur yrðu teknar af leikskólakennurum í Reykjavík þegar blekið á nýgerðum kjarasamningi væri þornað.

Það kom fáum leikskólakennurum á óvart að Reykjavíkurborg skyldi fella niður neysluhléið, enda er það búið liggja í loftinu á hverju ári frá því 2008. Það sem kom eins og köld vatnsgusa framan í leikskólakennara í Reykjavík var að greiðslurnar yrðu eingöngu teknar af þeim sem eru í Félagi leikskólakennara. Með því erum við ekki að hvetja til þess að þeir sem eru í Félagi stjórnenda leikskóla, Starfsmannafélagi Reykjavíkur, BHM eða Eflingu missi þessar greiðslur, heldur fögnum við því að þetta fólk haldi laununum sínum. Við mótmælum því hins vegar harðlega að sitja ekki lengur við sama borð.

Það er ekki rétt sem þú segir að Reykjavík sé eina sveitarfélagið sem greiði neysluhlé því Húsavík gerir það líka. Allt tal um að það sé minna álag á leikskólum í Reykjavík í dag en árið 2007 vísa ég til föðurhúsanna. Máli mínu til til stuðnings bendi ég á bréfið „Hvaða fiskur er í Reykjavík?“ sem ég sendi þér og öðrum ráðamönnum hjá borginni um afleysingarmál 24.10. sl. Hvorki þú né aðrir sáu sér fært að svara því bréfi efnislega. Bréfið var eingöngu ritað til að vekja athygli á því sem ég tók svo vel eftir þegar ég byrjaði í starfi formanns Félags leikskólakennara. Þegar mér var ljóst að bréfinu yrði ekki svarað hafa birst viðtöl við mig um efni þess í blöðunum Fréttatímanum og Reykjavík. Ég fagna því að þú viðurkennir að bæta þurfi starfsumhverfi leikskólakennara eins og kemur fram í niðurlagi greinar þinnar. Við vitum nefnilega báðir að það að viðurkenna vandann er fyrsta skrefið.



**Fyrirsætur** margra hönnuða voru með hárið tagli á tískusýningum fyrir vor og sumar 2012. Sömu sögu má segja um tískudrósir sem sátu á fremstu bekkjum, þar á meðal á sýningu Marni. Gæti því verið að tagl, af ýmsum toga, komi sterkt inn með hækkandi sól.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



NÝR OG GLÆSILEGUR



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

Vertu vinur

teg PRALINA - rosalega flottur í B,C,D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-


**Eysteinn Sigurðarson spyrill MonitorTV segir frá reynslu sinni af fatakaupum í London og hér á landi.**

# Smekkmaður með meiru

Eysteinn Sigurðarson hefur undanfarna mánuði birst landsmönnum sem spyrillinn í MonitorTV á mbl.is. Jafnframt vinnur hann í félagsstarfi með þroskahömluðum í Hinu húsinu.

„Ef þú spyrð vini mína kemst þú að því að ég er smekkmaður með meiru. Hvort sem það er á mat, tónlist eða föt. Samt sérstaklega á mat. Ef ég vakna um miðja nótt og kíki í ísskápinn er ekki nóg fyrir mig að fá mér brauð með osti heldur þarf það að vera einhver snitta með chilisultu. Það er eins með fötin. Maður þarf að velja eitthvað sem aðrir klæðast ekki.“

Í mánuðinum skellti Eysteinn sér í helgarferð til London með vini sínum. Þar skoðuðu þeir félagar leiklistarskóla, sáu leikritið 39 þrep á West End og þræddu verslanir borgarinnar.

„Ég verslaði helst í H&M en keypti samt nokkrar sérstakar flíkur í öðrum búðum.“

Í einni verslun Camden-markaðarins heillaðist Eysteinn af nær öllum fötunum. Þegar hann hóf hins vegar að máta komst hann að þeirri óskemmtilegu staðreynd að allar flíkur búðarinnar voru í einni stærð, sem var aðeins of lítil á hann.

;FRAMHALD | 3




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Eirberg

Mediflow heilsukoddinn

Einstakur heilsukoddi með mjúku yfirlagi og vatnsfyllingu.

Stillanlegur vatnspúði sem veitir fullkominn stuðning

Minnkar verki í hálsi.

Eykur svefngæði

9.750 kr.



Gefðu góða sjöl

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



20% afsláttur
af öllum yfirhönum

Hlýjar úlpur og vandaðar kápur í úrvali

Stærðir 36-52

Vertu vinur okkar á facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16




Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa
★★★★★

Sofðu vel um jólin

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is



**Marni** hannar fyrir vorlínu H&M 2012. Þetta var tilkynnt í vikunni, en áður hafa hátískuhönnuðirnir Sonia Rykiel og Donatella Versace hannað línu fyrir fyrirtækið við góðan orðstír.




















Ásdís Jóelsdóttir, textíl- og framhaldsskólakennari, hefur sett saman fyrstu íslensku saumahandbókina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslensk handbók um sauma

**Fatasaumur, saumtækni í máli og myndum fyrir byrjendur og lengra komna, er heiti nýrrar bókar eftir Ásdísi Jóelsdóttur, textíl- og framhaldsskólakennara. Bókin kom glóðvolg úr prentsmiðjunni í gær.**

„Það hefur ekki verið til gott efni til kennslu í fatasaumi á íslensku áður, fyrir utan þýddar bækur. Þetta er fyrsta íslenska saumahandbókin,“ útskýrir Ásdís Jóelsdóttir, textíl- og framhaldsskólakennari en hún hefur sett saman 192 blaðsíðna leiðbeiningabók í fatasaum.

Í bókinni fer Ásdís yfir ferlið allt frá því að hugmyndin að því að sauma flík kviknar og þar til búið er að ganga frá henni. Ásdís teiknar sjálf allar útskýringamyndir í bókinni.

„Ég lagði mikið í að textinn væri hnitmiðaður, jarðbundinn og skýr en ég vildi hafa bókina tímalausa,“ segir Ásdís. „Myndirnar gefa bókinni heimilislegt yfirbragð og einnig er hún bundin inn með gormi svo hægt er að leggja hana flata. Ég útset bókina eins og ég myndi vilja kenna að sauma. Stærsti kaflinn er um saumtækniaðferðir en einnig fer ég yfir sögu tískunnar og í hugmyndavinnu í fatagerð. Þá fer ég yfir hvernig taka á mál og hvernig taka á upp snið, breyta þeim eftir persónulegum málum og leggja snið á efni.“



Stærsti kaflinn í bókinni er um saumtækniaðferðir.

Ásdís byggir á langri reynslu í kennslu en hún hefur kennt fatasaum bæði á námskeiðum og í framhaldsskólum í 26 ár. Hún segir mikið ferli fylgja því að sauma flík en aftast í bókinni er að finna vinnuferli við saumavinnu á ýmsum algengum flíkum þar sem vísað er í útskýringar framar í bókinni.

„Oft er erfitt fyrir byrjendur að átta sig á því á hverju á að byrja og röðinni á því að setja saman flík. Það er ekki hægt að rekja upp og byrja upp á nýtt eins og þegar verið er að prjóna,“ útskýrir Ásdís.

Bókin er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Hagþenki og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hafði Ásdís gengið með hugmyndina að bókinni í maganum lengi. Hún er þó ekki ókunn bókaútgáfu því fyrir liggja eftir




Í bókinni fer Ásdís yfir ferlið allt frá því að hugmynd að því að sauma flík kviknar og þar til búið er að ganga frá henni.

hana bækurnar Tíska aldanna og Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi, auk þess sem Ásdís hefur þýtt erlendar saumahandbækur. Hún segir þó tilfinnanlega hafa vantað íslenska saumahandbók. „Það er mikill áhugi á fatasaum á Íslandi og mikilvægt að hafa kennsluefni á íslensku.“

*heida@frettabladid.is*


20% kynningartilboð á öllum sokkabuxum og sokkum



Fáðu sendan
fríán 64 síðna
vörulista

Getum tekið
við hópum á
kvöldin

Gabriella®
Skútuvogur 1G - Sími 571-0100
Opið mán - miðv 10.00 - 17.00
Fimmt - föstud 10.00 -18.00
www.gabriella.is
Afsláttur gildir í verslun okkar



Þessi búningur ætti vel heima á tískupöllum hátískunnar en hönnuðurinn er Angelo Restrepo.



Laufblöð mynduðu skemmtilegan kraga í flík eftir Ann Murcia.



Fjölskrúðug flík og hattur eftir Victor Hugo Romero.

Kólumbíski hönnuðurinn Ximena Quintero notaði rauð blóm og græn laufblöð til að útbúa frumlegt pils.

Blómlegur kjóll eftir hönnuðinn Paco Diaz.

# Lífræn tískusýning

**Vistvænn andi sveif yfir vötnum á Biofashion Habitat-tískusýningunni í Cali í Kólumbíu sem fram fór á dögunum. Á sýningunni voru sýndar flíkur sem settar voru saman úr lífrænu hráefni á borð við lauf, fræ, blóm og náttúruleg trefjaefni. Útkoman var oft og tíðum ævintýraleg eins og sjá má á myndunum.**

Framhald af forsíðu



Eysteinn mælir með Geysi og Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar fyrir íslenska herramenn.

„Mér leið eins og Shaquille O'Neal í eina skiptið á ævi minni."

Hér á landi verða verslanirnar Geysir og Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar helst fyrir valinu hjá Eysteini. Hann fer mánaðarlega í eftirlitsferð í síðarnefndu verslunina og kaupir sér skyrtu, slaufu eða eitthvað annað. Hann leggur leið sína sjaldan í Kringluna en fáar fatabúðir þar vekja áhuga hans. „Mér finnst fötin í Kúltúr mjög flott en maður þarf að selja úr sér lifrina til að fá eitt bindi," segir Eysteinn. Á myndinni klæðist hann rauðum jakka úr River Island, gallaskyrtu og buxum úr H&M og skóm úr Aldo.

„Ég fékk þessi hermannastígvél í afmælisgjöf frá mömmu. Ég fékk æði fyrir öllu í hermannastíl einhvern tímann á síðasta ári. Ég hef lent í því að klæða mig í græna hermannajakkann minn, hermannastígvél og brúnar buxur. Svo er ég á leið út úr húsi þegar ég átta mig á því að ég er alveg eins og hermaður. Það eina sem vantar er bara riffillinn."

*hallfridur@frettabladid.is*

# Rakblöðin eins og ný

**Ný dönsk uppfinning hefur vakið athygli að undanförnu. Um er að ræða rakblaðabrýni sem sagt er að margfaldi endingartíma rakblaða.**

Daninn Mikkel Salling Olesen hefur fundið upp rakblaðabrýni sem hann segir „byltingarkennda nýjung sem spara muni þeim sem raka sig stórfé". Brýnið nefnir hann Razorpit og það virkar þannig að lítil plata úr sílikoni skerpir rakblöðin á nokkrum sekúndum. Einungis þarf að setja örlítið af raksápu á sílikonplötuna og renna rakblaðinu yfir hana nokkrum sinnum. Framleiðandinn heldur því fram að hægt sé að nota sama rakvélarblaðið allt að 150 sinnum með því að nýta sér brýnið. Ekki er þó um raunverulega brýningu að ræða heldur hreinsar Razorpit sápuleifar, húð og hár sem loða við rakblaðið og draga úr biti þess.

Razorpit hefur hlotið geysigóðar viðtökur og var valið „snyrtigræja ársins 2011 fyrir karlmenn" af breska tímaritinu FHM og ástralska blaðið Mens Health valdi Razorpit sem „nauðsynleg kaup ársins 2011".

„Alveg eins og rakarinn brýndi í gamla daga rakhnífinn sinn á leðuról höfum við nú fundið efni sem brýnir og hreinsar rakvélarblöðin," er haft eftir Salling Olesen í kynningu á rakblaðabrýninu. Lögð er áhersla á að með því að nota tækið sparist fé og það sé að auki umhverfisvænt.



Razorpit var hefur hlotið geysigóðar viðtökur enda hægt að spara með honum umtalsverða fjármuni.

Razorpit fæst hérlendis í mörgum apótekum og stórmörkuðum.

*- fsb*



Rakblaðabrýnið Razorpit lætur ekki mikið yfir sér en framleiðandinn fullyrðir að það lengi líftíma rakvélarblaða margfalt.


















**Grænn djús** á dag kemur heilsunni í lag. Það er um að gera að skella í sig grænum djús í jólamánuðinum til að vinna á móti feitmeti og sætindum sem leita í auknum mæli á diskana í desember. Djús úr grænum eplum, agúrku, spínati, límónu, hunangi og engifer er afbragð.

# Skemmtilegur og annasamur tími

**Marentza Poulsen hefur um margt að hugsa á aðventunni. Hún skipuleggur jólahlaðborð á Hótel Natura og hefur opnað Kaffi Flóru í Grasagarðinum þar sem mun ríkja jólaævintýri allar helgar í desember. Hún gaf sér þó tíma til að útbúa nokkra jólalega rétti fyrir lesendur Fréttablaðsins.**

„Aðventan er mjög skemmtilegur og annasamur tími,“ segir Marentza Poulsen þar sem hún er í miðju kafi að undirbúa jólahlaðborð fyrir Hótel Natura. Hún hefur haldið utan um það jólahlaðborð allt frá 1994 enda ber það öll hennar einkennismerki en Marentza er þekkt smurbrauðsjómfrú. „Við leggjum áherslu á að fólk gefi sér góðan tíma og fari allt upp í sex ferðir til að geta smakkað allt,“ segir Marentza og tekur fram að ekki sé tvísetið á Hótel Natura og því geti fólk slakað vel á.

Marentza hefur í nógu að snúast því um síðustu helgi opnaði hún Kaffi Flóru í Grasagarðinum. „Þar verður opið allar helgar í desember frá 12 til 18,“ segir hún og lofar sannkölluðu jólaævintýri. „Húsið er allt skreytt ljósum og sumir líkja því við að koma í Tívolí,“ segir hún glaðlega en í Flóru getur fólk meðal annars gætt sér á volgri lifrarkæfu með beikoni og heimabökuðu brauði ásamt öðru jólalegu smurðu brauði. „Síðan brennum við möndlur sem gefur afar jólalegan ilm.“

Marentza útbjó fyrir lesendur nokkra rétti sem gaman er að gæða sér á um jólin.

*solveig@frettabladid.is*



Marentza segir tilvalið að útbúa skemmtilegt smurbrauð fyrir veislugesti um jólin. Þá megi einnig nýta afganga frá jólunum til að útbúa afar girnilegar smurbrauðsneiðar. FRÉTTALBAÐIÐ/ANTON




## EGG OG REYKTUR MAKRÍLL Á KARRÝBEÐI:



5 harðsoðin egg
1 flak reyktur makríll
Karrýsósa:
1 msk. gott karrý, ristað á pönnu og kælt.
100 g majones og 100 g sýrður rjómi, hrært vel saman. Karrýinu blandað saman við ásamt 1 tsk. HP sósu og 1 tsk. Worchester sósu, salti og pipar eftir smekk. Þynnt með 1 msk. eplaediki eða síldarlegi.
Einnig má setja ½ tsk. turmerik saman við til þess að fá fallegan gulan lit á sósuna.

*Sósan er sett á fat, harðsoðnu eggin eru skorin langsum til helminga og þeim raðað ofan á sósuna. Lítill biti af makríl er lagður ofan á hvern eggjahelming. Skreytt með fersku dilli.*

## JÓLASMURBRAUÐ:



1 maltbrauðsneið, smurð með smjöri
4 sneiðar af kaldri purusteik eða svínasteik, grænt salatblað
1 msk. rauðkál
5 lauf ferskt spínat
nokkrar sneiðar súrar agúrkur
1 tómatbátur
1 lauf ferskja, niðursoðin
1 sveskja
2 appelsínusneiðar
2 agúrkusneiðar
1 grein steinselja, til skrauts

*Setjið salatblaðið ofan á smurða brauðsneiðina og raðið steikinni þar næst. Blandið saman rauðkáli og spínati og setjið á miðja brauðsneiðina. Þá er restinni raðað fallega á brauðsneiðina (sjá mynd).*

## RAUÐKÁL:

1 og ½ kg ferskt rauðkál
1 og ½ dl rauðvínsedik
2 dl Ribena-saft
150 g sykur
1 dl vatn
2 kanilstangir
2 stjörnuanís

*Rauðkálið er skorið í fína strimla og sett í pott ásamt öllu hráefninu og látið sjóða í u.þ.b. hálftíma, hrærið í af og til. Lækkið hitann og látið malla áfram í u.þ.b. 20 mínútur eða þar til rauðkálið er mátulega mjúkt.*

# KAFFI

FIMMTUDAGUR **1. DESEMBER 2011**

**Kynningarblað**
Kaffivélar
Bollar
Uppskriftir
Þjónusta
Jólablöndur
Kaffikönnur





# Kaffidrykkir með jólalegu bragði

**Jólin kalla á að prófa nýja og framandi drykki og gera tilraunir með ný bragðefni. Kaffi með kanil, kardimommum, eplum og ýmsu öðru góðgæti er skemmtileg og jólaleg tilbreyting.**

## Jólakaffi

*fyrir 10*
10 bollar sterkt kaffi
1/2 bolli sykur
1/3 bolli vatn
1/4 bolli sykurlaust kakó
1/4 tsk. kanill
1 klípa muldar kardimommur
Þeyttur rjómi

*Búið til sterkt kaffi. Hitið vatnið að suðu. Bætið sykri, kakói, kanil og kardimommum út í vatnið. Látið suðuna koma upp aftur og hrærið í á meðan.*

*Hellið kaffinu saman við blönduna í pottinum, hellið í bolla og skreytið með þeyttum rjóma. Gott er að bæta út í örlitlu af koníaki, kaffilíkjör eða öðrum líkjör sem hjartað girnist.*





## Franskt eplalatté

2 skot espresso
2 skot eplasíróp
1 skot kanilsíróp
2 skot súkkulaðisíróp

*Setjið allt í stóran bolla og fyllið upp með flóaðri mjólk. Stráið muldri kardimommu yfir.*



## Miðjarðarhafsjól

8 bollar sterkt espresso
1/3 bollar sykur
1/4 bolli súkkulaðisýróp
1/2 tsk. muldar anísstjörnur
20 negulnaglar
4 kanilstangir
þeyttur rjómi

*Rífið hýði af appelsínu og sítrónu*

*Setjið allt nema rjómann og ávaxtabörkinn í pott. Látið sjóða. Lækkið hitann og látið malla í 2 mínútur. Síið í bolla og skreytið með ávaxtaberkinum.*





„Við kappkostum að bjóða viðskiptavinum sérsniðnar lausnir í kaffivélum og öllu sem að þeim snýr,“ segir Rafn Þorsteinsson hjá Fastus. MYND/GVA

# Úrvals kaffivélar

**Fyrirtækið Fastus í Síðumúla 16 sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir mötuneyti, veitingastaði, kaffihús og hótel með sölu á öllu sem lýtur að eldhúsum. Fyrirtækið hefur getið sér góðan orðstír fyrir úrvals kaffilausnir frá heimsþekktum framleiðendum.**

Við kappkostum að bjóða viðskiptavinum sérsniðnar lausnir í kaffivélum og öllu sem að þeim snýr. Mætum á staðinn til að meta þarfir viðskiptavina auk þess sem öllum er velkomið að kíkja í heimsókn til að skoða úrvalið og fá ráðgjöf sér að kostnaðarlausu,“ segir Rafn Þorsteinsson hjá Fastus, og getur þess að handhægar upplýsingar sé að finna á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni www.fastus.is en hún var nýverið uppfærð.

Að sögn Rafns hafa viss vörumerki í kaffivélum hjá Fastus átt vinsældum að fagna hérlendis. Nefnir þar til sögunnar hollenska framleiðandann Bravilor sem er þekktur fyrir áreiðanleika og góða endingu. „Svo ekki sé talað um að halda góðum hita á brúsanum,“ segir hann og hlær. Hann bætir við að úrvalið sé líka fjölbreytt í samræmi við ólíkar þarfir viðskiptavina. „Sem dæmi eru vélarnar misstórar og annaðhvort tengdar vatni eða ekki, allt eftir fyrirhugaðri notkun.“

Fastus er líka með umboð á Íslandi fyrir kaffivélar frá svissneska framleiðandanum Franke, sem Rafn segir í fararbroddi í gerð sjálfvirkra baunavéla. „Einn helsti kosturinn við vélarnar frá Franke eru gæði og allir þeir ólíku kaffidrykkir sem hver og einn getur blandað. Maður ýtir bara á hnapp og út streymir espresso, latté, cappucino og nefndu það!“ Nýjast á markaði frá Franke segir hann vera vélar sem blanda sírópi út í kaffið. „Þær búa til ótrúlega ljúffenga drykki og mannshöndin kemur hvergi nærri!“

Engu síðri segir Rafn ítalskar espresso vélar frá Faema. Þær hafi ásamt kvörnum fyrir pressuvélar frá sama fyrirtæki verið afar eftirsóttar á stærri kaffihús hérlendis en Fastus er með umboð á Íslandi fyrir Faema auk espresso véla frá La Cimbali. Hann nefnir að fyrirtækið sé með mikið úrval af kaffi- og bollastellum frá Figgjo, Rak og Arcoroc auk annarra framleiðenda.

Loks getur Rafn þess að fyrirtækið haldi úti varahlutaþjónustu í húsnæði sínu að Síðumúla 16. Þangað sé hægt að leita með kaffivélar og kvarnir í viðgerðir og eftirlit.



**Nýja stellið Flora eftir fatahönnuðinn Önju Vang Kragh.** MYND/ROYAL COPENHAGEN

## NÝ ÚTFÆRSLA Á POSTULÍNSSTELLI

**Postulínsfyrirtækið Royal Copenhagen** hefur fengið til liðs við sig fatahönnuðinn Önju Vang Kragh til að hanna nýja útfærslu á hinu rótgróna matarstelli Flora Danica. Nýja stellið heitir einfaldlega Flora og kemur á markaðinn í janúar.

Saga Flora Danica nær allt til ársins 1790 en þá lét Friðrik krónprins búa til matarstell skreytt með myndum af dönskum plöntum. Stellið var ætlað sem gjöf til Katrínar miklu, keisaraynju Rússlands. Hún fékk þó aldrei gjöfina því hún lést áður en hún var afhent. Stellið er því geymt í Rósenborgarkastala og notað við sérstök tækifæri í Kristjánsborgarhöll. Royal Copenhagen hefur framleitt eftirlíkingar af stellinu frá árinu 1790.

Anja lærði í Danmarks Design Skole og útskrifaðist þaðan árið 1997. Hún hefur meðal annars hannað fyrir Stellu McCartney og Dior og hannar búninga í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn.



**Royal Copenhagen hefur framleitt Flora Danica frá árinu 1790 en Friðrik krónprins lét búa það til sem gjöf handa Katrínu miklu.**






# HORFÐU Á ÞÁTTINN

# 9. DES

**Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2**

## SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI!

**Hér færðu rauðu nefin:** Hagkaup, Bónus, MP banki, Te og Kaffi, skátar um allt land

www.unicef.is

unicef

www.baddydesign.com




# Saeco kaffivélar

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

caffè KIMBO

*1 kíló af hágæða ítölskum Kimbo kaffi-baunum fylgir með hverri Saeco vél til jóla.*



**Saeco XsmallPlus**

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ FRÁ **69.990**



**Saeco Intelia**

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ FRÁ **99.990**



**Saeco Syntia**

- Sjálfvirk stafræn kaffivél
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ FRÁ **129.990**



**Saeco Royal professional**

- Sjálfvirk kaffivél
- Digital skjár
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr stáli
- Tekur einnig malað kaffi
- Panarello flóunarstútur
- Rapid steam: betri flóun
- Saeco Aroma kerfi
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 2,4 lítrar
- Korgskúffa: 20 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti
- 1600w

VERÐ FRÁ **239.990**

PHILIPS
Saeco
sense and simplicity

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Sælkeramatur að nýnorrænum sið

**Sjávarkjallarinn er nýnorrænn veitingastaður í miðborg Reykjavíkur sem leggur áherslu á íslenskan mat og matarhefðir. Jólamatseðillinn tekur mið af því og samanstendur af vinsælum og nýstárlegum réttum.**



Notalegt andrúmsloft einkennir staðinn.



Jóhannes Steinn Jóhannesson er yfirmatreiðslumeistari á Sjávarkjallaranum.

Þetta er ekki hefðbundinn jólamatur í þeim skilningi að við veljum það sem okkur þykir ljúffengt og blöndum saman eftir smekk. Útkoman er því að okkar mati allt það besta sem hugsast getur í íslenskum jólamat,“ hefur Jóhannes Steinn Jóhannesson, yfirmatreiðslumeistari Sjávarkjallarans, að segja um jólamatseðil staðarins í ár sem er afar girnilegur á að líta.

Þótt matreiðslumenn staðarins taki sér listrænt frelsi í eldamennskunni segir Jóhannes sívinsæla jólarétti ekki vera langt undan.

„Hér verða eftirréttir sem hafa fylgt íslensku þjóðinni um skeið; ris à l´amande og sjerrífrómas frá mömmu en sá síðarnefndi er sér á báti hvað varðar ljúffengt bragð. Svo verður síld og reykt skata í forrétt og gæs með rauðkáli, steiktum eplum og reyktum kartöflum sem gefa glöggt dæmi um þær nýju leiðir sem við förum í eldamennskunni. Því verður hér sitt lítið af hverju, svolítið saltað og reykt eins og hefðin segir til um en aldrei farið alveg alla leið. Þannig að segja má að fortíð og nútíð í íslenskri og norrænni matargerð mætist hjá okkur um jólin.“



Marineruð síld og reykt skata frá Andrési í Hnífsdal með piparrót, eggjum, brúnu smjöri og sýrðu grænmeti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn Jóhannesar er matseðillinn í grunninn í anda nýnorrænnar matargerðar sem hefur verið að ryðja sér til rúms á Norðurlöndum og víðar undanfarin ár. „Í stuttu máli er megininntak hennar að sækja ekki vatn yfir lækinn heldur nota það sem hendi er næst, leggja ríka áherslu á gott og ferskt hráefni og virða bæði það og þá sem það framleiða. Þetta skilar sér allt í úrvals mat, tiltölulega einföldum og lausum við unna matvöru.“

Að baki matargerðinni standa nokkrir af fremstu matreiðslumönnum landsins, þeir Ólafur Ágústsson og Steinn Óskar Sigurðsson og Jóhannes sjálfur, sem hafa náð góðum árangri í keppnum um matreiðslumann ársins og eiga allir sæti í kokkalandsliðinu. Þá mun Ólafur keppa fyrir Íslands hönd um titilinn matreiðslumaður Norðurlanda sem fer fram á næsta ári. Gestir staðarins geta því átt von á góðu og segir Jóhannes marga þegar farna að glöggva sig. „Það sést best af því að fastagestum fjölgar stöðugt. Sífellt fleiri panta sér aftur borð um jól og áramót.“

Loks bendir Jóhannes á að nánari upplýsingar um matseðil og opnunartíma séu á heimasíðu staðarins. Slóðin er sjavarkjallarinn.is.








Sjerrífrómas er á meðal eftirrétta á matseðli Sjávarkjallarans.

## *Sjerrífrómas frá mömmu*

**Eftirréttur af matseðli Sjávarkjallarans.**



4 egg
200 g sykur
2 dl miðlungs þurrt sérrí
8 blöð matarlím
100 g suðusúkkulaði, rifið
6 dl rjómi

*Þeytið saman eggjarauður og sykur. Blandið sérrí og bræddu matarlími saman við. Blandið stífþeyttum eggjahvítum, þeyttum rjóma og suðusúkkulaði varlega saman við. Setjið í skál og geymið á köldum stað. Má gjarnan skreyta með þeyttum rjómatoppum og rifnu súkkulaði. Athugið að gott er að hafa muldar makkarónukökur í botni skálar og bleyta þær upp með sérrí.*

## Bílar óskast

**Kaupi bílaða bíla**
Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Sendibílastöðin hf
Bílstjórarnir aðstoða
553 5050
**Allt frá umslagi upp í stórflutninga!**

## Vörubílar




**Vörubíla og vinnuvéladekk**
Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050-okspares@simnet.is

## Reiðhjól




**Veturinn er kominn!**
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

## Vinnuvélar




## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alagluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

BÁTAR OG BÚNAÐUR SKIPASALAN

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

JÓLA HREINGERNINGAR. Tek að mér heimilisþrif. Vönduð vinnubrögð. Jenný: 615-1635.

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur. Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450.

## Garðyrkja







Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Varahlutir

KIA Mercedes-Benz
**Veruleg verðlækkun**
á fjölmörgum eldri varahlutum á lager.
Kannaðu málið! Nánari upplýsingar í síma **590 2100.**
ASKJA Bílaumboðið ASKJA ehf. Krókhálsi 11, 110 Rvk.



**BÍLL DAGSINS**
**TOYOTA LAND CRUISER 120 GX**
Nýskráður 4/2004, ekinn 152 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**


HONDA
**CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 10/2007, ekinn 77 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.750.000**


LAND ROVER
**FREELANDER 2**
Nýskráður 8/2007, ekinn 123 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.450.000**


VOLKSWAGEN
**BEETLE BASICLINE 8VI**
Nýskráður 4/2007, ekinn 62 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.490.000**


PEUGEOT
**407 SW XR**
Nýskráður 10/2006, ekinn 61 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**


HONDA
**JAZZ COMFORT 1.4i**
Nýskráður 6/2010, ekinn 35 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.290.000**


HONDA
**JAZZ LS 1.4**
Nýskráður 2/2007, ekinn 54 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**


HYUNDAI
**SANTA FE 2.7**
Nýskráður 4/2005, ekinn 51 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**


HONDA
**PEUGEOT 307SW**
Nýskráður 12/2003, ekinn 113 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**


HONDA
**JAZZ LS 1.4**
Nýskráður 6/2003, ekinn 94 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 970.000**



**BÍLL DAGSINS**
**HONDA CR-V ES**
Nýskráður 10/2005, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

PVC - U
PLAST GLUGGAR
& HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

## Tölvur

omnis tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Nudd

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 869 4650

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta



**Beauty in Black fataverslun Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Æðisleg föt á flottar konur. Opið í dag 11-18. Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabær beautyinblack.is




**Sneisafull búð af öðruvísi jólavörum!**
Dæmi: 66 cm jólasveinaandlit (plasthúðaður pappi) á 290 kall! Allskonar jólaskraut sem þú finnur hvergi annarsstaðar á frábæru verði, jólasveinabúningar og fylgihlutir fyrir alla, sniðugar ódýrar gjafir í skóinn, bökunarvörur, borðbúnaður og glös, úrval skrautkerta öll á 50% afslætti, sprellivörur, áramótavörur, hattar, kórónur, knöll, o.fl. o.fl. Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534. Opið 11-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150



**GREEN-HOUSE ERUM FLUTT ! Í ÞVERHOLT 18**
Verið velkomin, opið 13 - 17 20% afsláttur í dag af öllum vörum. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík S.777 2281.

# Þjónustuauglýsingar

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

PÚST Hjá Einari
Setjum púststkerfi í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!
Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

Lífgaðu upp á tilveruna.
Harðviður er hlýlegur í borðplötur, hillur þrep o.fl. Eigum fyrirliggjandi gott úrval af hágæða ítölsku límtré. 25 ára góð reynsla segir sitt um gæðin.
EFNISSALAN EHF.
EFNISSALAN EHF, SMIÐJUVEG 9 (GUL GATA), SÍMI 554 5400
WWW.EFNISSALAN.IS

CABAS þjónaskoðun
BÍLASPÍTALINN
Lagfærum flestar tegundir bifreiða
ALMENNAR VIÐGERÐIR · INGVI ÞÓR SIGFÚSSON
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR · SÍMI 565 4332
HJÓLASTILLINGAR · bsp@bsp.is
Bílaspítalinn · Kaplahrauni 1 · 220 Hfj · Sími 565 4332

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Gabriel demparar í 40 ár
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla.
Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR Sími: 696-1050 okspares@simnet.is

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

# Alla fimmtudaga

## Tilkynningar

**Hluthafafundur verður haldinn í Genomic Holding S.A. 5. desember næstkomandi á skrifstofu Banque Havilland, 35a Avenue J.F. Kennedy, 1855 Luxembourg.**

Öllum hluthöfum sem skráðir eru hjá félaginu hafa verið sent fundarboð í ábyrgðarpósti. Hægt er að nálgast upplýsingar um fundinn á genomicholding@gmail.com

PCC SE

### Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík

**Mat á umhverfisáhrifum.**
**Kynning á drögum að matsáætlun og athugasemdafrestur**

Í athugun er bygging kísilmálmverksmiðju PCC SE með allt að 66.000 tonna framleiðslugetu á ári á 20 ha iðnaðarlóð á Bakka við Húsavík. Aflþörf verksmiðjunnar verður um 104 MW. Verksmiðjan verður byggð í tveimur áföngum, sá fyrri miðast við 33.000 tonna framleiðslu á ári og er aflþörf hans 52 MW.

**Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 1. desember til 22. desember 2011.**

Framkvæmdin er matsskyld skv. 5. tl. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. PCC SE hefur falið EFLU verkfræðistofu að annast mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Drög að tillögu að matsáætlun er nú birt til kynningar á heimasíðu EFLU verkfræðistofu, www.efla.is.

Opinn kynningarfundur með fulltrúum PCC SE verður haldinn á Fosshóteli á Húsavík, þann 13. desember kl: 17:30. Allir geta gert athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun. Koma skal athugasemdum til Ólafs Árnasonar hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið olafur.arnason@efla.is frá 1. desember til 22. desember 2011.
Skriflegar athugasemdir skal merkja „Kísilmálmverksmiðja á Bakka. Drög að matsáætlun.“ og senda á:

*Ólafur Árnason,*
*EFLA Verkfræðistofa,*
*Höfðabakki 9,*
*112 Reykjavík*

## MATUR



**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




Glæsilegt úrval af hljómborðum. Verð frá kr.13.900,- Gitarinn ehf Sími:552 2125 Stórhöfða 27 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Kápur og jakkar á 30%afslætti.
Full búð af nýjum vörum.
Verslunin Emilía
Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925
emilia.is

**Amaryllis 990 kr.**
**Dalía**
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Litlir og sætir Chihuahua hvolpar með ættbók. Tilb. til afhendingar. Uppl. í s. 897 8848.

3 glæsilegir, skynsamir og skemmtilegir fulltrúar íslenska fjárhundsins. HRFÍ ættbók og heilsufarsbók fylgir. Teymast vel eru ljúfir og lærdómsfúsir gleðigjafar. Gott verð , verði má greiðsludreifa. Sjá www.bulandweebli.com. Uppl. í s. 868 4500 eða bulif@simnet.is

Yndislegir Bísonhvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar 12. des. uppl. í s. 824 1261

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Lokastígur, 101 Miðbær**
Herbergi sem eru lítil, 10 til 15 fermetrar með húsgögnum, sameiginlegt eldhús og þvottahús, þráðlaust internet,baðherbergi með sturtu Langtímaleiga sem þýðir 6 mánuðir og lengur, kr. 35.000 til 60.000 þúsund. Tveir mánuðir fyrirfram, laust . vinsamlegast takið fram í svari við auglýsingunni frá hvað tíma þig vantar húsnæðið og hvað langan tíma , takk. osbotn@gmail.com

**Vesturbær**
Til leigu herbergi með aðg. að eldhúsi, baði og þvottavél í 101. Uppl. 892-9512

For rent fully furnished room, downtown Reykjavik, with access to kitchen, bathroom, washing, internet. Tel. +3546921681

Studíóíbúð til leigu/studioapartment for rent. Near center. S. 773 0317.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu nýuppgerðar 90 pg 100 fm. íbúðir við Ármúla, 3ja og 4ra herbergja. Minni íbúðin er samþykkt íbúð . Mánaðarleiga 140.000, einn mánuður fyrirfram auk 3ja mánaða bankatryggingar eða tryggingarfjár. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Dýrahald ekki leyft. Sendið tölvupóst til 4@4.is með upplýsingum um fjölskyldustærð, atvinnu osfrv.

Herbergi til leigu frá 1 desember í Hafarfirði, 43000 kr á mán. s: 8447075

Fyrir jólagesti sem koma til Rvk. eru herbergi til leigu eða Hálf-stúdíó uppl. í s. 869 2618

Hálf-stúdíó eða herbergi. Skammtíma- eða langtímaleiga. S. 821 4848 og 869 2618.

## Fasteignir

Leiguskoðun við leigubyrjun og leiguskil eru traust viðskipti S. 587-7120 skodunarstofan.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 70m2 iðnaðarb í Garðabæ góð aðkoma góð hurð v 85þ uppl 892 7858

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting



**Endurnæring í Stykkishólmi**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsíbúðir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**115 SECURITY**

115 Security óskar eftir öflugu starfsfólki í jólagæalu í verslunum. Skilyrði: Hreint sakavottorð, íslenskukunnátta, 20 ára lágmarksaldur og góð þjónustulund. Umsóknir aðeins á staðnum. 115 Security, Askalind 2, 201 Kópavogur. www.115.is

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Gæti hentað félögum til fjáröflunar. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

Óska eftir fólki í aukastarf á kvöldin. góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Vífill í 869-6471 eða vifill@tmi.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru hér með auglýstar til kynningar. Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Kynningartími fyrir skipulagstillögu nr. 2 er frá 1. desember 2011 til 13. janúar 2012. Athugasemdi við tillögu 2 skulu berast skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 13. janúar 2012 og skulu þær vera skriflegar.

**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst að nýju niðurstaða sveitarstjórnar Bláskógabyggðar fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 vegna námu í landi Eyvindartungu í Bláskógabyggð.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst að nýju eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsáætlun í Flóahreppi:**

2. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 60 ha spildu úr landi Þingdals í Flóahreppi með landnr. 203004. Lögbýli og frístundabyggð.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps



Verslun
Ármúla 26
522 3000
hataekni.is
Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
sunnudag
12–17
SJÁÐU JÓLIN
Í NÝJU SJÓNVARPI Á TILBOÐI
Verð áður:
169.995
Tilboð:
99.995
ÞÚ SPARAR
70.000
40"
40LV833DG
TOSHIBA
40" Toshiba
Full HD LCD
Mjög gott 40" Full HD LCD sjónvarp frá Toshiba. Stafrænn móttakari DVB-T. 2 HDMI-tengi og USB-tengi sem spilar DivX HD.
42" LG LED PLUS
100HZ FHD C3D
CINEMA 3D
LED
LG Smart
42"
42LW550W
Verð áður:
349.995
Tilboð:
269.995
ÞÚ SPARAR
80.000
Glæsilegt Cinema 3D LED SmartTV sjónvarp frá LG. Full HD 1920x1080p með TruMotion 100Hz. DivX HD-afspilun. Fjögur HDMI-tengi
LG
50" LG Plasma 600Hz FHD DivxHD
50"
50PV350N
Verð áður:
269.995
Tilboð:
209.995
ÞÚ SPARAR
60.000
50" Full HD 1920x1080 600 Hz plasma sjónvarp.
Tvö HDMI-tengi og DivX HD stuðningur á USB.
LG
Full búð af frábærum tilboðum
42" LG LCD FHD DivX HD
42"
42LK450N
Verð áður:
149.995
Tilboð:
129.995
ÞÚ SPARAR
20.000
Full HD LCD-sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn. USB 2.0 DivX HD. Infinite 3D surround (2x10W) hljóðkerfi.
LG
42" LG Edge LED 100Hz FHD
42"
42LV450N
Verð áður:
209.995
Tilboð:
189.995
ÞÚ SPARAR
20.000
Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn.
TruMotion 100Hz. USB 2.0 með DivX HD-stuðningi.
LG
0%
VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM
Kíktu til okkar í græjukaffi
Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.
Hátækni

# tímamót

timamot@frettabladid.is



74 **VAIRA VĪĶE-FREIBERGA,** fyrrverandi forseti Lettlands, er 74 ára í dag.

*„Það er mun auðveldara að umbera einræðisherra sem ræður yfir öðrum lífum en manns eigin."*



## 90 ára afmæli

### Gísli Elíasson

Í dag, 1. desember er Gísli Elíasson 90 ára. Hann fæddist í Bolungarvík árið 1921 en ólst upp og bjó alla sína tíð á Siglufirði. Eiginkona Gísla var Dagmar Jensdóttir frá Akureyri (f.1912 d.1995). Gísli vann lengst af hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði sem almennur starfsmaður, verkstjóri og síðar verksmiðjustjóri.

Gísli býr nú ásamt sambýliskonu sinni, Þórdísi Hansdóttur (f. 1920) á DAS í Reykjavík. Hann heldur upp á daginn í faðmi fjölskyldunnar.



## 80 ára afmæli

**Una Sigrún Jónsdóttir**
**80 ára í dag 01. 12. 2011**

Tekur móti vinum og vandamönnum í félagsheimili Félags heyrnarlausra Grensásvegi 50, 108 Reykjavík þann 3. desember kl. 12.30.

**ÞETTA GERÐIST:** 1. DESEMBER 1983

## *Fyrsti útsendingardagur Rásar 2*

Á þessum degi árið 1983 útvarpaði Rás 2 í fyrsta skipti til landsmanna en rásin náði þá til um 75 prósenta landsmanna og útsending heyrðist víðar en búist var við. Þorgeir Ástvaldsson var fyrsti forstöðumaður Rásar 2 og Ólafur Guðmundsson tæknilegur hönnuður. Þá var útbúnaður stöðvarinnar breskur. „Eins og hann gerist bestur hjá sambærilegum stöðvum erlendis. Hljómgæðin eiga því að vera mjög góð," sagði Þorgeir í viðtali við Morgunblaðið daginn eftir fyrsta útsendingardag.

Til að byrja með unnu milli tuttugu og þrjátíu manns við vikudagskrána og útsendingar voru frá klukkan tíu til átján virka daga, þar sem létt tónlist var í fyrirrúmi. Tíu dögum síðar hófst svokallað næturútvarp.

„Þessi dagskrá, sem við förum af stað með, er einföld í sniðum og hún á eftir að breytast mjög mikið í náinni framtíð. Rás 2 er öðruvísi útvarp en við höfum átt að venjast hingað til.

Við verðum til dæmis með ýmiss konar hljóðmerki, sem afmarka þættina," sagði Þorgeir enn fremur í viðtalinu.





†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Þ. Theodórsson**

fv. verslunarmaður,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 28. nóvember. Jarðsett verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 12. desember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Guðjón Haraldsson** | **Sigríður Siemsen** |
| **Þórir Haraldsson** | **Mjöll Flosadóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**BÓNDI Í SJÖ ÁR** Bjarni Óskarsson, bóndi á Völlum í Svarfaðardal, hóf búskap fyrir sjö árum og var strax sannfærður um að hann vildi stunda lífræna ræktun.

**ÞRÍR BÆIR Í DALVÍKURBYGGÐ:** FÁ VOTTAÐA LÍFRÆNA AÐLÖGUN Í DAG

# Markaður sem skapar störf

Þrjár bújarðir í Dalvíkurbyggð taka við formlegu vottorði í dag um að á bæjunum sé hafin lífræn aðlögun í búfjárrækt, grænmetis- og berjarækt. Þeir Jóhannes Jón Þórarinsson á Hnjúki í Skíðadal, Bjarni Óskarsson á Völlum í Svarfaðardal og Snorri Snorrason á Krossum 1 á Árskógsströnd verða, ásamt fjölskyldum sínum, viðstaddir hátíðlega athöfn í menningarhúsinu Bergi á Dalvík í dag en þar mun Vottunarstofan Tún afhenda þeim vottorð. Tún, bændurnir þrír og Umhverfisráðgjafar Íslands, standa að verkefninu í sameiningu sem ber yfirskriftina Lífræn framleiðsla í Dalvíkurbyggð.

„Við erum í þessu aðlögunarferli og eftir um ár fáum við endanlega vottun um að berin okkar séu lífræn þótt auðvitað séum við nú þegar einungis í lífrænni framleiðslu," segir einn bændanna þriggja, Bjarni Óskarsson. Á Völlum eru það meðal annars sólber, gulrætur og kryddjurtir sem eru lífrænt ræktaðar en Vellir verða fyrsta hérlenda býlið sem vottað er til lífrænnar ræktunar á berjum. Á Hnjúki í Skíðadal er áherslan á sauðfjárrækt og hrossarækt og talsverð skógrækt er stunduð á jörðinni. Þá er fjölbreytt búfjárrækt á Krossum og Stóru-Hámundarstöðum, með áherslu á sauðfjárrækt og eldi nautgripa til kjötframleiðslu. Aðlögunartíminn verður mismunandi eftir því um hvaða framleiðslu er að ræða og lýkur á árunum 2012-2014. Með vottununum eru fjórar jarðir í Dalvíkurbyggð vottaðar til lífrænnar landnýtingar og framleiðslu en Klængshóll í Skíðadal reið á vaðið fyrir nokkrum árum.

„Í okkar tilfelli er hugsunin held ég að reyna bara að skila jörðinni betri frá sér þegar upp er staðið. Þá held ég að í mörgum tilfellum fái maður betri vöru og skemmtilegri. Maður man það þegar maður var að fá grænmeti frá Sólheimum í Grímsnesi fyrir mörgum, mörgum árum. Grænmetið var bara eitthvað allt, allt annað," segir Bjarni.

Stefán Gíslason, verkefnisstjóri þróunarverkefnisins, segir mikil tækifæri liggja í lífrænni framleiðslu hérlendis. „Markaðurinn kallar beinlínis eftir þessari vöru og það liggja mikil tækifæri þarna til atvinnuuppbyggingar og í byggðalegu tilliti. Eftirspurn hefur aukist jafnt og þétt, hérlendis og um allan heim og það er í okkar höndum hvort störfin verði þá til hérlendis eða erlendis, því það er engin spurning um að þau munu verða til." **juliam@frettabladid.is**



†

*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Guðjón Tómasson,**

Kleppsvegi 62, áður Álftamýri 53,

lést á Landspítalanum mánudaginn 21. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, föstudaginn 2. desember, kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Sigríður Guðjónsdóttir** | **Jón Ingvarsson** |
| **Ingibjörg Guðjónsdóttir** | |
| **Guðjón Axel Guðjónsson** | **Katrín Björk Eyvindsdóttir** |
| **Kristín Laufey Guðjónsdóttir** | **Óðinn Vignir Jónasson** |
| **Kristmann Óskarsson** | **Bergljót Hermundsdóttir** |

**og fjölskyldur.**



†

*Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Aðalsteinn Jónasson**

áður til heimilis að Sléttuvegi 21, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 25. nóvember. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 2. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti Barnaspítala Hringsins eða Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum, njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Sveinn Grétar Jónsson** | **Hanna Kristín Guðmundsdóttir** |
| **Jónas R. Jónsson** | **Helga Benediktsdóttir** |
| **Margrét R. Jónasardóttir** | |
| **Jón Aðalsteinn Sveinsson** | **Guðrún Elísabet Ómarsdóttir** |
| **Ásta Sigríður Sveinsdóttir** | **Sigurður Karl Guðgeirsson** |

**og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar, uppeldisfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Grímur Guðmundsson**

fyrrverandi forstjóri Íspan,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, sunnudaginn 27. nóvember, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju, föstudaginn 9. desember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans, láti Ljósið s. 561-3770 eða Karitas s. 551-5606 njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Óskar Smith Grímsson** | **Þrúður Ólöf Gunnlaugsdóttir** |
| **Guðmundur Grímsson** | **Hrafnhildur Proppé** |
| **Finnur Grímsson** | **Þórunn Hafsteinsdóttir** |
| **Margrét Grímsdóttir** | |
| **Elín Grímsdóttir** | **Jón Bjarni Gunnarsson** |
| **Jón Elvar Kjartansson** | **Sigríður Elsa Markúsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og frændi,*

**Þorsteinn Einarsson**

bóndi á Ytri Sólheimum II, Mýrdal,

lést á Landspítalanum 24. nóvember sl. Jarðsett verður frá Sólheimakapellu laugardaginn 3. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkað, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Óskars Sigurðar Þorsteinssonar, sem er til stuðnings æskulýðsstarfi hjá Hestamannafélaginu Sindra Mýrdal.

| | |
|---|---|
| **Kristín Þorsteinsdóttir** | **Jens Andrésson** |
| **Einar Guðni Þorsteinsson** | **Petra Kristín Kristinsdóttir** |
| **Guðlaugur J. Þorsteinsson** | **Laufey Guðmundsdóttir** |
| **Ólöf Ósk Þorsteinsdóttir** | |
| **Ragnar Sævar Þorsteinsson** | |
| **Kjartan Hreinsson** | **Sigríður Árný Sævaldsdóttir** |

**og barnabörn.**

†

*Elskuleg frænka okkar*

**Klara Klængsdóttir**

Hlaðhömrum

er látin.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Gunnar K. Gunnarsson**



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# STÓRMEISTARI

★★★★★

**„Glæpasögur gerast ekki betri.“**

*STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ*



ARNALDUR INDRIÐASON

EINVÍGIÐ eftir Arnald Indriðason er snilldarlega samin saga um spennuþrungið andrúmsloft kalda stríðsins – en líka um átakanleg örlög, glataða bernsku og hjartasár

**„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Spennandi og heilsteypt saga ...“**

*FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ*

**„Arnaldi tekst margt gríðarlega vel í þessari bók ... Endirinn er gríðarlega snjall.“**

*KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN*

**„... ber höfuð og herðar yfir aðra krimmahöfunda hér á landi.“**

*PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN*




VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** vísupartur, **6.** tveir eins, **8.** kæla, **9.** púka, **11.** fyrir hönd, **12.** félagi, **14.** rjála, **16.** samtök, **17.** hress, **18.** hamfletta, **20.** pfn., **21.** mála.

**LÓÐRÉTT**
**1.** málmur, **3.** golf áhald, **4.** tré, **5.** fley, **7.** hindrun, **10.** regla, **13.** gerast, **15.** þefja, **16.** kraftur, **19.** snæddi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** tt, **8.** ísa, **9.** ára, **11.** pr, **12.** lagsi, **14.** fikta, **16.** aa, **17.** ern, **18.** flá, **20.** ég, **21.** líta.

**LÓÐRÉTT: 1.** stál, **3.** tí, **4.** espitré, **5.** far, **7.** trafali, **10.** agi, **13.** ske, **15.** anga, **16.** afl, **19.** át.



## Unnur Guðrún Pálsdóttir

Er stofnandi Happs og hefur alla tíð haft mikinn áhuga á heilsu og heilbrigðu líferni.




FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Enn einn dagur á plánetunni

BAKÞANKAR
Sigríðar Víðis Jónsdóttir



Á þessari stundu er barn að fæðast í Nepal. Annað að koma í heiminn í Kambódíu. Í Kína eru kennslustundir morgunsins löngu að baki, skóladegi barnanna fer senn að ljúka. Í Danmörku eru nemendur einungis nýbúnir að stinga sér út í veturinn og í Bandaríkjunum er enn aldimmt.

**Í ÞORPI** hátt uppi í fjöllum í Laos galar hani. Galið blandast háværum klið frá þorpsbúum sjálfum og fólki sem streymir að úr nálægum hlíðum. Það er markaðsdagur í dag, ys og þys. Grænmeti og ávöxtum hefur verið raðað í fallega hrauka. Loftið er tært, fjallahringurinn einstaklega fallegur í sólinni í dag.

**Í STÓRBORG** í Úganda lítur einhver upp til sömu sólar. Stendur úti á miðju stræti og veltir fyrir sér hvort bráðum byrji að rigna. Leigubílar aka hjá, rútur og mótorhjól með heilu fjölskyldunum. Bensínútblástur blandast þungum gróðurilmi og lykt af mat. Grilluðum maísstönglum er vafið inn í dagblöð gærdagsins. Á götuhorni býður maður með fangið fullt af sólgleraugum, nærfötum og lyklakippum feng sinn til sölu.

**Á VESTURBAKKANUM** í Palestínu standa ísraelskir hermenn yfir hópi palestínskra skólabarna og spyrja þau yfirlætislega spjörunum úr. Hvert eru þau að fara og af hverju? Hermennirnir eru nítján ára, hundleiðir og langar heim. Börnin eru líka orðin hundleið og langar ekki lengur í skólann. Gaddavírinn við varðstöðina er í hróplegu ósamræmi við mjúkar og grænar hæðirnar í kring. Tvö hundruð kílómetra í burtu gengur kona inn í baðstofu í Damaskus í Sýrlandi. Heitt vatnið bunar, gufan fyllir flísalagðan salinn, konur spjalla, frammi við sýður vatn í katli. Að utan heyrist skarkali, fólk mótmælir stjórnvöldum.

**LANGT** úti í hafi berst ómur úr viðtækjum í upplýstum húsum. Dagblöð dingla í bréfalúgum, sum eru komin á eldhús- og stofuborð. Víða stirnir á hvítan snjó úti fyrir. Myrkrið liggur yfir öllu og loksins þegar sólin kemur upp staldrar hún einungis stutt við. Þetta er lítil eyja þar sem búa einungis 0,0046% mannkyns.

**Í EINU** þessara húsa bý ég sjálf. Og velti fyrir mér hvernig það er hægt að hafa ekki áhuga á öllum hinum spennandi löndunum í heiminum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



VAR AÐ LENDA

### 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!

**1.490**

8GB 2.990 • 16GB 4.990



FLOTT GJAFA SETT

### BLING MÚS OG PENNI

Glæsileg Diamente skreitt Bling mús og flottur penni í stíl frá Satzuma

**3.490**

SMELLPASSAR Í JÓLAPAKKANN



NÝTT VINSÆLASTI SKJÁRINN NÚ ENN FLOTTARI OG BETRI

NR.1 MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

### 24"LCD SKJÁR

BENQ G2450 FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

**29.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LCD

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

! **SPENNUSAGNAHÖFUNDARNIR** Óttar M. Norðfjörð, Ragnar Jónasson, Sigurjón Pálsson, Yrsa Sigurðardóttir og Þorlákur Már Árnason munu lesa upp úr verkum sínum á árlegu glæpakvöldi Hins íslenska glæpafélags sem verður haldið á Gallery-bar 46, Hverfisgötu 46, í kvöld. Glæpatríó Edda Lár leikur glæpadjass. Dagskráin hefst klukkan 20.30.

## Flytja verk Sveinbjörns

Hátíðartónleikar verða í Salnum í kvöld klukkan átta þar sem flutt verða verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, höfund þjóðsöngs Íslendinga.

Þann dag eru liðin 85 ár frá síðasta opinbera tónlistarflutningi Sveinbjörns. Hinn 1. desember 1926 tók tónskáldið þátt í samkomu Félags íslenskra stúdenta og Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn og lék verk sín Ó Guð vors lands og Íslenska rapsódíu nr. 2, en Sveinbjörn lést 23. febrúar 1927. Auk þess að flutt verður úrval sönglaga tónskáldsins verða einleiks- og kammerverk frumflutt. Fram koma Þóra Einarsdóttir sópran, Gissur Páll Gissurarson tenór, Pálína Árnadóttir fiðluleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Sigurgeir Agnarsson,sellóleikari og dr. Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari og listrænn stjórnandi dagskrárinnar.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

23.11.11 – 29.11.11




„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Staðsetning sögunnar í tíma er snilldarlega unnin ... Spennandi og heilsteypt saga ..."

Friðrika Benónýs / Fréttablaðið

| | |
|---|---|
| 1 | **Einvígið** - Arnaldur Indriðason |
| 2 | **Brakið** - Yrsa Sigurðardóttir |
| 3 | **Gamlinginn sem skreið út um gluggann** - Jonas Jonasson |
| 4 | **Glósubók Ævars vísindamanns** - Ævar Þór Benediktsson |
| 5 | **Sagan sem varð að segja** - Þorfinnur Ómarsson |
| 6 | **Húshjálpin - kilja** - Kathryn Stockett |
| 7 | **Holl ráð Hugos** - Hugo Þórisson |
| 8 | **Málverkið** - Ólafur Jóhann Ólafsson |
| 9 | **Sómamenn og fleira fólk** - Bragi Kristjánsson |
| 10 | **Jólamatur Nönnu** - Nanna Rögnvaldsdóttir |

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson Bóksali frá 1872


# Íslensk aska og kínverskt postulín í útilistaverki

**Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarkona heldur á laugardaginn fyrirlestur í Gallerí Ágúst og sýnir myndir frá vinnslu verksins Múrinn sem hún vann í Peking nýverið. Einnig fjallar hún um innsetningar sínar á tveimur kínverskum listahátíðum á síðasta ári.**



**MÚRINN EFTIR GUÐRÚNU KRISTJÁNSDÓTTUR** Sex kínverskir listnemar aðstoðuðu hana við verkið.

Nýlega vann Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarkona útilistaverk í miðborg Peking, rétt sunnan við Torg hins himneska friðar, ásamt sex listnemum úr Listakademíu Pekingborgar. Verkið nefnist Múrinn og er gert úr íslenskri eldfjallaösku og kínverskum glersalla. Verkið er hluti af NOTCH11 listahátíðinni í Peking sem er samnorræn-kínversk menningarhátíð á sviði lista og hönnunar. „Þema sýningarinnar var skapandi endurvinnsla," segir Guðrún. „Ég nota ösku úr báðum eldgosunum, í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum, og kínverskt postulín frá verksmiðju í hverfinu sem við muldum í fínan salla eins og öskuna. Postulínið er aðallega hvítt en ég vildi líka hafa svolítið glært og svolítið blátt með. Síðan málaði ég öskuna á vegginn með rúllu og pensli með aðstoð verkamanna, en krakkarnir máluðu hvíta postulínið og fengu dálítið frjálsar hendur við það. Ég útskýrði fyrir þeim að grunnhugmyndin væri jökull þakinn ösku sem byrjaður er að brjóta af sér og hvítu línurnar komnar í gegn. Verkið er dekkst neðst vinstra megin en lýsist til hægri þegar ofar dregur og það er hugsað sem yin-yang jafnvægið."

Guðrúnu var boðið að taka þátt í hátíðinni í kjölfar vel heppnaðrar innsetningar hennar í lista- og hönnunarhverfi Pekingborgar á síðasta ári.

„Já, þetta átti sér töluverðan aðdraganda. Þannig var að í september 2010 var þremur íslenskum sýningum boðið á sýningu sem tengdist Expo í Sjanghæ. Þangað komu forsvarsmenn listahátíðarinnar NOTCH, sem er samnorræn-kínversk menningarhátíð á sviði lista og hönnunar í Peking, og buðu öllum þessum sýningum til Peking að sýna á NOTCH í nóvember í fyrra. Þar fengum við stórt og mikið pláss í nýju hverfi sem iðar af listastarfsemi og ég setti þar upp innsetningu á hundruðum fermetra. Þá voru komnir nýir listrænir stjórnendur fyrir hátíðina í ár og þeir spurðu mig hvort ég væri tilbúin að vinna útilistaverk.

Fyrst var meiningin að ég yrði með vídeóinnsetningu eins og í fyrra skiptið, en svo bárust eldgosin á Íslandi í tal og ég sagði þeim, bara svona í bríaríi, að ég væri einmitt að nota fíngerðustu öskuna sem litaduft. Það spannst svo þannig að þau báðu mig að vinna þetta útilistaverk sem byggir á endurnýtingu. Svo þegar þau fundu „rétta" vegginn, sem er gafl gamallar verksmiðjubyggingar sem NOTCH11 var haldin í, fór allt í fullan gang og ég fékk þessa yndislegu nema úr Listakademíunni mér til aðstoðar. Verkið er nú komið upp og verður þarna á meðan veggurinn stendur."



**LÝSIR FERLINU** Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarkona lýsir vinnslu útilistaverksins Múrinn í Gallerí Ágúst á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í fyrirlestrinum á laugardaginn, 3. desember klukkan 16.00, ætlar Guðrún að segja frá aðdraganda, undirbúningi og vinnu við uppsetningu listaverksins, sýna myndir og koma með sýnishorn af efninu sem notað var í verkið. Allir eru hjartanlega velkomnir í Gallerí Ágúst á Baldursgötu 12 að heyra af þessu ævintýralega verkefni í Kína.

fridrikab@frettabladid.is

## Risavaxin en vinaleg

Tókýó er risavaxin borg en mjög vinaleg," segir Bjargey Ólafsdóttir, sem er stödd í höfuðborg Japans um þessar mundir. Ástæðan er sýning hennar í galleríi sem ber heitið XYZ og er fyrsta listamannsrekna galleríið í borginni. „Ég er að sýna hér bæði gömul verk og ný, teikningar, ljósmyndir og kvikmynd. Einnig var að koma út bók með teikningum mínum frá Síle. Þar að auki er ég í samstarfi við japanskan listamann, Cobra, sem sýnir með mér í galleríinu," segir Bjargey, sem fyrir ári vakti athygli um heim allan fyrir mynd af ísbirni sem hún málaði á Langjökul.

Sýning Bjargeyjar var opnuð um helgina og var mjög vel tekið, segir Bjargey. „Það var mikið af fólki og mikið stuð."



**BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR** Sýnir í Tokýó um þessar mundir.

Nikon

*At the heart of the image*




# I AM MERRY CLICKMAS

## D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi,HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

***Verð 149.995.-***

TILBOÐ! MEÐ **NIKON D5100 18-55VR KIT**
FYLGIR NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)



Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst
byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# HEF EKKI VERIÐ AÐ FLÍKA SÖGUNUM

**Stærðfræðingurinn og útgefandinn Benedikt Jóhannesson hefur sent frá sér sitt fyrsta smásagnasafn, Kattarglottið og fleiri sögur. Kjartan Guðmundsson ræddi við Benedikt um bókina og Fréttablaðið birtir hér eina af sögunum, Fallega fólkið.**



**LENGI Í VINNSLU** Fyrstu söguna í Kattarglottinu skrifaði Benedikt Jóhannesson fyrir þrettán árum. Sex af þeim voru skrifaðar á þessu ári, eftir að það rann upp fyrir höfundinum að smásagnasafnið gæti orðið að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er í raun ansi snúið að segja frá þessari bók, því sögurnar eru afar fjölbreytilegar. Það er kannski helst að þær eigi það sameiginlegt að vera allar smásögur og því eðli málsins samkvæmt tiltölulega stuttar," segir Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur og útgefandi, sem sent hefur frá sér sitt fyrsta smásagnasafn, Kattarglottið og fleiri sögur. „Það er ekkert þema sem gengur í gegnum allar sögurnar," bætir hann við.

**Byggir lítið á raunveruleikanum**

Í Kattarglottinu eru fjórtán smásögur sem Benedikt hefur skrifað undanfarin þrettán ár. Sex af sögunum skrifaði hann á þessu ári, en hinar segist hann hafa dundað sér við árin á undan án þess að hafa hugsað sér að gefa þær út á bók að lokum. „Tvær af sögunum skrifaði ég í tilefni þess að vinir mínir og frændur urðu fimmtugir. Í báðum tilfellum voru gefin út ritgerðasöfn þeim til heiðurs, en ég hafði meira gaman af því að skrifa smásögur en fræðilegar ritgerðir," segir Benedikt. „Hinar sögurnar skrifaði ég svo bara að gamni mínu."

Eins og áður sagði er umfjöllunarefni smásagnanna í Kattarglottinu fjölbreytt, en höfundurinn segir flestar þeirra eiga það sameiginlegt að byggja lítið sem ekkert á raunveruleikanum.

„Tvær af þessum sögum dreymdi mig og skrifaði upp strax kvöldið eftir. Svo eru tvær þeirra sannar að hálfu, en svo tekur ímyndunaraflið við. Það skemmtilegasta við smásöguformið er að þannig getur maður leyft sér ýmislegt sem gengur ekki upp í raunveruleikanum. Svo eru þarna sögur sem eru á mörkum súrrealisma, sem ég hef dálítið gaman af. Í einni sögunni er ég undir augljósum áhrifum frá Franz Kafka, en í annarri nota ég smá trix frá honum Óskari Wilde. Mest eru þetta þó hugmyndir sem ég hef fengið sjálfur," segir Benedikt, en meðal þess sem ber fyrir í sögunum eru blaðamaður sem tekur viðtal við guð, stjórnmálamaður sem slettir úr klaufunum í New York og ímyndað samtal leikarans Brads Pitt við Jennifer Aniston annars vegar og Angelinu Jolie hins vegar, sem gefur að líta hér á síðunni.

Höfundurinn tekur þó fram að sú saga, Fallega fólkið, sé ekki dæmigerð fyrir sögurnar í bókinni. „Ég man nú varla hvernig mér datt í hug að skrifa þetta samtal. Líklega hefur ástæðan verið fréttaflutningur og spenningur fyrir enn einni ættleiðingunni."

**Kemur mörgum á óvart**

Benedikt hefur mikla reynslu sem greina- og pistlahöfundur en hann hóf að gefa út blöð aðeins þrettán ára gamall, sem báru nöfn á borð við Íþróttamaðurinn, Hringurinn og Laugarástíðindi. „Þessi blöð voru skrifuð á stensla og fjölrituð í tugum, eða jafnvel fáum hundruðum eintaka í einhverjum tilvikum. Krakkarnir í skólanum lásu þau og svo gekk maður í hús og seldi. Við tókum þessa útgáfu mjög alvarlega, vorum með bankareikning og allt," segir Benedikt, en síðari árin hefur hann meðal annars ritað pistla í blöð um hagfræði, viðskipti og stjórnmál.

„Ég hugsa að það komi mörgum á óvart að ég skuli gefa út bók, en öðrum kemur þetta ekkert á óvart. Mér dettur hitt og þetta í hug. En ég hef ekki verið að flíka þessum sögum."

Spurður hvort önnur bók sé á dagskránni segist Benedikt ekki hafa hugmynd um það sem framtíðin ber í skauti sér. „Ég get að minnsta kosti fullyrt að þetta er fyrsta bókin mín, en framhaldið verður svo bara að koma í ljós."

kjartan@frettabladid.is

## FALLEGA FÓLKIÐ

### I.

**Jennifer:** Finnst þér ég vera rangeyg?
**Brad:** Ha?
**J:** Joey sagði alltaf að ég væri rangeyg.
**B:** Fyrirgefðu, ég var að plokka á mér augabrúnirnar.
**J:** Veistu hvaða ættarnafn ég var með?
**B:** Aniston?
**J:** Nei, ég meina í Friends?
**B:** Varstu með ættarnafn?
**J:** Auðvitað, hélstu að það væri bara Joey?
**B:** Var hann með ættarnafn?
**J:** Tribbiani, það var aðalbrandarinn.
**B:** Rachel Tribbiani. Ég hafði ekki hugmynd um það.
**J:** Nei, Joey Tribbiani, auli.
**B:** Var það ekki aðalbrandarinn hvað hann var mikill auli?
**J:** Þú ert vonlaus.
**B:** Segirðu það vegna þess að ég er með hrukku?
**J:** Hrukkur?
**B:** Hvað segirðu? Eru þær fleiri en ein?
**J:** Bíddu, leyfðu mér að sjá. Jú, þú ert með hrukkur.
**B:** Fleiri en eina. Ég verð aldrei aftur valinn kynþokkafyllsti maður í heimi.
**J:** Varstu kosinn kynþokkafyllsti maður í heimi? Hugsaðu þér og svo giftist þú mér, aðalstjörnunni í vinsælustu sjónvarpsþáttaröð allra tíma.
**B:** Ég skil það ekki. Ég var kosinn kynþokkafyllstur 1995 og 2000. Af hverju ekki 1996, 1997, 1998 og 1999? Ég var lifandi allan þennan tíma. Heldur þú að ég hafi verið of feitur á þessum árum?
**J:** Aldrei var ég valin kynþokkafyllst. Ég er líka alltaf of feit. Feit og rangeyg.
**B:** Finnst þér að ég ætti alltaf að vera með kúrekahatt?
**J:** Til þess að fela hrukkurnar?
**B:** Guð, ég er með fleiri en eina.
**J:** Þá sést minna af andlitinu.
**B:** Alltaf þegar ég var með kúrekahatt og ber að ofan fannst öllum konum ég ofboðslega sexí.
**J:** Þegar þú segir öllum konum, áttu við þessa ógeðslegu Gwyneth Paltrow?
**B:** Hún skiptir engu máli. Ég man varla eftir henni lengur. Nema…
**J:** Nema hvað?
**B:** Mamma er stundum að tala um hana.
**J:** En ekki mig?
**B:** Jú, hún talar stundum um þig líka. Sérstaklega augun.
**J:** Finnst henni ég rangeyg?
**B:** Hefurðu tekið eftir hvað ég er orðheppinn?
**J:** Nei.
**B:** Einu sinni sagði ég við blaðamann: Ég hætti í skóla vegna þess að allir vinir mínir ætluðu að fara að vinna. En ég flutti til Kaliforníu til þess að þurfa aldrei að vinna. Ef tækifærin leituðu mig ekki uppi varð ég að fara að leita þeirra.
**J:** Rosalega er þetta flott. Samdirðu þetta alveg sjálfur?
**B:** Nei, umboðsmaðurinn hjálpaði mér dálítið. En ég lærði textann sjálfur. Það er svo gott að vera leikari.
**J:** Fannst þér hinar stelpurnar í Friends jafnsætar og ég?
**B:** Voru aðrar stelpur í Friends?
**J:** Þú ert svo sætur. Sérstaklega ef þú ert með kúrekahatt og ber að ofan.
**B:** Heyrðu. Ættum við að eignast börn?
**J:** Þú veist að maður fær ör á magann þegar maður eignast börn.
**B:** Ég vil ekki fá ör á magann.
**J:** Green.
**B:** Ha?
**J:** Rachel Green.

### II.

**Angelina:** Viltu biðja þjónustufólkið að safna börnunum saman? Við þurfum að komast heim.
**Brad:** Já. Er ekki rétt að telja þau til öryggis. Hvað eru þau aftur mörg?
**A:** Ég er búin að panta þyrluna, en það komast bara sex í hana þannig að þriðja heims börnin þurfa að fara á bílpallinn.
**B:** Eigum við þessa kínversku?
**A:** Hún er frá Víetnam.
**B:** Hugsaðu þér hvað við höfum gert mörg börn hamingjusöm. Börn sem höfðu ekkert við sig…
**A:** Þú veist að ég vel aldrei nema falleg börn.
**B:** En þau koma úr ömurlegu umhverfi og eignast heimsfræga foreldra.
**A:** Það skiptir engu máli að eiga fræga foreldra. Þú veist ekkert um það. Pabbi var frægur.
**B:** Og þú meikaðir það.
**A:** Pabbi er asni.
**B:** Hvers vegna segirðu það?
**A:** Hann sagði að ég væri geðveik. Bara af því að ég sagðist vera ástfangin af bróður mínum. Og er með fimmtíu tattú.
**B:** Hverjum dettur í hug að svona falleg kona eins og þú sé geðveik? Þú ert svo góð. Ættleiðir eitt barn á ári. Það hefur enginn verið svona góður síðan Mia Farrow hætti að ættleiða.
**A:** Hvernig heldur þú að manni líði þegar pabbi manns er frægastur fyrir að leika mann sem ætlaði að vinna fyrir sér með því að sofa hjá ríkum kellingum?
**B:** En það er ekkert leiðinlegt. Það geri ég.
**A:** Það er svo gaman að vera fallegur og góður. Veistu hvað við gefum mikið til góðgerðarmála?
**B:** Ég er svo ánægður að hafa kynnst þér. Áður en við hittumst vissi ég ekki að bótox getur eytt hrukkum. Mér finnst bótox dásamlegt efni.
**A:** Vel á minnst. Það er kominn tími á vorviðgerðirnar. Þú þarft að láta fjarlægja pokana undir augunum.
**B:** Ég var tvisvar kosinn kynþokkafyllsti maður í heimi.
**A:** Það væri voða gott að þú hættir að ganga um ber að ofan. Þú ert kominn á þann aldur að það gengur ekki lengur.
**B:** En myndirnar af okkur sem ég var búinn að selja Hello?
**A:** Það er allt í lagi með þær. Ég lét fótósjoppa andlitið á þér á búkinn á Marió. Þú veist að ég er kynþokkafyllsta kona í heimi. Núna. Ekki einhvern tíma í gamla daga.
**B:** OK.
**A:** Gott að þú sagðir það. Við erum orðin svolítið blönk. Ég ætla að ættleiða barn frá Borneó. OK! kaupir myndirnar af þeim á þrjár milljónir dollara.
**B:** En það er minna en síðast.
**A:** Skilurðu þetta aldrei? Ég er búin að fara yfir þetta með þér. Fjórtán milljónir fyrir tvíbura sem við eigum sjálf, sjö milljónir á stykkið. Fimm milljónir á Afríkukrakka, þrjár á Asíubarn og hundrað þúsund dalir á fatlað amerískt. Það er enginn bisness.
**B:** Jennifer sagði mér að maður fengi ör á magann af því að eignast börn. En ég fékk engin ör á magann.
**A:** Þarftu alltaf að vera að tala um þessa rangeygu kellingu.
**B:** Nei. Bara við mömmu.
**A:** Ég var búin að banna þér að tala við mömmu þína eftir að hún bauð glyðrunni heim.
**B:** Við vorum gift í mörg ár svo…
**A:** Mamma þín sagði að ég væri lesbía, bara vegna þess að ég sagði að það væri allt í lagi að kyssa og snerta konur sem maður væri ástfanginn af.
**B:** Er ekki örlítið lessulegt að segja það?
**A:** Ætlar þú að fara að tala eins og gamla skassið?
**B:** Ég sá aftan á kornflexpakka að maður getur ættleitt apa. Hvað fáum við mikið út úr því?
**A:** Manstu hvar ég setti óskarinn minn?

# LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ
# FALLEGT Á TANKINN?

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BENSÍN EÐA OLÍU
FYRIR 250 ÞÚSUND KRÓNUR
EF ÞÚ NOTAR DÆLULYKIL ATLANTSOLÍU.

OG EKKI NÓG MEÐ ÞAÐ ÞVÍ AÐ Á HVERJUM DEGI
FRAM AÐ JÓLUM FÆR EINN HEPPINN
DÆLULYKILHAFI ÁFYLLINGUNA ENDURGREIDDA.



LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykillinn gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR kemi GÚMMÍVINNSLAN

Bækur ★★★★

**Trúir þú á drauma?**

Vigdís Grímsdóttir

**JPV**

## Frelsarinn Nína Björk

Stúlkubarnið Nína Björk var vafið reifum og lagt við járnhlið – eitt kalt og þungt októberkvöld þegar forsætisráðherrann var nýbúinn að biðja Guð að blessa Ísland. Sagan Trúir þú á töfra? gerist tólf árum síðar, í þorpi bak við háan múr, undir glerkúpli.




Í þorpinu býr fólk sem var ýmist lokkað þangað með gylliboðum eða hreinlega flutt þangað nauðugt, grunlaust um að við tæki innilokun og ógnarstjórn. Þarna eru einhverjir „þeir" sem öllu ráða og þeir kúga fólkið og beita það ofbeldi.

Trúir þú á töfra? fellur í flokk svokallaðra dystópía, þ.e. sagna sem birta ógnvekjandi framtíðarsýn (Saga þernunnar eftir Margaret Atwood kom nokkrum sinnum upp í hugann við lesturinn). Undir kúplinum æfir hver manneskja sitt hlutverk í leikriti sem sagt er að verði frumflutt að fáum árum liðnum, en tilgangurinn með því er óljós. Fólk undrast hlutverk sín og skilur ekki tilganginn, enda veit enginn hvenær leikritið verður sýnt eða um hvað það fjallar. Fólkið er strengjabrúður „þeirra" og ræður t.a.m. ekki hverjum það giftist eða hvað það starfar við. Allt er fyrirfram ákveðið og þeim sem stíga út fyrir rammann er grimmilega refsað. Í þessu þorpi sem öðrum þar sem ógnarstjórn ríkir, þá heyrast angistarvein úr kjöllurum og fólk hverfur sporlaust um nætur.

Frelsisþráin er rauður þráður í sögunni. Aðalpersónan Nína Björk neitar að láta hefta huga sinn, en notar ímyndunaraflið og sköpunarkraftinn til þess að brjótast út úr aðstæðum sínum. Í bakgrunni leikur skáldskapurinn stórt hlutverk, einkum ljóð Nínu Bjarkar Árnadóttur og saga hennar „… sem lifði og hrærðist og elskaði í frelsinu sem flestir hérna inni sakna svo innilega hvern einasta dag"(102).

Undir ógnarstjórninni er það sem er mannlegt og fallegt barið niður, en í staðinn tekin upp óhugnanleg gervimennska. Eins og gefur að skilja verður ástandið undir glerkúplinum ansi hrollvekjandi á köflum og því er það huggun harmi gegn að stúlkan Nína Björk ber vonina í sér og henni er ætlað hlutverk sem hún leikur ekki eftir handriti harðstjóranna.

Trúir þú á töfra? er margræð bók (já, beinlínis torræð á köflum) og sennilega verður hún mikið eftirlæti bókmenntafræðinga þegar fram líða stundir. Mig dauðlangar t.d. að kasta því fram að stúlkan Nína Björk sé svokallaður Jesúgervingur og hafa um það nokkur orð, en því miður er ekki pláss til þess hér í Fréttablaði alþýðunnar.

Og svo spurningunni sem felst í bókartitlinum sé svarað: Nei, ég trúi ekki á töfra, en ég hef heilmikla trú á fallegum texta. Í þessari bók er textinn ljóðrænn og afar vigdísargríms-legur. Það er taktur í honum; einhver seiður sem áreynslulaust sameinar fegurð og óhugnað. **Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir.**

**Niðurstaða:** Falleg en ógnvekjandi saga, ljóðræn bæði og taktföst.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



**Heimsljós** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mán 26.12. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 15.1. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn. Ö |
| Mið 28.12. Kl. 19:30 2. sýn. U | Lau 21.1. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Fim 29.12. Kl. 19:30 3. sýn. U | Sun 22.1. Kl. 19:30 9. sýn. Ö | Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn. |
| Lau 7.1. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn. Ö | Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Sun 8.1. Kl. 19:30 5. sýn. U | Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Lau 14.1. Kl. 19:30 6. sýn. U | Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn. | |



**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Fim 1.12. Kl. 19:30 27. sýn. Ö | Fim 9.12. Kl. 19:30 29. sýn. Ö |
| Fös 2.12. Kl. 19:30 28. sýn. Ö | Fim 10.12. Kl. 19:30 30. sýn. Ö |



**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | Sun 11.12. Kl. 19:30 14. sýn. Ö | Fös 6.1. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. Ö | Fös 30.12. Kl. 19:30 15. sýn. | |
| Lau 10.12. Kl. 19:30 13. sýn. | Fim 5.1. Kl. 19:30 16. sýn. | |



**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 3.12. Kl. 11:00 U | Lau 10.12. Kl. 11:00 Ö | Lau 17.12. Kl. 11:00 Ö |
| Lau 3.12. Kl. 13:00 Ö | Lau 10.12. Kl. 13:00 Ö | Lau 17.12. Kl. 13:00 Ö |
| Lau 3.12. Kl. 14:30 U | Lau 10.12. Kl. 14:30 Ö | Lau 17.12. Kl. 14:30 Ö |
| Sun 4.12. Kl. 11:00 Ö | Sun 11.12. Kl. 11:00 Ö | Sun 18.12. Kl. 11:00 Ö |
| Sun 4.12. Kl. 13:00 U | Sun 11.12. Kl. 13:00 U | Sun 18.12. Kl. 13:00 Ö |
| Sun 4.12. Kl. 14:30 U | Sun 11.12. Kl. 14:30 U | Sun 18.12. Kl. 14:30 Ö |



**Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 28.12. Kl. 13:30 Frums. U | Fös 30.12. Kl. 13:30 4. sýn. | Sun 8.1. Kl. 15:00 7. sýn. |
| Fim 29.12. Kl. 13:30 2. sýn. | Fös 30.12. Kl. 15:00 5. sýn. | |
| Fim 29.12. Kl. 15:00 3. sýn. | Sun 8.1. Kl. 13:30 6. sýn. | |



**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 3.12. Kl. 22:00 9. sýn. | | |



**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 2.12. Kl. 22:00 | Lau 10.12. Kl. 22:00 | |

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 5511200



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



**LITIR, FORM, TÓNAR OG HÚMOR** Heildarsýn yfir fjölbreytileg verk myndlistarmannsins Helga Þórssonar má sjá á sýningunni Litla föstudegi sem nú stendur yfir á Nýlistasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SÖGUR AF HUNDI

Myndlist ★★★★

**Litli föstudagur**

Helgi Þórsson

**Nýlistasafnið**

Helgi Þórsson (1975) hefur á síðustu árum orðið smám saman sýnilegri í íslenskri myndlist, nú birtist vel þegin heildarsýn yfir verk hans frá síðustu árum. Málverk, skúlptúrar, myndbandsinnsetning og tónlist fylla Nýlistasafnið af litum, formum, tónum og húmor. Helgi er lærður í myndlist og sónólógíu í Hollandi. Hann hefur einnig unnið á sviði raftónlistar, en sónólógía er stúdía á hljóði.

Nýlistasafnið fer þess nú árlega á leit við myndlistarmann af yngri kynslóðinni, af hvoru kyninu sem er auðvitað, að gefa safninu listaverk. Hefð er fyrir því að listamenn gefi Nýlistasafninu verk, þannig byggðist safneign þess upp að mestu. Helgi hefur nú gefið safninu verkið Litli föstudagur frá árinu 2005. Um er að ræða fjölþætta höggmynd, þar sem saman koma tónlist, málaralist og höggmyndalist, en list Helga einkennist af frjóu samspili þessara miðla.

Fjöldi málverka er á sýningunni, flest unnin með akrýl á striga sýnist mér, sum undir gleri, öll í persónulegum litaskala Helga sem minnir svolítið á áttunda áratuginn. Þetta er algjörlega tilbúinn litaskali sem á ekkert skylt við íslenska náttúru heldur tengist frekar innanhússhönnun og tísku áttunda áratugarins, innfluttum minjagripum frá útlöndum, frá Afríku kannski, eða Mæjorka. Helgi leikur sér skemmtilega með sinn heimagerða og viljandi heimóttarlega stíl og litaskala og verk hans eru full af húmor. Skúlptúrar hans eru sumir skringilegar persónur, mitt á milli teiknimyndasögulegra furðuvera og mannsmynda. Aðrir minna meira á etnísk leirker í lit og mynstri. Sumir virðast hafa einhverja fúnksjón, eru til dæmis með ljósi og gætu því gegnt hlutverki gólflampa.

Helgi fellur að einhverju leyti undir regnhlífarhugtakið nýrri málarar sem sækja aðferðir og efnistök jafnt í teiknimyndasögur, graffití, þjóðleg mynstur og hönnun. Hann hefur fundið sína leið bæði á striganum og í öðrum miðlum. Verk hans njóta sín vel svona mörg saman þar sem ofgnótt stílbragða og miðla innan einstakra verka er í samræmi við mikla framleiðslu listamannsins. Litli föstudagur er vel heppnað verk sem hér er líkt og hjarta sýningarinnar og skapar stemningu sem við á, en myndbandsinnsetning í innra rými er einnig spennandi. Hér er sköpuð persóna sem segir ákveðna sögu við undirleik skuggamynda á tjaldi, bráðfyndið verk sem dregur fram séríslenskan heim. Fyndið og áhugavert líkt og segja má um sýninguna alla.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Helgi Þórsson er einn þeirra listamanna sem smátt og smátt hafa unnið sér sess í íslenskri myndlist á síðustu árum. Hér birtist stórskemmtileg heildarsýn á verk hans og vinnubrögð þar sem tónlist, frásögn, málverk og skúlptúrar mætast í fjölbreyttri og kraftmikilli heild.

Bækur ★★

**Brakið**

Yrsa Sigurðardóttir

**Veröld**

## Langdregin útfærsla á fínni hugmynd




Yrsa Sigurðardóttir hefur á síðustu árum kvatt sér hljóðs í hópi spennusagnahöfunda og verið hampað mjög. Yrsa sýnir í bókinni Brakið að hún hefur grunnþætti spennusögunnar á valdi sínu; kann að byggja upp fléttu og skipta um sjónarhorn til að gæða söguna meira lífi.

Hugmyndin í Brakinu er góð. Mannlausa snekkju rekur á land og sagan gengur út á að leysa gátuna um hvað varð um farþegana; þrjá áhafnarmeðlimi og fjögurra manna fjölskyldu. Sjónarhornið skiptist á milli Þóru, lögfræðings sem falið er að staðfesta lát foreldranna vegna líftryggingarmála, og snekkjunnar.

Galli bókarinnar er helst sá að hún er of langdregin. Best tekst Yrsu upp í köflum frá Snekkjunni; þar tekst henni að vekja upp spennu og óhugnað sem áhöld eru um hvort eiga rætur sínar að rekja til þessa heims eða annars. Frásagnir af rannsókn Þóru bæta hins vegar litlu við bókina, nema síður væri, og hefta framvindu sögunnar.

Þóra lögfræðingur verður seint talin spennandi sögupersóna. Tilraunir til að gæða karakterinn lífi ganga illa upp; endalaust stríðið á milli hennar og Bellu ritara er orðið ansi þreytt. Leitun er að fyrirtæki sem væri ekki búið að reka ritarann, óháð tengslum hans. Ritari sem fælir kúnna frá verður ekki langlífur.

Bókin hefði þannig mátt við betri ritstjórn. Á köflum hefði stíllinn vel mátt við betri pússun og góður ritstjóri hefði hert á framvindu sögunnar.

Þá vantar nokkuð upp á að lausnin sé boðleg. Eftir ágætis takta við uppbyggingu spennu er eins og Yrsu hafi þrotið örendi til að ljúka verkinu almennilega. Tiltölulega óraunhæf lausn sprettur upp eins og skrattinn úr sauðaleggnum og skilur lesandann eftir forviða.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Tætingsleg bók þar sem ágæt hugmynd hverfur í langdregnum texta.

# netto

Kræsingar & kostakjör…
…um jólin




40% afsláttur

UPPSKRIFTARBÓK
LATABÆJAR
**2.399kr**
MERKT VERÐ 3.998 KR




35% afsláttur

RÚSTIRNAR / ÓTTULUNDUR
RÖKKURHÆÐIR
**2.138kr**
MERKT VERÐ 3.290 KR




30% afsláttur

AÐ SNERTA HIÐ ÓSNERTANLEGA
PÉTUR GUÐJÓNSSON
**2.093kr**
MERKT VERÐ 2.990 KR




35% afsláttur

ELFRÍÐ
HELGA ERLA ERLENDSDÓTTIR
**3.894kr**
MERKT VERÐ 5.990 KR




40% afsláttur

SIGURÐUR DÝRALÆKNIR
GUNNAR FINNSON
**3.594kr**
MERKT VERÐ 5.990 KR




30% afsláttur

ÁFRAM
PÉTUR GUÐJÓNSSON
**2.093kr**
MERKT VERÐ 2.990 KR




30% afsláttur

BÓKIN UM HAMINGJUNA
PÉTUR GUÐJÓNSSON
**2.093kr**
MERKT VERÐ 2.990 KR




30% afsláttur

ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR
PÉTUR GUÐJÓNSSON
**2.093kr**
MERKT VERÐ 2.990 KR

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

markhonnun.is

**Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 1. - 4. desember**
eða meðan birgðir endast

# Flytja lög Ellýar og Vilhjálms

„Við höfum fengið rosalega góð viðbrögð við því að þessi plata hafi orðið fyrir valinu," segir Jana María Guðmundsdóttir, söng- og leikkona. Hún mun ásamt Ívari Helgasyni leikara flytja lög af jólaplötunni ástsælu, Ellý og Vilhjálmur syngja jólalög, í Salnum í Kópavogi á morgun klukkan 20.

Platan er ein allra vinsælasta íslenska jólaplatan og hefur komið Íslendingum á öllum aldri í hátíðarskap frá því að systkinin tóku hana upp árið 1971. Síðan þá hefur hún verið endurútgefin oftar en einu sinni, enda er eintak til á flestum heimilum landsins.

„Amma átti plötuna og ég er með hennar eintak núna. Hún er algjör hluti af mínum jólaundirbúningi, mér þykir ofboðslega vænt um hana," segir Jana María og undir það taka greinilega fleiri því um liðna helgi varð hún efst í kjöri um uppáhaldsjólaplötur hlustenda Rásar 2.

„Það er bara þessi andi sem er yfir allri plötunni, hún er eitthvað svo hátíðleg. Ég byrja alltaf dálítið snemma að hlusta á jólalög og Ellý og Vilhjálmur koma mér algjörlega í jólaskapið."

Jana María og Ívar ætla að flytja plötuna í heild sinni en tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð þeirra þar sem þau flytja lög eftir ástsælustu dægurlagasöngvara Íslands. Nú þegar hafa þau flutt lög Ingibjargar Þorbergs, Helenu Eyjólfs, Alfreðs Clausen og Óðins Valdimarssonar og á næsta ári mun dúettinn flytja lög Ragnars Bjarnasonar, Sigrúnar Jónsdóttur, Erlu Þorsteinsdóttur og Hauks Morthens. „Við Ívar erum bæði dálítið gamlar sálir og hlaupum upp til handa og fóta ef Litla flugan er í útvarpinu og svona. Við elskum þessa tónlist og vildum líka heiðra þessa söngvara með heilli tónleikaröð. Það sem er erfiðast er að geta ekki bara flutt allt efnið þeirra, við lendum oft í smá slag yfir því hvaða lög komast að á tónleikunum og hver ekki." - bb



**ANNÁLUÐ JÓLABÖRN** Jana María og Ívar munu bjóða upp á kakósopa, piparkökur og sögur af Ellý og Vilhjálmi á milli laga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 1. desember**

### ➜ Tónleikar



**12.15** **Garðar Cortes** og píanóleikarinn Robert Sund deila uppáhaldslögum sínum með áheyrendum á Kjarvalsstöðum. Létt og jólaleg dagskrá. Aðgangseyrir er kr. 1.000, frítt fyrir eldri borgara og námsmenn.

**18.00** Fyrstu vetrartónleikar tónlistardeildar **Listaháskóla Íslands** 2011 fara fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Fram koma þau Chrissie Telma Guðmundsdóttir og Ísak Ríkharðsson á fiðlu, Ragnar Jónsson og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir á selló og Emily Bradley syngur. Aðgangur ókeypis.

**20.00** **Hljómsveitin Grafík** heldur upp á útgáfu á nýju lagi, safnplötu og heimildarmynd með tónleikum í Austurbæ. Helgi Björnsson og Andrea Gylfadóttir syngja gömul og ný lög sveitarinnar ásamt því að heimildarmyndin verður sýnd. Miðaverð er kr. 4.900.

**20.00** **Hátíðartónleikar í Salnum,** Kópavogi, með verkum eftir **Sveinbjörn Sveinbjörnsson** í flutningi einvalaliðs tónlistarmanna. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.00** **Aðventutónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar** fara fram í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Stjórnandi er Erna Guðmundsdóttir og píanóleikari er Antonia Hevesi. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.00** **Jana María** syngur og segir frá söngfuglunum **Helenu Eyjólfsdóttur, Ingibjörgu Þorbergs** og **Ellý Vilhjálms.** Miðaverð er kr. 2.500.

**20.30** **Kór Fjarðabyggðar** flytur íslensk ættjarðarlög ásamt þeim Óskari Péturssyni tenór og Daníel Þorsteinssyni píanóleikara í Hofi. Miðaverð er kr. 2.000.



**21.00** **Halli Reynis** heldur upp á 45 ára afmæli sitt með tónleikum á Café Rosenberg. Hann mun leika bæði gömul og ný lög eftir sig. Miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** **Samúel Jón Samúelsson Big Band** heldur síðustu tónleika tónleikaraðarinnar **Funk** í Reykjavík á **Faktorý** í dag, á degi íslenskrar funktónlistar. **Dj Honky** frá New York hitar upp. Aðgangseyrir er 1000 krónur. **Dj Hannes** stjórnar tónlistinni á neðri hæð.

**21.00** **Strengur, lagaflokkur Tómasar R. Einarssonar** verður fluttur í síðasta sinn á þessu ári í Sal Tónlistarskóla FÍH, Rauðagerði 27. Tólf myndbönd verða flutt samtímis. Allir velkomnir.

**22.00** **Hljómsveitin Hetjur** spilar rokktónlist á Gauki á Stöng. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** **Bítladrengirnir blíðu** halda tónleika á Obladí Oblada, Frakkastíg 8. Aðangur er ókeypis.

### ➜ Leiklist

**20.00** **Draumasmiðjan** sýnir aftur táknmálsleikritið **Lostin** vegna fjölda áskoranna. Að þessu sinni í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** **Leiksýningin Hjónabandssæla** er sýnd í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 4.300.

### ➜ Opnanir

**17.00** **Leirlistafélag Íslands** opnar sýninguna Leir-andi í tilefni 30 ára afmælis sins í stóra salnum á Korpúlfsstöðum.

### ➜ Upplestur

# Útgáfutónleikar Grafíkur í kvöld

Útgáfutónleikar Grafíkur verða haldnir í Austurbæ í kvöld í tilefni af nýrri safnplötu með bestu lögum hljómsveitarinnar og nýrri heimildarmynd.

Fyrsta lag Grafíkur í langan tíma, Bláir fuglar, fylgir með á plötunni sem er gefin út vegna þrjátíu ára afmælis sveitarinnar. Það er í öðru sæti á vinsældarlista Rásar 2, sína aðra viku á lista. Þegar Grafík sló fyrst í gegn árið 1984 átti hún lög á borð við Þúsund sinnum segðu já og Húsið og ég á topp tíu á sömu stöð.

Bláir fuglar var samið rétt fyrir andlát trommuleikarans Rafns Jónssonar af þeim Helga Björnssyni, Rúnari Þórissyni og Rafni. Textinn er eftir Helga og var saminn á þilfari Norrænu á leið til Færeyja þar sem bláir fuglar sveimuðu yfir haffletinum. Fjallar hann um það hvernig það er að upplifa missi og söknuð.



**Á ÆFINGU** Hljómsveitin Grafík, með Helga Björnsson og Andreu Gylfadóttir í fararbroddi, á æfingu fyrir útgáfutónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á tónleikunum í kvöld munu vinsælustu lög Grafíkur hljóma, sungin af þeim Helga Björnssyni og Andreu Gylfadóttur.

**Gott í leikhúsi:** Kolfinna Baldvinsdóttir fjölmiðlakona

## Öllum hollt að sjá Hreinsun



„Ég sá Hreinsun í Borgarleikhúsinu um daginn. Ég hafði lesið bókina áður og oft vill maður þá ekki sjá verkið í öðru formi, en ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Verkið er mikilvægt fyrir alla þá sem vilja skilja stöðu Eystrasaltsríkjanna eins og hún er í dag, menningin þar blómstrar en oft fáum við vestan megin ekki að sjá það sem gerist fyrir menningarmúrnum sem tók í raun og veru við af járntjaldinu. Þess vegna er hollt fyrir okkur þegar sögurnar skila sér til okkar í skáldsagnaforminu. Ég mæli með því að allir sjái þetta frábæra verk.“

**20.00 Bókasafnið í Hveragerði** og **Listasafn Árnesinga** bjóða upp á lestur vel valdra rithöfunda úr nýjum bókum sínum í Listasafninu. Auk þeirra mun Irena Silva Roe leika á fiðlu. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Heimildarmyndir

**17.00 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós** sýnir heimildarmyndina Lifandi kínversk heimspeki eftir Roger T. Ames og Malcolm Cone í stofu 101 í Odda. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Hönnun og tíska

**19.00 Verslunin Spúútnik** á Laugavegi heldur vetrarpartí. **Hljómsveitin Fallegir menn** og **plötusnúðurinn Housekell** spila eldhressa tóna á meðan gestir geta skoðað nýjar og glæsilegar vörur.

### ➜ Uppákomur

**18.00 Aðventustund í Listagallerí Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal.** Huginn Þór Grétarsson frá bókaútgáfunni Óðinsauga kynnir nýjar bækur frá útgáfunni. Bjarki Bjarnason les úr gömlum bókum, myndverk til sýnis eftir Svanfríði Sigurþórsdóttur og Birgir Haraldsson, söngvari úr Gildrunni, syngur. Allir velkomnir.

### ➜ Dans



**20.00** Dansverkið Á, eftir Valgerði Rúnarsdóttur, verður frumsýnt í Norðurpólnum. Dansarar eru þær Snædís Lilja Ingadóttir, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir og **Valgerður Rúnarsdóttir**. Miðaverð er kr. 1.800.

### ➜ Tónlist

**21.00** Hljómsveitin Vicky fagnar útgáfu plötu sinnar með hlustunarpartýi á Bar 11. Matti af Rás 2 þeytir skífum fyrir og eftir atburðinn. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Dj Margeir þeytir skífum af mikilli snilld á HúsDjús kvöldi Kaffibarsins.

**22.00** Dj Pilsner þeytir skífum á Bakkusi.

### ➜ Samkoma

**15.00 Hugvísindasvið Háskóla** Íslands veitir þremur fræðimönnum heiðursdoktorsnafnbót við hátíðlega athöfn í Hátíðasal Háskóla Íslands. Afhöfnin er öllum opin.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**









BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU
Neutral STORVASK
2479 kr. 8kg.
HAGKVÆM INNKAUP - 68 ÞVOTTAR
ARIEL ÞVOTTAEFNI
50 ÞVOTTAR
1998 KR.PK
Jólasmjörið komið
Jóla SMJÖR
Jólasmjör 500g
239 KR.
498
KR. 600 G
BEST QUALITY 600 GRÖMM
FERSKAR DÖÐLUR
295
KR. 1 KG
30% MEIRA MAGN SAMA VERÐ
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.
12 FERSK STJÖRNUEGG
298
KR. BAKKINN
UNGAEGG 12 STK.
129
KR. 165 G
EMMESS
JÓLA JÓGÚRT
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
598
KR. 500 G
HEIMA 500 GRÖMM
MÖNDLUR M. HÝÐI
Maggi
98
KR. PAKKINN
MAGGI PAKKASÚPUR MARGAR TEG.
198
KR. STK
PREMIUM
RÚÐUSKAFA
RÚÐU-VÖKVI
459
KR. 5 LTR.
5 LTR. -9 GRÁÐU
RÚÐUVÖKVI
SUÐUSÚKKULAÐI
Góð kaup!
259
KR. 300 G
GÓÐKAUP 300 GRÖMM
SUÐUSÚKKULAÐI
759
KR. 2.3 KG
ROBIN KLEMETÍNUR
2.3 KG. KASSI
Jóla Kúttersíld
498
KR. 540 G
KÚTTER JÓLASÍLDIN 540 GRÖMM
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
798
KR. 12 RL.
NICKY ELITE 12 RÚLLUR
SALERNISPAPPÍR
GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4 ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998
KR. BAKKINN
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS PASTA CARBONARA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

MTUDAGUR OPNUM KLUKKAN **ELLEFU** FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELL




**695** KR. KG

## FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




**1995** KR. KG

## FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




**998** KR. KG

## FERSK GRÍSAPURUSTEIK

*SÉRSKORIÐ* BÓNUS **LAMBALÆRI** ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER **SKORIÐ FRÁ** OG ÞVÍ ER ***MEIRA KJÖT*** OG *MINNA BEIN* Á LÆRINU!




**1395** KR. KG

## LAMBALÆRI FERSKT SÉRSKORIÐ




## BÓNUS-SAMLOKUR

## *198 KR.STK*

MEÐ RÆKJUM, TÚNFISKI EÐA HANGIKJÖTI




**1498** KR. KG

## KOFAREYKT HANGILÆRI

*M.BEINI*




**998** KR. 9 LTR.COKE

**COKE-TILBOÐ**
**6 FL. X 1.5 LTR**

KAUPAUKI: 4 DÓSIR AF HÁTÍÐARBLÖNDU

**SEX 1.5 LTR.** COKE FLÖSKUR = **9 LTR.**
*AUK ÞESS:* 4 DÓSIR ***HÁTÍÐARBLANDA***
(MALT+APPELSÍN) = **2 LTR.**
ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS **998 KR.**




**1798** KR. KG

## LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




**> Í SPILARANUM**

Helgi Hrafn Jónsson - Big Spring
Ég - Ímynd fíflsins
Jón Múli Árnason - Söngdansar og ópusar
Amy Winehouse - Lioness, Hidden Treasures
Birgitta Haukdal - Straumar

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Mótmælir okurverði

Enski tónlistarmaðurinn Elvis Costello, sem aflýsti tónleikum sínum í Hörpunni í nóvember, hefur hvatt aðdáendur sína til að kaupa ekki nýtt safnbox með lögunum sínum.

Boxið hefur að geyma geisladiska, vínylplötur, mynddiska og bók og er gefið út í aðeins 1.500 eintökum. Verðmiðinn hljómar upp á um 25 þúsund krónur og það finnst Costello allt of mikið. „Allar okkar tilraunir til að lækka verðið hafa verið árangurslausar," skrifaði Costello á bloggsíðu sína. „Ef þig langar virkilega að gleðja einhvern með góðri gjöf viljum við mæla með Ambassador of Jazz. Þetta er lítil taska sem líkist ferðatösku með ferðalímmiðum og nafninu Satchmo," skrifaði hann. „Það sem meira er. Hún hefur að geyma tíu endurhljóðblandaðar plötur eftir einn fremsta tónlistarmann allra tíma, Louis Armstrong. Þetta box ætti að vera fáanlegt á undir 18 þúsund krónum. Í raun og veru er þetta mun flottari tónlist en mín."



**ÓSÁTTUR** Costello er ósáttur við verðið á nýju safnboxi.




**> PLATA VIKUNNAR**

Song for Wendy - Meeting Point

★★★

„Ljúf og þægileg plata frá Dísu Jakobs og Mads Mouritz." - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Sagan af Melody Nelson*

Þar sem yngsta kynslóð tónlistarunnenda kaupir lítið af plötum þá leggur plötuiðnaðurinn sífellt meiri áherslu á að búa til pakka sem höfða til þeirra eldri, sem enn kaupa plötur. Hér á Íslandi sést þetta til dæmis á flottum yfirlitsútgáfum með Grafík, Ingimari Eydal og lögum Jóns Múla Árnasonar núna fyrir jólin, en erlendis eru afmælisútgáfur af sígildum plötum algengar. Ein slík, 40 ára afmælisútgáfa af meistaraverki franska tónlistarmannsins Serge Gainsbourg, Histoire de Melody Nelson, er til dæmis nýkomin út.




**FLOTTUR PAKKI** Meistarastykki Serge Gainsbourg og Jean-Claude Vannier er komið út í 40 ára afmælisútgáfu.

Melody Nelson er konseptplata sem segir sögu miðaldra manns sem ekur fyrir slysni á unglingsstúlkuna Melody Nelson og tekur hana í framhaldi af því upp í bílinn sinn. Þetta var einhvers konar lólítufantasía sem hafði blundað í Gainsbourg frá því að hann las skáldsögu Vladimirs Nabokov sem kom út 1955. Eftir mikla velgengni „stunulagsins" Je t'aime, moi non plus árið 1969 ákvað Gainsbourg að nú hefði hann efni á því að gera eitthvað þyngra og metnaðarfyllra og hófst handa við að búa til Melody Nelson-plötuna.

Hugmyndin að plötunni og textarnir eru eftir Gainsbourg, en tónlistin var að mestu leyti samin af tónskáldinu og hljómsveitarstjóranum Jean-Claude Vannier. Grunnarnir voru teknir upp í London, en strengir og söngur í París. Tónlistin á plötunni er einstök, fönk-skotnar bassalínur (sem Herbie Flowers spilaði inn), frjálslegt gítarspil, dýnamískar strengjaútsetningar og texti Gainsbourg sem hann les eiginlega meira en syngur. Og svo er Jane Birkin þarna líka í hlutverki Melody, bæði sem rödd og sem ljósmyndafyrirsæta á plötuumslaginu. Stemningin og hljómurinn á plötunni er einstakur og þetta er óvenju heilsteypt og flott verk, en eins og fleiri meistarastykki seldist platan lítið þegar hún kom út, en var uppgötvuð mörgum árum seinna.

Afmælisútgáfan af Histoire de Melody Nelson er þreföld. Platan sjálf er á fyrsta disknum, óútgefnar upptökur á disk númer tvö og á þriðja disknum er 5.1 mix og ný heimildarmynd um gerð plötunnar. Flottur pakki!





HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

**Meira en 80% blaðalesenda á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí-sept. 2011





**SJÖUNDA PLATAN** Blúsrokkararnir í The Black Keys hafa gefið út sjöundu plötu sína, El Camino. NORDICPHOTOS/GETTY

# Úr skugga White Stripes

**Rokkdúóið The Black Keys gefur eftir helgi út sína sjöundu plötu, El Camino. Hún fylgir eftir vinsældum Brothers sem kom út í fyrra.**

Bandarísku blúsrokkararnir í The Black Keys gefa eftir helgi út sína sjöundu plötu, El Camino.

Platan fylgir eftir vinsældum Brothers sem kom út fyrir aðeins einu og hálfu ári. Hún stækkaði aðdáendahóp hljómsveitarinnar til muna, enda seldist hún í milljón eintökum. Auk þess að vera ofarlega á flestum árslistum fékk platan þrenn Grammy-verðlaun.

Segja má að The Black Keys hafi með Brothers loksins stigið úr skugga hinnar sálugu The White Stripes, sem spilaði einnig bassalaust blúsrokk, var skipuð tveimur meðlimum og var með hvítan lit í nafninu sínu í stað svarts. Vinsældir hennar voru aftur á móti mun meiri en hjá The Black Keys.

Fyrir upptökurnar á El Camino var upptökustjórinn Danger Mouse fenginn til að sitja við takkaborðið á allri plötunni, en á þeirri síðustu stjórnaði hann málum í hinu vel heppnaða smáskífulagi Tighten Up. Hann er meðlimur dúósins Gnarls Barkley og hefur að auki tekið upp Modern Guilt með Beck og Demon Days með Gorillaz.

Í þetta sinn brugðu gítarleikarinn og söngvarinn Dan Auerbach og trommarinn Patrick Carney á það ráð að ferðast frá Ohio til tónlistarborgarinnar Nashville þar sem upptökurnar fóru fram. Afrakstrinum hefur verið lýst sem rökréttu framhaldi af Brothers. Grípandi popptaktarnir eru enn til staðar í bland við þéttofið blúsrokkið, sem er eins og áður undir áhrifum frá hinu svokallaða bílskúrsrokki sjöunda áratugar síðustu aldar.

Dómar hafa verið að detta inn undanfarna daga. Spin gefur El Camino 8 af 10 mögulegum og líkir tónlistinni við gömlu refina ZZ Top, en með glimmer í skegginu, á meðan The Guardian gefur henni þrjár stjörnur af fimm. Þar segir gagnrýnandinn að platan sé hröð og skemmtileg en ætlist samt ekki til eins mikils af hlustandanum og fyrri verk hljómsveitarinnar. Annað breskt blað, The Independent, segir El Camino kröftugustu og mest heillandi rokkplötu ársins enda sé hún uppfull af grípandi lögum sem öll standi fyrir sínu.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 24. - 30. nóvember 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▲ 1 | Dikta | What Are You Waiting For? |
| ▼ 2 | Of Monsters and Men | King and Lionheart |
| ▼ 3 | Goyte / Kimbra | Somebody I Used To Know |
| ▼ 4 | Mugison | Kletturinn |
| ▼ 5 | Hjálmar | Ég teikna stjörnu |
| ▶ 6 | Coldplay | Paradise |
| ▲ 7 | Helgi Björnsson / Eivör Pálsdóttir | Án þín |
| ▲ 8 | Stefán Hilmars. / Eyjólfur Kristjáns. | Þín innsta þrá |
| ▲ 9 | Rihanna / Calvin Harris | We Found Love |
| ✱ 10 | Amy Winehouse | Our Day Will Come |

## TÓNLISTINN

Vikuna 24. - 30. nóvember 2011

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ✱ 1 | Páll Óskar & Sinfó | *Páll Óskar & Sinfó* |
| ▼ 2 | Mugison | *Haglél* |
| ▲ 3 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorlac. | *Ásamt Sinfó.* |
| ▶ 4 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▼ 5 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ✱ 6 | Stebbi og Eyfi | *Fleiri notalegar ábreiður* |
| ✱ 7 | KK & Ellen | *Jólin* |
| ▼ 8 | Dikta | *Trust Me* |
| ▼ 9 | Ingimar Eydal | *Allt fyrir alla* |
| ▼ 10 | Hjálmar | *Órar* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI
## ER LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN
## OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



nettó
mjódd
opið dag & nótt til jóla

skráðu þig á póstlistann á www.netto.is | aðeins nettó mjódd er opin allan sólarhinginn fram til jóla | upplýsingar um opnunartíma er að finna á www.netto.is

**> KOMIN Í 500 MILLJÓNIR**

Breaking Dawn, fyrri hálfleikurinn í lokamynd Twilight-seríunnar, hefur rakað saman 500 milljónum dollara á aðeins tólf dögum í miðasölu á heimsvísu. Met-hafinn, Harry Potter og dauðadjásnin, þénaði sömu upphæð á aðeins sex dögum.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Radcliffe leikur væntanlega Ginsberg

Daniel Radcliffe er smám saman að fjarlægjast sitt þekktasta hlutverk, sjálfan Harry Potter. Hann leikur aðalhlutverkið í spennuhrollvekjunni The Woman in Black og upplýsti nýverið að hann myndi að öllum líkindum leika Allen Ginsberg í kvikmyndinni Kill Your Darlings sem mun fjalla um samband bítskáldsins við þá Jack Kerouac og William Burroughs.

Ginsberg og Harry Potter gætu ekki verið ólíkari enda áttu bítskáldin í ákaflega nánu sambandi við alls kyns vímugjafa. Ginsberg mælti til að mynda með neyslu LSD og vildi lögleiða það en talaði gegn sígarettureykinginum, sígarettur væru dóp hins opinbera að hans mati.

Bítskáldin þrjú kynntust fyrir tilstilli Luciens Carr sem var sameiginlegur vinur þeirra allra en eins ólíklega og það kann að hljóma (allt benti til þess að þetta væri listræn og áferðarfalleg kvikmynd) er Kill Your Darlings spennumynd. Carr sat nefnilega í fangelsi fyrir morð á ástmanni sínum, David Kammerer. Myndinni er leikstýrt af John Krokidas.

Radcliffe er ákaflega eftirsóttur sem leikari og er meðal annars í stóru hlutverki í söngleiknum How to Succed in Business Without Really Trying sem sýndur hefur verið fyrir fullu húsi á Broadway að undanförnu. **- fgg**



**BÍTSKÁLD** Daniel Radcliffe mun að öllum líkindum leika Allen Ginsberg í kvikmyndinni Kill Your Darlings.

# Gróft grín og jólastuð

Þær eru af ólíkum meiði, kvikmyndirnar tvær sem frumsýndar verða um helgina. Annars vegar er um að ræða gáskafulla gamanmynd um orgíu og hins vegar hugljúfa jólamynd með jólasveininum, hreindýrum og helling af snjó og fallegum boðskap.

A Good Old Fashioned Orgy verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina. Hún segir frá Eric sem elskar að halda partý í strandhúsi föður síns í Hampton. Veislurnar hafa ólík þemu og eru vel sóttar af vinum Erics sem eru ekkert síðri partýljón en hann. Nema dag einn verða þeir fyrir miklu áfalli þegar ákveðið er að selja húsið og til að kveðja veisluhúsnæðið almennilega er ákveðið að halda eitt gott lokapartý. Og þemað að þessu sinni er; hópkynlíf eða orgía. Með aðalhlutverkið fer Jason Sudeikis en hann er hvað þekktastur fyrir leik sinn í Hangover-myndunum tveim. Myndin hefur fengið misjafna dóma, aðeins 31 prósent gagnrýnenda eru til að mynda ánægðir með hana samkvæmt rottentomatoes.com.

Hið sama verður ekki sagt um Arthur Christmas eða Jól Arthúrs. 92 prósent gagnrýnenda eru ánægðir með hana samkvæmt rottentomatoes.com en myndin útskýrir mjög skýrt og greinilega hvernig jólasveininum tekst að dreifa öllum pökkum til allra barna í heiminum. Myndin er sýnd með bæði íslensku og ensku tali, hún er í þrívídd og skartar nýju jólalagi frá Justin Bieber. **- fgg**



**UMDEILDUR** J. Edgar Hoover er umdeildur maður í bandarískri sögu og ný mynd Clints Eastwood sýnir hann sem homma. Hér eru þeir Leonardo DiCaprio og Armie Hammer í hlutverkum sínum sem Hoover og Clyde Tolson en myndin sjálf hefur fengið misjafnar viðtökur.



**STUÐ OG STEMNING** Arthúr bjargar jólunum í Arthur Christmas, en myndin hefur fengið frábæra dóma. Hún skartar einnig nýju jólalagi frá Justin Bieber.

# FBI ósátt við Eastwood

**Clint Eastwood hefur margoft leikið harðhausa sem hika ekki við að taka málin í sínar eigin hendur. En nú hefur þessi dáði og margverðlaunaði leikstjóri komið sér í klandur hjá rosknum FBI-fulltrúum sem finnst lítið til kvikmyndar hans um J. Edgar Hoover koma.**

Kvikmyndarinnar um J. Edgar Hoover eftir Clint Eastwood var beðið með töluverðri eftirvæntingu enda Leonardo DiCaprio í hlutverki þessa umdeilda manns. Myndin hefur fengið afar misjafnar viðtökur, hún fær „eingöngu“ 7,3 á imdb.com og aðeins 42 prósent gagnrýnenda eru sáttir við hana samkvæmt rottentomatoes. Og þar með hefur hún lokið leik í Óskarskapphlaupinu.

En það breytir því ekki að FBI-fulltrúar, og þá sérstaklega eldri starfsmenn stofnunarinnar, eru ákaflega ósáttir við Eastwood og nálgun hans. Þeir eru fyrst og fremst reiðir yfir því að Hoover skuli vera sýndur sem hommi, en í skápnum. Bandaríska blaðið Washington Post fjallaði ítarlega um málið í gær og ræddi meðal annars við FBI-fulltrúann Gregg Schwarz sem réði sér sérstakan kvikmyndatökumann til að gera myndband fyrir sig. Myndbandið er hægt að finna á Youtube-myndbandsvefnum og nefnist „Dirty Harry to Filthy Harry“ en þar er auðvitað verið að vísa til frægrar kvikmyndaseríu Eastwood. „Honum er lýst sem einræðisherra og skrímsli sem hafi haft samkynhneigðar kenndir. Það er einfaldlega rangt,“ lýsir Schwarz yfir og bætir því við að það hafi aldrei fundist neinar sannanir fyrir því að Hoover hafi verið hommi. Það sem þykir ýta undir þá skoðun er sú staðreynd að Hoover giftist aldrei né átti unnustu en átti aftur á móti í mjög nánu vinasambandi við aðstoðarmann sinn, Clyde Tolson.

„Ég veit ekki um neinn sem er ekki í uppnámi,“ hefur blaðið eftir Bill Branon, sem er stjórnarformaður J. Edgar Hoover-sjóðsins og fyrrverandi FBI-fulltrúi. Hátt í hundrað fulltrúar, sem flestir eru komnir á eftirlaun, hafa rætt málið sín á milli á lokuðum póstlista en svo skemmtilega vill til að hann nefnist sama nafni og gamall hundur forstjórans sáluga. „Við erum í uppnámi. Ekki bara af því að við dáðum hann. Við erum í uppnámi af því að þetta er ekki satt. Hefði hann verið samkynhneigður þá væri það ekkert er ljótt af Eastwood að gera þetta við látinn mann.“

John Fox, reyndur sagnfræðingur og sérfræðingur í sögu FBI, segir að vissulega hafi líf Hoovers gefið þessum sögusögnum byr undir báða vængi, hann hafi aldrei kvænst og nánasti vinur hans hafi verið karlmaður. „Það var gefið í skyn að hann væri samkynhneigður á þeim tíma en það náði aldrei lengra, þetta voru bara getgátur.“ Fyrrverandi FBI-fulltrúinn Scott Nelson var sérstakur ráðgjafi Eastwood á tökustað og hann segist hafa lýst því yfir á tökustað að það væri óþarfi að hafa senu þar sem Hoover og Colson kyssast. En honum finnst FBI-fulltrúarnir fyrrverandi bregðast of hart við. „Hugleiðingarnar um einkalíf Hoover eru bara hluti af því að segja dramatíska sögu. Svona er bara Hollywood.“

freyrgigja@frettabladid.is






# Ný Scarface í bígerð

Handritshöfundur Training Day, David Ayer, hefur verið ráðinn til að skrifa handritið að nýrri útgáfu af Scarface fyrir Universal-kvikmyndaverið. Verkefnið hefur verið lengi í bígerð en nú virðist loks vera kominn hreyfing á málið.

Sennilega vita ekki margir af því en fyrsta Scarface-myndin var gerð árið 1932 og skartaði Paul Muni í hlutverki ítalsks innflytjenda sem leggur undir sig undirheima Chicago. Hún var þá byggð á skáldsögu Armitage Trail og Oliver Stone notfærði sér hana þegar hann skrifaði handritið fyrir Brian De Palma-myndina árið 1983 þegar Al Pacino gerði ógleymanlegan kúbverska innflytjandann Tony Montana sem sölsaði undir sig kókaínmarkaðinn í Miami.

Í stuttu máli sagt er Scarface-plottið ákaflega einfalt. Innflytjandi kemur til Ameríku og leggur undir sig undirheimana. Samkvæmt upplýsingum vefsíðunnar Deadline.com er ráðgert að nýja Scarface-myndin gerist í nútímanum og að ekki verði um raunverulega endurgerð að ræða, hvorki á myndinni frá árinu 1932 né 1983. **- fgg**



**NÝR MONTANA** Verið er að skrifa handrit eftir bók Armitage Trail, Scarface. Nýr Tony Montana mun því væntanlega líta dagsins ljós.


BIOTHERM
BOURJOIS PARIS
CLARINS PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF HÚÐDROPAR
Elizabeth Arden
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME PARIS
O·P·I
nails inc. LONDON
SENSAI Kanebo
SHISEIDO
MAC
20%
afsláttur
af öllum
snyrtivörum
Gildir út sunnudag
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

**1.428.360.000 KRÓNUR** er áætlað virði villunnar sem Jay-Z og Beyoncé Knowles hafa hug á að kaupa á Miami. Sjö svefnherbergi eru í villunni og fyrir utan er bæði sundlaug og heitur pottur.



# VICTORIA BECKHAM Á MEÐAL VERÐLAUNAHAFA

**Bresku tískuverðlaunin voru afhent á mánudagskvöldið í London þar sem gestir á rauða dreglinum voru hver öðrum glæsilegri. Viðburðurinn er eins konar uppskeruhátíð breskra fatahönnuða og verðlaun voru veitt í ýmsum flokkum. Sarah Burton, yfirhönnuður Alexander McQueen, hreppti aðalverðlaun kvöldsins sem hönnuður ársins en Burton þykir hafa átt þátt í tískuaugnabliki ársins þegar hún hannaði fallegan brúðarkjól Katrínar, hertogaynju af Cambridge, í vor. Victoria Beckham tárfelldi er henni var opinberlega tekið opnum örmum af tískuheiminum og merki hennar valið fatamerki ársins.**




**STAL SENUNNI** Fyrirsætan og tískufyrirmyndin Kate Moss lét sig ekki vanta og stal senunni í svörtum síðum netkjól með rauðan varalit.

**Í SKÝJUNUM** Victoria Beckham var í skýjunum með verðlaunin sín fyrir fatamerki ársins.

**FJAÐRIR** Olivia Palermo var í skemmtilegum kjól með munstri og fjöðrum.

**FYRIRMYNDIN** Poppy Delevigne var í skósíðum ljósum kjól.

**SJÓNVARPSSTJARNAN** Alexa Chung tók á móti verðlaunum fyrir góðan fatasmekk, eða British Style Awards.



**NÝBAKAÐIR FORELDRAR** Bandaríska leikkonan Kate Hudson var klædd í kjól eftir vinkonu sína Stellu McCartney og er hér ásamt kærasta sínum, barnsföður og söngvara Muse, Matt Bellamy.
NORDICPHOTOS/GETTY




**BROSANDI** Kelly Brooks var í hvítum síðkjól með klauf.

# Á stefnumóti í París

Leikarinn Bradley Cooper sást nýverið á stefnumóti í París með frönsku leikkonunni Melanie Laurent. Þau fóru saman í bíó á Champs-Élysées og út að borða á Hotel Costas. Leikarinn var nýlega valinn kynþokkafyllsti karlmaður í heimi af tímaritinu People og hefur verið orðaður við frægar konur á borð við Jennifer Lopez og Renée Zellweger að undanförnu. Laurent skaust upp á stjörnuhimininn eftir hlutverk sitt í kvikmyndinni Inglourious Basterds.



**LEIKKONAN** Melanie Laurent lék í myndinni Inglorious Basterds.
NORDICPHOTOS/GETTY

**BAUÐ Í BÍÓ** Bradley Cooper fór á stefnumót með frönsku leikkonunni Melanie Laurent í París.

# Nýtt lag frá Einari Ágústi

„Ég er með margt skemmtilegt í pípunum varðandi músík,“ segir tónlistarmaðurinn Einar Ágúst Víðisson, sem sent hefur frá sér sitt fyrsta lag í rúm fjögur ár.

Einar Ágúst, sem er best þekktur úr hljómsveitinni Skítamóral, hefur ávallt verið iðinn við lagasmíðar og samdi mörg vinsælustu lög hljómsveitarinnar á sínum tíma. Í þetta sinn sá hann þó ekki um lagasmíðina, en nýja lagið heitir The Lights In Your Eyes og er samið af ungum og efnilegum tónlistarmanni, Andra Ramirez, sem gengur undir nafninu Prostarz.

Andri stundar nám í hljóðtæknifræði í Bretlandi og hefur verið iðinn við að semja tónlist og koma sér á framfæri ytra. Aðspurður útilokar Einar Ágúst ekki frekara samstarf þeirra á milli. „Við Andri erum að skoða ýmislegt. Ég er að velta fyrir mér texta við eitt lag eftir hann í augnablikinu. Þessi drengur lofar virkilega góðu.“

Einar Ágúst gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 2007 og fylgdi henni á eftir með mikilli spilamennsku. Eftir útgáfuna dró hann svo mikið úr afskiptum sínum af tónlist, þótt hann héldi áfram lagasmíðum. Inntur eftir því hvort hann hafi ekki saknað tónlistarinnar og þess að koma fram segir hann hléið hafa verið kærkomið. „Stundum þarf maður bara frí frá þessu eins og öðru. Það var mjög gaman að byrja að vinna við útvarp aftur þegar ég byrjaði á Kananum vorið 2010 en það er ákveðið „performance“ í því líka. Ég held að ég hafi mögulega „spilað yfir mig“ á árunum 2006-2010. En ég er og mun alltaf verða tónlistarmaður og gera músík.“

- bb



**EINAR ÁGÚST** Söngvarinn vinnur nú að eigin útgáfu af SúEllen smellinum Svo blind.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gullfallegar og fræðandi myndabækur

# Kynnumst heiminum með Rikku og töfrahringnum

## eftir Hendrikku Waage

Í bókunum um **Rikku og töfrahringinn** eftir Hendrikku Waage erum við minnt á að þótt hin fjölmörgu lönd veraldar séu ólík þá búum við öll saman í þessum heimi og eigum að vera vinir.

Í þessari nýju bók ferðast káti ferðalangurinn Rikka til Japans ásamt vinum sínum með hjálp töfrahringsins. Myndir eftir Ingu Maríu Brynjarsdóttur.






**Hendrikka Waage**

*Þekkingarþorsti Rikku er mikill og japönsku vinir hennar eru óþreytandi að svala honum. Víða er farið og svo vel tekst höfundi að gefa hverjum stað og mannlífi lifandi athygli barnanna að úr verður býsna mikill fróðleikur sem festist ótrúlega vel í minni lesanda. Það er nokkur snilld frá hendi höfundar.*

**Jenna Jensdóttir, rithöfundur**




Sameinuðu þjóðirnar völdu bókina **Rikka og töfrahringurinn á Íslandi** til að vekja athygli á menntunar- og umhverfismálum í heiminum.

**Til á hljóðbók**




Í **Rikka og töfrahringurinn á Indlandi** fara ungir lesendur í litríkt og framandi ferðalag.

Salka

**Skipholti 50c • 105 Reykjavík**

**Kíktu á salka.is**



**TVEGGJA BARNA MÓÐIR** Elsta Kardashian-systirin, Kourtney, á von á sínu öðru barni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Kardashian fjölgar sér

**Von er á fjölgun í Kardashian-fjölskyldunni, en elsta systirin Kourtney tilkynnti í gær að hún ætti von á sínu öðru barni. Kourtney er aðeins komin níu vikur á leið en gat hreinlega ekki beðið með að opinbera gleðifregnirnar. „Ég veit að maður á að bíða í 12 vikur en ég er örugg og langaði til að segja öllum,“ segir Kourtney, sem á fyrir tveggja ára son, Mason, ásamt barnsföður sínum Scott Disick.**

# Föndrar músastiga fyrir sýninguna

**Ísabella Rós Þorsteinsdóttir leikur annað titilhlutverkið í jólasýningu Borgarleikhússins, Fanný og Alexander eftir Ingmar Bergman. Ísabellu finnst sérstaklega gaman að fara í alla kjólana sem hún klæðist í sýningunni.**

„Það er mjög gaman á æfingum. Ég er ekki með svo mikinn texta en er mikið á sviðinu,“ segir Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, ellefu ára stúlka úr Garðabænum sem fer með annað titilhlutverkanna í jólasýningu Borgarleikhússins, Fanný og Alexander.

Ísabella byrjaði að leika á sviði þegar hún var sjö ára gömul í Kardimommubænum og hefur dansað í leikritinu um Oliver Twist sem og komið fram í kvikmyndinni Bjarnfreðarson og nokkrum stuttmyndum. Það má því segja að Ísabella sé að verða vön sviðsljósinu en móðir hennar er danshöfundurinn Birna Björnsdóttir og móðursystir hennar er Selma Björnsdóttir leikkona og leikstjóri. Ísabella hefur því ekki langt að sækja hæfileikana. „Það var bent á mig fyrir hlutverk Fannýjar og ég fór í leikprufupufu fyrir Stefán [innsk.blm. Baldursson] leikstjóra. Sama dag var hringt í mig og ég beðin um að mæta í myndatöku fyrir plakatið. Það var æðislega gaman,“ segir Ísabella en æfingar hófust fyrir mánuði.

Vegna þess hve stórt hlutverk Fannýjar er í leikritinu var Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir nýlega fengin til að leika á móti Ísabellu og skipta þær hlutverkinu nú bróðurlega á milli sín. Hilmar Guðjónsson fer með hlutverk Alexanders og meðal annarra leikara í sýningunni eru Halldóra Geirharðsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Þröstur Leó Gunnarsson og Rúnar Freyr Gíslason.

Skólafélagar Ísabellu í Hofsstaðaskóla í Garðabæ eru forvitnir um vinnuna hennar í leikhúsinu og margir spenntir að sjá hana á sviði. Ísabella segir samt að leikritið sé ekki beint barnaleikrit og meira að segja pínu hræðilegt á köflum. En hvað er skemmtilegast við að leika? „Mér finnst allt skemmtilegt. Það er til dæmis mjög gaman að skipta um búninga en ég held að ég klæðist sjö kjólum í sýningunni.“

Fanný og Alexander er eftir sænska kvikmyndaleikstjórann Ingmar Bergman og fjallar um systkini sem takast á við andlát föður síns og síðar harðræði stjúpföður síns. Sagan var kvikmynduð árið 1982 og hlaut fern Óskarsverðlaun. Leikritið var fyrst sett upp árið 2009 í Noregi.

Jólin verða því með óvanalegu móti hjá Ísabellu ár þar sem frumsýning leikritsins er 29. desember og stífar æfingar fram að því. „Ætli ég fái ekki frí á aðfangadag. Ég er samt komin í smá jólaskap því ég er byrjuð að föndra músastiga með Ingibjörgu sýningarstjóra sem verða líklega notaðir sem skraut í sýningunni sjálfri.“

**alfrun@frettabladid.is**



**UPPRENNANDI STJARNA** Ísabella Rós Þorsteinsdóttir er ekki eins og venjuleg ellefu ára skólastúlka en hún eyðir fjórum dögum vikunnar uppi í Borgarleikhúsi við æfingar á jólaleikritinu Fanný og Alexander.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






Tónlist ★★★★

**Aðeins meira Pollapönk**
Pollapönk

## Síhressir pollar




Fyrsta plata Pollapönks var hluti af lokaverkefni Botnleðjudrengjanna Halla og Heiðars í Kennaraháskólanum, en þeir eru báðir leikskólakennarar. Ágæt plata. Þegar önnur Pollapönksplatan, Meira Pollapönk, kom út í fyrra höfðu Guðni Finnsson bassaleikari og Arnar Gíslason trommuleikari gengið í hljómsveitina. Sú plata var algjört dúndur og fór beint í hóp bestu íslensku barnaplatnanna frá upphafi. Og nú er plata númer þrjú komin út.

Tónlistarlega gefur Aðeins meira Pollapönk síðustu plötu ekkert eftir. Pollapönk er ein þéttasta hljómsveit landsins, skipuð hljóðfæraleikurum sem geta spilað hvað sem er. Það eru fínar lagasmíðar á nýju plötunni, flutningurinn er í toppklassa og útsetningarnar eru fjölbreyttar og hugmyndaríkar.

Textalega séð eru þeir Halli og Heiðar líka að gera ágæta hluti, þó að síðasta plata hafi hitt enn betur í mark hvað það varðar. Slagararnir 113 vælubíllinn, Pönkafinn, Keyrða kynslóðin og Gemmér GSM voru meðal annars svona vinsælir af því að textarnir náðu svo vel bæði til krakkanna og foreldranna.

Það er ekkert á Aðeins meira Pollapönk sem skorar alveg jafn hátt og Vælubíllinn eða Pönkafinn, en það er samt fullt af lögum og textum sem höfða bæði til barna og fullorðinna. Textar eins og Bjartmar og Ættarmót eru meira fyrir foreldrana, en Er líf í öðrum ísskápum, Hamborgarastjórinn, Þreytta vélmennið og Hermikrákulagið ná betur til krakkanna. Og svo eru líka lög sem krakkar og fullorðnir leggja kannski ekki sömu merkingu í, eins og Pönk á Polló, sem fjallar um sjóræningjana Hannes Smára, Kaftein Pálma, Grjóna og Björgga…

Á heildina litið er Aðeins meira Pollapönk ágætlega heppnað framhald af síðustu plötu. Langbesta barnaplatan á árinu. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** **Fleiri hressilegir smellir fyrir krakka á öllum aldri.**

HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




**AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ**

# LOKADAGAR

## Aðeins 4 dagar eftir

Fimmtudag frá 12:00 til 18:00
Föstudag frá 12:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 18:00
Sunnudag frá 12:00 til 18:00

## Enn meiri verðlækkun!




**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE · Kaupfélagið · skór.is

ecco · NIKE · adidas · PUMA · hummel

Reebok · BLEND · ORGINAL · SKECHERS

# Höfundur Disco Frisco gefur út

Stefán S. Stefánsson, fyrrverandi forsprakki hljómsveitarinnar Ljósin í bænum, hefur gefið út plötuna Von.

„Tónlistin er nokkuð rökrétt framhald af fyrri útgáfum mínum með Ljósunum í bænum en síðasta plata með þeim kom út um 1980,“ segir Stefán og bætir við að textarnir séu af jákvæðum toga. „Þess vegna skíri ég diskinn Von, eftir einu laganna sem fjallar um það sem heldur okkur á floti dag frá degi: Vonina.“ Djassskotin popptónlist hljómar á plötunni og söngvarar eru þau Regína Ósk og Þór Breiðfjörð.

Stefán er höfundur laga á borð við Disco Frisco, Tunglið, tunglið taktu mig og Fallinn. Spurður hvort hann fái ekki rífleg stefgjöld á hverju ári segist hann fá þokkalega tölu. „En hún dugir kannski ekki fyrir ferð til Balí. En það kemur alltaf á óvart að þessir gömlu slagarar skuli standa af sér öll þessi ár og veður og vinda.“

Sigurður starfar sem skólastjóri Tónlistarskóla Árbæjar. Einnig hefur hann spilað með Stórsveit Reykjavíkur og stundað kennslu í FÍH.

„Núna er ég búinn að gera hreint fyrir mínum dyrum í þessum málaflokki. Það er smá hreinsun að koma þessu efni út og ég vona bara að einhverjir hafi gaman af þessu.“ - fb



**VON** Stefán S. Stefánsson, fyrrverandi forsprakki Ljósanna í bænum, hefur gefið út plötuna Von. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Björk á Hróarskeldu

Björk hefur staðfest að hún muni koma fram á Hróarskelduhátíðinni sem haldin verður dagana 5.-8. júlí næsta sumar.

Björk er fyrsti og eini listamaðurinn sem tilkynnt hefur verið að muni gleðja hátíðargesti, en í fréttatilkynningu á síðu tónleikahátíðarinnar sögðust aðstandendur himinlifandi yfir því að fá að bjóða stórstjörnuna velkomna aftur.

Hróarskeldustoppið verður hluti af tónleikaferð Bjarkar til að kynna áttundu hljómplötu hennar, Biophiliu, sem hlotið hefur lofsamlega dóma víða um heim.

Aðdáendur söngkonunnar eru að vonum ánægðir með fréttirnar og eru þegar farnir að orða vonir sínar um að hún endurtaki leikinn frá 2003 þegar hún lokaði hátíðinni með rafmagnaðri framkomu og flugeldasýningu á appelsínugula sviði Hróarskeldu.



**BJÖRK** Sala á miðum á Hróarskeldu hefst í dag. Björk kom síðast fram á hátíðinni árið 2007.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2 2 BÍÓ 2 BÍÓ 2 EXTRA 2 EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**HÖRKUTÓL** Ryan Reynolds er stoltur af sjálfum sér fyrir að hafa leikið í slagsmálasenum.

# Lét lemja sig í fimm tíma

Ryan Reynolds lét á dögunum á það reyna að leika í sínum eigin áhættuatriðum við tökur á spennumyndinni Safe House.

Sum atriðanna fóru ekki vel með leikarann, en Reynolds leikur í myndinni leyniþjónustumann sem lendir ítrekað í slagsmálum. Aðstandendur myndarinnar höfðu ráðið áhættuleikara en virtust ekki setja sig upp á móti því að Reynolds tæki þátt í fimm klukkutíma löngum tökum á slagsmálasenum.

„Ég var alltaf að sjá áhættuleikara sem var eins klæddur og ég á vappinu, en þeir vildu greinilega ekki nota hann í atriðunum. Ég er algjörlega ónýtur, en get þá allavega sagt að þetta sé í alvöru ég sem 150 kílóa rumur er að berja í klessu,“ var haft eftir Reynolds.

# Notar ekki Facebook

**Scarlett Johansson vill halda einkalífi sínu fyrir sjálfa sig og notar því hvorki Facebook né Twitter. „Ég veit ekki hvað mér finnst um þessa hugmynd um að: „Núna er ég að borða kvöldmat og ég vil að allir viti hvað ég er að fá mér í matinn“ eða „Ég var að setja þetta bréf í póst og skutlaði krökkunum í skólann“,“ sagði leikkonan. Mér finnst mjög skrítið að gera þetta. Ég hef ekki minnsta áhuga á að segja öðrum hvað eftir annað frá því sem ég er að gera í mínu daglega lífi.“**



**ÚT AF FYRIR SIG** Leikkonan Scarlett Johansson vill halda einkalífinu fyrir sjálfa sig.



**NÝTT ANDLIT** Leikkonan unga Felicity Jones er nýtt andlit Dolce & Gabbana.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Í fótspor Madonnu

**Leikkonan unga Felicity Jones er nýtt andlit tískuhússins Dolce & Gabbana og fetar þar með í fótspor frægra kvenna á borð við Madonnu og Scarlett Johansson. Jones er frekar lítið þekkt nafn í kvikmyndaheiminum en hlaut mikið lof fyrir leik sinn í myndinni Like Crazy. Bæði myndin og Jones hlutu verðlaun á Sundance-kvikmyndahátíðinni.**

**Í tilkynningu frá tískuhúsinu segir að Jones standi fyrir klassíska fegurð og náttúrulega útgeislun. Jones mátti einnig sjá í nýlegri auglýsingaherferð Burberry-tískuhússins fyrir haust og vetur.**



**Í HLJÓÐVERINU** Reptilicus eyddi tveimur dögum í hljóðverinu Grant Avenue Studio.

# Smáskífa í Kanada

**Raftónlistarhljómsveitin Reptilicus gaf fyrir skömmu út smáskífu í Kanada. Þar spilaði hún einnig á tónleikum og tók upp efni í hljóðverinu Grant Avenue Studio. Það var stofnað af Lanois-bræðrum en annar þeirra, Daniel, er þekktastur fyrir samstarf sitt við írsku rokkarana í U2. Útgáfutónleikar vegna smáskífunnar, sem er fyrsta útgáfa Reptilicus í þrettán ár, verða haldnir 9. desember á skemmtistaðnum Gauki á Stöng.**




# Kallar Kardashian-fjölskylduna hálfvita

Kardashian-fjölskyldan fær skot úr óvæntri átt, en leikarinn Daniel Craig fer ekki fögrum orðum um raunveruleikaþáttastjörnurnar í nýju viðtali við tímaritið GQ. Þar segir Craig Kardashian-systurnar gera allt fyrir frægð og frama.

„Horfðu á Kardashian-fjölskylduna, þau græða milljónir núna og ég held að þau hafi ekki verið svo illa stödd fyrir. Fólk horfir á þetta og hugsar að það eina sem maður þurfi að gera til öðlast frægð og peninga sé að haga sér eins og hálfviti í sjónvarpinu,“ segir Craig og bætir við að hann mundi aldrei gera þátt um líf sitt því hann vill meina að fjölskyldan hafi afsalað sér rétti á einkalífi.

„Það er ekki hægt að kaupa einkalífið sitt aftur. Þær geta ekki sagt almenningi að láta sig vera þegar þær eru búnar að hleypa áhorfendum inn í stofu og fæða barn í beinni útsendingu. Ég er ekki að dæma þær, eða jú, ég er nú eiginlega að gera það.“

Daniel Craig er þekktur fyrir að vilja halda einkalífi sínu utan fjölmiðla, en hann giftist leikkonunni Rachel Weisz í sumar og fréttu fjölmiðlar ekki af brúðkaupinu fyrr en viku seinna.



**BLÆS ÚT** Daniel Craig talar um Kardashian-fjölskylduna í nýjasta hefti GQ.



**GERA ALLT FYRIR FRÆGÐ OG FRAMA** Daniel Craig segir að Kardashian-fjölskyldan hafi afsalað sér rétti til einkalífs með öllum raunveruleikaþáttunum um sig.









**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 VIP | kl. 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| THE HELP Luxus VIP | kl. 5:15 | 2D | VIP |
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 8 - 10:10 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:30 | 2D | 10 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO 3D | kl. 6 | 3D | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 2D | 12 |
| INBETWEENERS | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 | 2D | 7 |

SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:30(3D) - 5:30(2D) | | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| HELP | kl. 5:30 | 2D | L |
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 8:20 - 10:30 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| COLLABORATORS LEIKRIT LIVE | kl. 19 | | L |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ Ensku Tali / ótextuð | kl. 8 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:20 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5:20 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 8 | 2D | 12 |




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| JACK AND JILL | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| JACK AND JILL LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TROPA DE ELITE 2 | KL. 10.20 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| TOWER HEIST | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| IN TIME | KL. 10.20 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TROPA DE ELITE 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ÓPERAN TOSCA | KL. 6.30 | L |
| IMMORTALS 3D | KL. 10 | 16 |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| JACK AND JILL | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| TOWER HEIST | KL. 6 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JACK AND JILL | 8 og 10 |
| HAPPY FEET 2 3D | 6 - ISL TAL |
| IMMORTALS 3D | 8 og 10.15 |
| TOWER HEIST | 10 |
| BORGRÍKI | 6 og 8 |
| TINNI 3D | 5 |


# DÝRT SPAUG Í HOLLYWOOD

**Bandaríska gamanmyndin Jack & Jill með Adam Sandler í aðalhlutverki hefur fengið afleita dóma meðal gagnrýnenda, auk þess sem aðsóknin hefur verið langt undir væntingum. Fréttablaðið tók saman lista yfir fimm aðrar misheppnaðar gamanmyndir sem eiga það sameiginlegt að hafa fengið herfilega dóma og tapað svimandi háum fjárhæðum.**



**SLÆMIR DÓMAR** Jack & Jill, nýjasta mynd Adams Sandlers, fær aðeins 2,8 í einkunn á Imdb.com.

## The Love Guru (2008)

Eftir vinsældir Austin Powers-mynda Mikes Myers var eftirvæntingin mikil þegar ástargúrúinn leit dagsins ljós. Með Myers í leikaraliðinu var Óskarsverðlaunahafinn Ben Kingsley og Jessica Alba en allt kom fyrir ekki og myndin olli miklum vonbrigðum. Kostnaðurinn nam 62 milljónum dollara, eða um 7,4 milljörðum króna, en samanlagðar tekjurnar voru um 40 milljónir, eða 4,8 milljarðar. *Love Guru var tilnefnd til sjö Golden Raspberry-skammarverðlauna, eða Razzies, og vann þrenn, þar á meðal sem versta myndin.*
**Einkunn á Imdb.com: 3,8**



**ÁSTARGÚRÚ** Mike Myers skaut sig rækilega í fótinn með myndinni The Love Guru.

## Son of the Mask (2005)

Kvikmyndin The Mask með Jim Carrey í aðalhlutverki hitti rækilega í mark og festi Carrey í sessi sem einn vinsælasta gamanleikara Hollywood. Ellefu árum síðar kom framhaldið en í þetta sinn var Carrey fjarri góðu gamni. Betur hefði mátt vanda til verka. Myndin kostaði væna summu, eða 84 milljónir dollara, en þénaði aðeins um 17 milljónir vestanhafs. *Son of the Mask var tilnefnd til átta Razzies-verðlauna og hlaut ein.*
**Einkunn á Imdb.com: 2,1**



**VONLAUST FRAMHALD** Son of the Mask var vonlaus frá upphafi til enda.

## Superbabies – Baby Geniuses 2 (2004)

Næstlélegasta kvikmynd sögunnar samkvæmt Imdb.com á eftir hinni þýsku Daniel – Der Zauberer. Hið merkilega er að Jon Voight, sem á að baki fínar myndir á borð við Midnight Cowboy, Deliverance og Mission Impossible, skuli hafa lagt nafn sitt við hana. Söguþráðurinn er aukaatriði en myndin kostaði 20 milljónir dollara og náði inn aðeins 9 milljónum í miðasölunni. *Hún fékk fjórar tilnefningar til Razzies-verðlaunanna, þar á meðal Jon Voight fyrir versta leik í aukahlutverki.*
**Einkunn á Imdb.com: 1,5**



**ÓFYNDIN OFURBÖRN** Næst lélegasta kvikmynd sögunnar, samkvæmt Imdb.com.

## The Adventures of Pluto Nash (2002)

Eddie Murphy fór með aðalhlutverkið í þessari rándýru en kolómögulegu fýlusprengju sem tapaði gríðarlegum upphæðum. Myndin kostaði heilar 100 milljónir dollara í framleiðslu, eða tæpa 20 milljarða króna, en samanlagðar tekjur hennar í miðasölunni voru aðeins um 7 milljónir dollara. *Hún fékk fimm tilnefningar til Razzies.*
**Einkunn á Imdb.com: 3,6**



**ÓSPENNANDI ÆVINTÝRI** The Adventures of Pluto Nash fékk herfilegar viðtökur.



**VINGAST VIÐ SIMPANSA** Persóna Matt LeBlanc vingast við simpansa í Ed.

## Ed (1996)

Matt LeBlanc úr Vinum lék hæfileikaríkan kastara í hafnaboltaliði sem vingaðist við simpansa sem einnig kunni sitthvað fyrir sér í boltanum. Framleiðslukostnaðurinn nam um 24 milljónum dollara en myndin þénaði aðeins rúmar 6 milljónir í miðasölunni vestanhafs. Mikil vonbrigði fyrir LeBlanc, sem þá var einn vinsælasti sjónvarpsleikari Bandaríkjanna. *Niðurstaða: Þrjár tilnefningar til Razzies-verðlaunanna, þar á meðal fyrir versta bíóparið.*
**Einkunn á Imdb.com: 2,4**

freyr@frettabladid.is


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 18:00, 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 20:00, 22:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ■ BORGRÍKI 18:00
ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# Súrsætt að hætta

Meðlimir R.E.M. hugsuðu fyrst um endalok hljómsveitarinnar þegar þeir voru á tónleikaferð til að fylgja plötunni Accelerator eftir árið 2008. Þremur árum síðar, eða í september síðastliðnum, lagði sveitin upp laupana. „Okkur fannst við hafa gengið í gegnum mjög dapurt tímabil. Hver og einn okkar vildi ljúka því sem við höfðum verið að gera síðan við urðum fullorðnir. Vildum allir ljúka þessu á réttan hátt, okkar eigin hátt," sagði söngvarinn Michael Stipe.

R.E.M. gaf út fimmtán hljóðversplötur á 31 árs ferli sínum en núna er ævintýrið á enda. „Það var frelsandi að hætta. Ég var spenntur. Það orð sem oftast hefur verið sagt á meðal okkar er „súrsætt".



**HÆTTIR** Hljómsveitin vinsæla R.E.M. hætti störfum í september.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Greifarnir líta stoltir um öxl

„Þetta eru bara fyrstu 25 árin," segir Viddi í Greifunum um nýja tvöfalda safnplötu frá hljómsveitinni. Tilefnið er 25 ára afmæli hennar. „Það er ekki spurning að við lítum stoltir um öxl og bjartsýnir fram á við."

Á gripnum er safn fjörutíu bestu laga Greifanna auk mynddisks. Þar eru tvær nýjar útgáfur af lögunum Draumadrottningin og Strákarnir í götunni sem voru hljóðritaðar á afmælistónleikum á Húsavík í sumar. Felix Bergsson, fyrsti söngvari Greifanna, syngur í Draumadrottningunni og var þetta í fyrsta sinn í fimmtán ár sem hann söng með bandinu. Á mynddiskinum eru nítján tónlistarmyndbönd og fjórir sjónvarpsþættir þar sem Greifarnir komu fram. Með safninu fylgir einnig bæklingur þar sem saga hljómsveitarinnar er rakin. - fb



**TVÖFÖLD SAFNPLATA** Hljómsveitin Greifarnir hefur gefið út tvöfalda safnplötu.




Tónlist ★★★

**Locust Sounds**
Reykjavík!

## Hrátt rokk og ról

Þetta er þriðja plata Reykjavíkur!, borin fram í flottu fluguumslagi, en jafnmörg ár eru liðin frá síðustu útgáfu. Hrátt og hressilegt rokkið er sem fyrr í fyrirrúmi og ekki skemmir fyrir að strákarnir taka sig ekkert alltof hátíðlega.

Fjórða lagið, Hellbound Heart, er það sem grípur mann mest á plötunni og gítarinn í Sneak er töffaraskapurinn uppmálaður. Hin lögin eru flest ágætir rokkarar, sérstaklega þó hið prýðilega Tenzing Norgay, sem er sungið á íslensku, og hið kraftmikla Internet.

Locust Sounds ætti því að seðja hungur þeirra sem telja rokkið ekki nógu fyrirferðarmikið í dag. Með fínpússaðri söng og fleiri grípandi lögum gæti Reykjavík! samt höfðað til enn fleiri tónlistaráhugamanna.

**Freyr Bjarnason**

**Niðurstaða:** Reykjavík! er í góðum rokkgír á sinni þriðju plötu.



**LOCKERBIE** Hljómsveitin hefur samið við þýskt útgáfufyrirtæki.

# Samningur í Þýskalandi

**Lockerbie hefur gert samning við þýska fyrirtækið Käpitan Platte um útgáfu plötunnar Ólgusjór í Þýskalandi, Austurríki, Sviss, Lúxemborg og Liechtenstein. Platan kom út á Íslandi í sumar og hefur einnig komið út hjá Rallye Label í Japan. Käpitan Platte hefur einnig á sínum snærum sænsku síðrokksveitirnar EF og Immanu El. Fyrirtækið heyrði fyrst í Lockerbie eftir að hún var valin hljómsveit vikunnar og hafði verið í viðtali í þættinum Breitband hjá þýska ríkisútvarpinu. Sveitin spilar næst á Faktorý 30. nóvember.**



SÖNGVABORGARDAGURINN

Sannkölluð fjölskylduhátíð verður í **Háskólabíói laugardaginn 3. des. kl. 13** í tilefni af því að DVD-diskurinn Söngvaborg 6 er kominn út.

Allir vinir barnanna úr Söngvaborg verða á staðnum. Sigga og María mæta á svæðið ásamt **Lóu (ó)kurteisu**, **Subba sjóræningja** og **Masa**, að ógleymdum sjálfum **Georg**. **Friðrik Ómar** og **Jógvan** syngja lög af nýútkominni barnaplötu áður en skemmtunin hefst.

**Miðaverð til Vildarklúbbsfélaga er 1.330 kr.***
**Almennt verð er 1.900 kr. og miðasala er á midi.is.**

***Tölvupóstur með afsláttarkóða hefur verið sendur til félaga í Vildarklúbbi Íslandsbanka.**




*Georg er kominn aftur í Íslandsbanka. Við tökum vel á móti öllum sem vilja tæma baukana sína og fá fallega Georgsgjöf í verðlaun eða ná sér í nýjan Georgsbauk.*

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** í handbolta lenti í Brasilíu í gærmorgun eftir ellefu tíma flugferð frá Lundúnum og tveggja tíma rútuferð til Santos. HM í Brasilíu hefst á morgun og Ísland á sinn fyrsta leik gegn Svartfjallalandi á laugardaginn kemur. Fylgst verður náið með gangi mála á Stöð 2 Sport, Fréttablaðinu og Vísi.

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla*

**Akureyri - Fram 25-24 (12-10)**

**Mörk Akureyrar (skot)**: Bjarni Fritzsson 8/3 (15/3), Oddur Gretarsson 7 (10), Guðmundur H. Helgason 4 (6), Heimir Örn Árnason 3 (9), Geir Guðmundsson 3 (9), Hörður F. Sigþórsson (4).
**Varin skot**: Sveinbjörn Péturss. 21/1 (45/2, 47%).
**Hraðaupphlaup**: 6 (Oddur 3, Guðm. 2, Bjarni 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Bjarni 1, Oddur 1, Hörður Fannar 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Mörk Fram (skot)**: Einar Rafn Eiðsson 7 (14/2), Stefán Baldvin Stefánsson 6/1 (7/1), Ingimundur Ingimundarson 4 (7), Jóhann Karl Reynisson 3 (4), Sigurður Eggertsson 3 (7), Arnar Birkir Hálfdánsson 1 (7), Sigfús Páll Sigfússon (1), Matthías Daðason (1), Halldór Jóhann Sigfússon (2/1), Róbert Aron Hostert (6).
**Varin skot**: Magnús Erlendsson 19 (34/2, 56%), Sebastian Alexandersson 2 (12/1, 17%).
**Hraðaupphlaup**: 8 (Einar Rafn 4, Stefán 3, Ingimundur 1)
**Fiskuð víti**: 4 (Jóhann Karl 4)
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Dómarar**: Arnar Sigurjónsson og Svavar Pétursson. Áttu jafn lélegan dag og leikmenn.

### *Iceland Express-d. kvenna*

**Fjölnir - Haukar 77-87 (33-40)**

**Fjölnir**: Brittney Jones 21, Birna Eiríksdóttir 20, Katina Mandylaris 18, Erla Sif Kristinsdóttir 6, Eva María Emilsdóttir 6, Bergdís Ragnarsdóttir 4, Telma María Jónsdóttir 2.
**Haukar**: Margrét Rósa Hálfdánardótir 21, Íris Sverrisdóttir 19, Jence Ann Rhoads 16, Hope Elam 16, Guðrún Ósk Ámundardóttir 8, Sara Pálmadóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 3.

**Snæfell - KR 77-72 (33-40)**

**Snæfell**: Kieraah Marlow 32, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 14/16 fráköst, Hildur Sigurdardottir 13, Hildur Björg Kjartansdóttir 11, Ellen Alfa Högnadóttir 3, Alda Leif Jónsdóttir 2, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2.
**KR**: Erica Prosser 19, Margrét Kara Sturludóttir 19, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 14, Hafrún Hálfdánardóttir 11, Helga Einarsdóttir 4, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Rannveig Ólafsdóttir 1.

**Njarðvík - Hamar 77-53 (55-21)**

**Njarðvík**: Shanae Baker 25 Sara Dögg Margeirsdóttir 17, Ólöf Helga Pálsdóttir 10, Erna Hákonardóttir 7, Harpa Hallgrímsdóttir 7, Lele Hardy 6/16 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 2, Emelía Ósk Grétarsdóttir 2, Eyrún Líf Sigurðardóttir 1.
**Hamar**: Samantha Murphy 26, Jenný Harðardóttir 13, Kristrún Rut Antonsdóttir 5, Marín Laufey Davíðsdóttir 3, Álfhildur Þorsteinsdóttir 2, Dagný Lísa Davíðsdóttir 2, Katrín Eik Össurardóttir 2.

**Keflavík - Valur 91-68 (52-37)**

**Keflavík**: Jaleesa Butler 35/18 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 16, Pálína Gunnlaugsdóttir 13, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 12, Lovísa Falsdóttir 5, Sandra Lind Þrastardóttir 4, Aníta Eva Viðarsdóttir 2, Katrín Fríða Jóhannsdóttir 2, Helga Hallgrímsdóttir 2.
**Valur**: María Ben Erlingsdóttir 21, María Björnsdóttir 16, Hallveig Jónsdóttir 13, Melissa Leichlitner 8, Guðbjörg Sverrisdóttir 3, Kristrún Sigurjónsdóttir 2, Þórunn Bjarnadóttir 2, Signý Hermannsdóttir 2, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 1.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **10** | **9** | **1** | **859-704** | **18** |
| Njarðvík | 10 | 7 | 3 | 861-775 | 14 |
| **Haukar** | **10** | **6** | **4** | **753-727** | **12** |
| KR | 10 | 6 | 4 | 761-721 | 12 |
| **Snæfell** | **10** | **5** | **4** | **678-703** | **10** |
| Valur | 10 | 3 | 7 | 676-747 | 6 |
| **Hamar** | **10** | **2** | **8** | **666-787** | **4** |
| Fjölnir | 10 | 2 | 8 | 737-827 | 4 |

### *Enski deildabikarinn*

**Man. United - Crystal Palace 1-2 (1-1)**
0-1 Darren Ambrose (65.), 1-1 Federico Macheda, víti (68.), 1-2 Glenn Murray (98.)

### *Evrópudeild UEFA*

**Malmö - AZ Alkmaar 0-0**
Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á sem varamaður í seinni hálfleik hjá AZ Alkmaar.

**Celtic - Atletico Madrid 0-1**
0-1 Arda Turan (31.)

**Braga - Birmingham 1-0**
1-0 Hugo Viana (51.)

**Tottenham - PAOK 1-2**
0-1 Dimitrios Salpigidis (7.), 0-2 Stefanos Athanasiadis (14.), 1-2 Luka Modric (38.)

**Vorskla Poltova - FC Kaupmannahöfn 1-1**
Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson léku báðir allan leikinn í vörn FCK.

### *Þýska úrvalsdeildin*

**Göppingen - Hannoverg-Burgdorf 34-24**
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði sex mörk fyrir Hannover-Burgdorf, Hannes Jón Jónsson þrjú og Vignir Svavarsson eitt.

**Gummersbach - Bergischer 29-31**
Rúnar Kárason skoraði þrjú mörk fyrir Bergischer.

**Hüttenberg - Flensburg 26-29**




**Í STRANGRI GÆSLU** Framarinn Arnar Birkir Hálfdánsson í baráttu við leikmenn Akureyrar í leiknum í gær. Hann skoraði eitt mark í leiknum. MYND/SÆVAR GEIR SIGURJÓNSSON

# Agaleysi Framara algjört

**Akureyri vann góðan sigur á Fram í slökum handboltaleik nyrðra í gær. Bæði lið gerðu sig sek um mörg mistök en agaleysi Framara fór alveg með möguleika Safamýrarpilta. Afmælisbarnið Sveinbjörn Pétursson átti góðan leik í markinu.**

**HANDBOLTI** Leikur Akureyrar og Fram í N1-deild karla í handbolta í gær var illa spilaður af báðum liðum. Ítrekuð mistök þar sem Framarar skutu mjög illa og klaufaskapur Akureyringa í sókninni gerði það að verkum að leikurinn var jafn og spennandi allan tímann. Akureyri vann 25-24.

Það var raunar ótrúlegt að Framarar skyldu ekki vera langt á eftir Akureyri í hálfleik. Sóknarleikur liðsins var mjög slakur og meðal annars átti liðið sex skot sem hittu ekki einu sinni á rammann. Mörg skotanna voru ótímabær, tekin í flýti úr slæmum færum en auk þess átti liðið nokkur slök skot sem Sveinbjörn varði auðveldlega.

Það var raunar aðeins fyrir klaufaskap Akureyringa að þeir leiddu ekki með meira en tveimur mörkum í hálfleik, 12-10. Sebastian varði ekkert í upphafi leiks en Magnús tók þrjú skot eftir að hafa komið inn. Samtals fimm varin skot í fyrri hálfleik. Sveinbjörn varði níu skot hinumegin.

Akureyri tapaði boltanum nokkrum sinnum afar klaufalega, lélegar sendingar, klaufaleg sóknarbrot, skref og fleira kom í veg fyrir að liðið skoraði meira en tólf mörk í fyrri hálfleiknum.

Leikurinn skánaði í seinni hálfleik en aðeins góð markvarsla

> Þetta gefur okkur mikið, við erum enn í baráttunni um efstu fjögur sætin og loksins unnum við lið fyrir ofan okkur.
>
> **ATLI HILMARSSON**
> ÞJÁLFARI AKUREYRAR

Magnúsar hélt Fram inni í leiknum. Flestir leikmenn liðsins áttu slakan dag, Jóhann Karl lék vel og Einar Rafn var markahæstur. Ekkert kom út úr Róberti Hostert sem átti mörg ömurleg skot, líkt og Arnar Birkir. Liðið var mjög óagað og tók kolrangar ákvarðanir á mikilvægum augnablikum.

Þetta varð liðinu að falli.

Akureyri hefði getað unnið stærra en Magnús spilaði vel og liðið fór illa með færin sín. Í staðinn skoraði Fram úr hraðaupphlaupum og hélt sér inni í leiknum. Sveinbjörn varði vel á afmælinu sínu og Oddur lék líka vel. Þá skoraði Bjarni mikilvæg mörk.

**Lítil gæði og leiðinlegt**

„Gæði handboltans voru ekki mikil og þetta var eflaust leiðinlegur leikur á að horfa, fyrir utan kannski spennuna,“ sagði Halldór Jóhann Sigfússon, Framari. „Við vorum óskynsamir á löngum köflum, kaflar þar sem við vorum í vandræðum bæði í vörn og sókn fóru með okkur. Heilt yfir held ég að þetta hafi bara verið lélegur handboltaleikur. Nýtingin okkar var ekki góð og ég er hálf orðlaus yfir ákveðnum punktum í leiknum. Við verðum að fá fleiri skot en tókum mjög léleg færi í þessum leik. Samt hefði þetta getað endað hvorumegin sem var en of margir voru að spila undir getu til að við gætum unnið,“ sagði Halldór.

**Skutum illa á Magga**

Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, segir að strákarnir hans hafi verið sjálfum sér verstir. „Við vorum oft komnir í álitlega stöðu en nýttum það ekki nógu vel. Maggi varði vel í seinni hálfleik en við vorum líka að skjóta illa á hann. Við lentum ekki í vandræðum með Róbert eða Arnar Birki sem hafa verið að spila vel en Maggi og Jóhann voru okkur erfiðir,“ sagði Atli.

„Þetta gefur okkur mikið, við erum enn í baráttunni um efstu fjögur sætin og loksins unnum við lið fyrir ofan okkur. Það er stutt í langt hlé og mikilvægt að hala sem mestu inn núna. Svona leikir hafa ekki verið að falla með okkur í vetur en það er mjög sterkt að vinna þegar maður er ekki að spila vel,“ sagði Atli. **- hþh**

Fyrsta stjóranum sparkað:

## Bruce rekinn frá Sunderland

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Sunderland leysti í gær knattspyrnustjórann Steve Bruce frá störfum. Hann er fyrsti stjórinn í deildinni sem fær að taka poka sinn á leiktíðinni.

Sunderland vann aðeins tvo af fyrstu þrettán leikjum sínum á tímabilinu, nú síðast fyrir Wigan á heimavelli, 2-1. Bruce gekk til liðs við Sunderland árið 2009, einmitt frá Wigan.

Liðið náði tíunda sæti í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili en hefur tapað átta af síðustu deildarleikjum sínum og fannst forráðamönnum félagsins nóg komið. „Það kemur í minn hlut að gæta hagsmuna félagsins og get ég fullvissað alla um að þetta var ekki auðveld ákvörðun,“ sagði stjórnarformaðurinn Ellis Short við enska fjölmiðla. „Úrslitin þetta tímabilið hafa því miður ekki verið nógu góð og mér finnst tímabært að breyta til.“ **- esá**



**ÓVÆNT** Leikmenn Palace fagna sigurmarki sínu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Óvænt tíðindi á Englandi:

## Crystal Palace vann Man. Utd

**FÓTBOLTI Heldur óvænt tíðindi urðu í lokaleik fjórðungsúrslita ensku deildabikarkeppninnar í gærkvöldi en þá tapaði stórlið Manchester United fyrir B-deildarliðinu Crystal Palace, 2-1, á Old Trafford.**

**Framlengja þurfti leikinn þar sem staðan var 1-1 að loknum venjulegum leiktíma. Darren Ambrose kom Palace yfir með þrumufleyg á 65. mínútu en Federico Macheda jafnaði metin úr vítaspyrnu þremur mínútum síðar. Glenn Murray skoraði svo sigurmarkið á áttundu mínútu framlengarinnar með skalla af stuttu færi. Palace komst þar með áfram í undanúrslit keppninnar ásamt Manchester City, Liverpool og Cardiff City.** **- esá**

KR-ingar viðurkenna mistök í leikmannamálum – senda Tairu heim og Horton gæti líka horfið á braut:

# Erum ekki vanir því að vera litlir í okkur

**KÖRFUBOLTI** „Það er alveg augljóst að það voru gerð ákveðin mistök í ráðningu á erlendum leikmönnum í sumar,“ segir Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, en félagið er búið að senda Bandaríkjamanninn David Tairu til síns heima og Ed Horton gæti einnig farið sömu leið áður en langt um líður.

„Okkur vantaði ekki mann í þá stöðu sem Tairu spilar. Við erum að leita að stærri leikmanni en Tairu. Okkur vantar tveggja metra mann með gott skot sem getur einnig hjálpað til inni í teig. Við höfum verið í vandræðum inni í teig og því sækjum við hjálp þangað,“ segir Böðvar en hvað með hinn Bandaríkjamanninn, Ed Horton, sem hefur einnig átt erfitt uppdráttar? „Eigum við ekki að segja að hans mál séu til skoðunar á hverjum degi. Það er ekkert öruggt í þessum bransa.“

KR-ingar eru sem fyrr afar metnaðarfullir og þeir ætla ekki




**HELDUR JÓLIN HEIMA** Tairu fer heim til Bandaríkjanna í dag og spilar ekki aftur fyrir KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að sætta sig við að vera áhorfendur að titilslagnum í ár.

„Við ætlum að vera með, það er alveg klárt. Við höfum orðið sárir yfir sumum leikjum í vetur og menn voru ansi litlir í sér í nokkra daga eftir flengionguna frá Grindavík um daginn. Við erum ekki vanir því í Vesturbænum að vera litlir í okkur og þetta var ekki skemmtilegt.“

Böðvar gerir ráð fyrir því að breytingar verði á flestum liðum eftir áramót.

„Ég vænti þess að öll þau lið sem eru í toppbaráttunni bæti við sig þriðja útlendingnum eftir áramót eins og alltaf. Við munum því einnig skoða það og jafnvel að bæta þeim fjórða við ef við erum í stuði,“ segir Böðvar, en hann vill fá meira frá íslensku strákunum sínum.

„Það er sorglegt að skoða stigaskor eftir leiki þar sem útlendingar ráða ríkjum. Íslenskir leikmenn þurfa að taka aukna ábyrgð á sig og sérstaklega þeir sem eru að fá borgað fyrir að spila. Þeir geta ekki endalaust falið sig á bak við útlendingana. Körfubolti er liðsíþrótt þar sem allir þurfa að skila sínu.“ **- hbg**



# Jói útherji

www.joiutherji.is

Real Madrid:
Leikir: 108
Mörk: 106

## CR7* línan lendir kl 18:00 í dag

## Opið til 21:00

## Aðeins fáanleg í Jóa útherja

**NIKE FOOTBALL**

*CR7 er skó og fatalína Cristiano Ronaldo leikamans Real Madrid, hönnuð af Nike.

**Takmarkað magn í boði**



NIKE Mercurial Victory JR
Verð 13.990 kr
St: 32-38,5



NIKE Mercurial Victory
Verð 17.990 kr
St: 39-44



NIKE Mercurial JR Vapor
Verð 26.990 kr
St: 35-38,5



NIKE Mercurial Lite
Verð 5.990 kr
St: S - M - L - XL



NIKE Cristiano Ronaldo bolti
Verð 5.990 kr
St: 4 & 5



NIKE Cristiano Ronaldo bolur
Verð frá 7.990 kr
St: S - M - L



NIKE Cristiano Ronaldo bolur
Verð frá 7.990 kr
St: S - M - L



## Jólaleikur Jóa útherja

1. Vinningur 75.000.- kr vöruúttekt.
2. Vinningur 50.000.- kr vöruúttekt.
3. Vinningur 25.000.- kr vöruúttekt.



**Verslaðu fyrir 5 þúsund kall eða meira og þú kemst í pottinn!**
**Dregið á Þorláksmessu kl. 18:00**

Jói útherji Ármúla 36 108 Reykjavík - S: 5881560 Opið alla daga til jóla www.joiutherji.is

# Það er mikið talað um okkur hérna

**Nóvember var frábær mánuður fyrir Loga Gunnarsson í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta en hann hefur verið allt í öllu í fimm leikja sigurgöngu Solna Vikings. Logi endaði mánuðinn á því að skora 15 af 28 stigum sínum í fjórða leikhluta í eins stigs sigri á sænsku meisturunum í Sundsvall í fyrrakvöld.**

**KÖRFUBOLTI** Tímabilið fór ekki vel af stað hjá Solna Vikings í sænska körfuboltanum. Liðið byrjaði á þremur útileikjum og þeir töpuðust allir. Þegar liðið tapaði á móti Borås í fyrsta leik nóvembermánaðar sátu Solna-menn í næstsíðasta sæti með aðeins tvo sigra í átta leikjum.

Nú tæpum mánuði síðar er staðan allt önnur og í síðustu tveimur leikjum hafa Solna-menn unnið dramatíska sigra á toppliðum Sundsvall Dragons og LF Basket. Það hefur enginn leikmaður Solna Vikings verið heitari en Íslendingurinn Logi Gunnarsson sem hefur verið stigahæsti leikmaður liðsins í fjórum af fimm leikjum í sigurgöngunni.

### Sendu báða Kanana heim

„Það er búið að ganga vel núna, við erum að vinna og þetta er bara rosa gaman. Það voru miklar mannabreytingar frá því í fyrra og við vorum lengi að stilla saman strengina. Ameríkanarnir hentuðu okkur ekki nægilega vel þannig að við sendum þá báða heim,“ segir Logi en annar þeirra var stigahæsti leikmaður deildarinnar þegar hann var látinn fara.

„Um leið og við skiptum þeim út þá varð allt betra. Andinn í liðinu varð betri, boltinn rúllaði mikið meira og það voru allir meira með. Boltinn hefur komið meira til mín núna eftir að þessi strákur sem stigahæstur var látinn fara. Hann var leikstjórnandi sem hékk á boltanum og það hentaði ekki fyrir okkur,“ segir Logi sem fann sig ekki nógu vel til að byrja með.

### 24 stig í leik í síðustu 5 leikjum

„Þetta lítur miklu betur út og það er allt léttara í kringum klúbbinn. Í svona atvinnumannaklúbbum er mikil pressa sett á bæði þjálfara og leikmenn þegar liðið er að tapa enda eru allir á launum,“ segir Logi, en hann hefur skorað 24 stig að meðaltali í leik í fimm leikja sigurgöngu liðsins og sett niður helming þriggja stiga skota sinna þrátt fyrir að skora yfir fjóra þrista í leik.

Logi hefur verið að taka af skarið á lokamínútum leikjanna. „Þetta er að detta okkar megin og við erum með leikmenn sem geta klárað leikina. Það var annar leikmaður sem kláraði leikinn á móti LF Basket og við erum með góð vopn í liðinu. Það er samt stutt á milli. Við erum búnir að vinna tvo leiki í röð með einu stigi og úrslitin hefðu getað farið á hinn veginn og þá værum við ekki í góðum málum,“ segir Logi.

### Hitti úr öllum skotunum í lokin

Í sigrinum á Sundsvall í fyrrakvöld, á móti landsliðsþjálfaranum og þremur félögum sínum í landsliðinu, var Logi óstöðvandi á lokamínútunum. Hann hitti úr öllum fimm skotum sínum í lokaleikhlutanum, skoraði þá 14 af 22 stigum Solna og endaði leikinn á því að skora sigurkörfuna.

„Það er alltaf gaman að spila við þá. Þeir eru allir hörkuleikmenn og svo er það náttúrulega landsliðsþjálfarinn sem er að þjálfa þá. Við erum allir góðir félagar, þeir tóku okkur síðast þannig að maður varð aðeins að hefna fyrir það,“ segir Logi í léttum tón.

**Tölurnar hans Loga**

| | |
|---|---|
| **Sigurhlutfall Solna** | |
| Fyrstu 8 leikirnir | 25% (2 sigrar - 6 töp) |
| Sigurgangan | 100% (5-0) |
| **Stig í leik** | |
| Fyrstu 8 leikirnir | 14,1 |
| Sigurgangan | 24,0 |
| **Þriggja stiga körfur í leik** | |
| Fyrstu 8 leikirnir | 2,3 |
| Sigurgangan | 4,2 |
| **Þriggja stiga skotnýting** | |
| Fyrstu 8 leikirnir | 36% (50/18) |
| Sigurgangan | 50% (42/21) |
| **Framlag í leik** | |
| Fyrstu 8 leikirnir | 11,9 |
| Sigurgangan | 20,8 |

### Allir í lykilhlutverkum

„Það er gaman að sjá að við erum allir í lykilhlutverkum í okkar liðum. Það er mikið talað um okkur hérna og mikið talað um að íslensku víkingarnir séu svo duglegir og ákafir. Við erum allir búnir að stimpla okkur vel inn,“ sagði Logi.

Logi hefur hitt úr 46 af 48 vítaskotum sínum í vetur sem skilar honum 95,8 prósenta vítanýtingu. Hann hefur nú sett niður 19 víti í röð. „Það eru ákveðnir hlutir sem maður tekur fyrir og vill bæta og þetta er eitt af því sem ég hef lagt áherslu á. Það er mikilvægt að setja þessi skot í og ég hef einbeitt mér að því í allt sumar,“ segir Logi og bætir við:



**SJÓÐANDI HEITUR** Logi Gunnarsson hefur skorað 24 stig að meðaltali í síðustu fimm leikjum Solna og liðið hefur unnið þá alla.

„Ég er mjög sáttur við þetta og vonandi get ég haldið þessu áfram. Ég þarf að halda áfram að skjóta vítaskotum á æfingum til þess að halda þessu við,“ segir Logi sem hefur einnig verið í hópi bestu þriggja stiga skyttna deildarinnar.

### Búinn að skjóta mikið aukalega

„Skotnýtingin mín er góð. Maður hefur verið að skjóta mikið í gegnum árin og maður passar sig á því þó að maður sé orðinn svona gamall að hætta aldrei að skjóta aukalega. Ég held að það skili sér á endanum,“ segir Logi en fáir æfa skotin sína meira en hann.

„Ég hef passað mig á því þó að ég sé orðinn þrítugur að æfa eins mikið og þegar ég var yngri. Skotmenn þurfa alltaf að vera að skjóta á körfuna og þeir mega aldrei hætta því,“ segir Logi að lokum.

ooj@frettabladid.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



BT
allt að verða klárt fyrir jólin
SAMSUNG
10.000 kr. afsláttur
79.999
verð áður 89.999
32"
Samsung LCD D404
1366x768 - HD Ready - 50Hz - High contrast
SHARP
Nýtt
89.999
Sharp LCD SH130E
32"
1366x768 - HD Ready - 50Hz - AQUOS
þessi litlu og sætu
SHARP
49.999
19"
Sharp LE510E 19" LED
SHARP
69.999
24"
Sharp LE510E 24" LED
SHARP
69.999
22"
Sharp LE510E 22" LED með DVD
SHARP
78.899
24"
Sharp LE510E 24" LED með DVD
nýtt og skemmtilegt
ION Discover Karaoke
flottar Karaoke græjur
19.999
Nýtt
ION Filmuskanni
Slide2PC
19.999
ION Vertical Vinyl plötuspilari á vegg
Nýtt
19.999
ION Plötuspilari
kominn aftur
24.999
ION AnyRoom þráðlaus hátalari fyrir Ipod
29.999
blu-ray spilarar
SAMSUNG
24.999
Samsung D5100 Blu Ray spilari
SAMSUNG
44.999
3D
Samsung D5500 Blu Ray spilari 3D
20% afsláttur
af Blu Ray myndum með hverjum keyptum Blu Ray spilara
mp3 spilarar
COBY
MP620
4GB
10.999
COBY
MP827
4GB
m. snertiskjá
13.999
COBY
MP828
8GB
m. snertiskjá
18.999
hljómtæki
Logitech
24.999
Logitech Pure-Fi Express Ipod vagga
SHARP
54.999
Sharp DH-330 Hljómtækjastæða
BT
þú getur verslað allan sólarhringinn á www.bt.is
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 // www.bt.is - alltaf opið

Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson búinn að skrifa undir þriggja ára samning við SönderjyskE:

# Er betri í vörninni en skemmtilegra á miðjunni

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög sáttur við þessa niðurstöðu. Þetta er það sem ég og félagið vildum og því var gott að það gekk eftir,“ segir Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson sem í gær skrifaði undir þriggja ára samning við danska félagið SönderjyskE.

„Mér líður mjög vel hérna. Aðstæður hér eru betri en í Svíþjóð, deildin er sterkari og ég fæ að spila þannig að þetta getur ekki verið betra. Mér hefur gengið vel og þeir eru ánægðir með mig. Ég vissi að ég gæti spilað í þessum styrkleikaflokki og hafði alltaf fulla trú á sjálfum mér. Ég fékk traustið strax frá byrjun og það hjálpaði mér líka.“

Hinn 25 ára gamli Hallgrímur er fjölhæfur leikmaður og hefur leikið bæði sem miðjumaður og miðvörður fyrir liðið. Í síðustu leikjum á miðjunni.

„Ég kann betur við mig á miðjunni. Það er aðeins meira fjör þar og maður fær að sækja. Ég held samt að ég geti spilað í hærri styrkleikaflokki sem varnarmaður. Það eru margir til í heiminum með góða tækni og það er ekki alltaf sterkasta hlið okkar Íslendinga,“ sagði Hallgrímur léttur sem er á leið í jólafrí en deildin í Danmörku byrjar síðan ekki aftur fyrr en í mars. **- hbg**



**SÁTTUR Í DANMÖRKU** Hallgrímur verður áfram hjá SönderjyskE. Hann skorar hér gegn Portúgal. NORDICPHOTOS/AP



**STÖÐVAÐUR** Michael Gravgaard stökk dómaranum til varnar. Bullan hefur síðan verið meðal óvinsælustu manna í Danmörku, enda var Svíum dæmdur sigur. NORDICPHOTOS/AFP

Boltabulla fyrir dómi:

## Sér fram á 50 milljóna sekt

**KNATTSPYRNA Mál mannsins sem veittist að dómara í landsleik Danmerkur og Svíþjóðar á Parken í undankeppni Evrópumótsins árið 2007 er komið fyrir landsrétt. Þar horfir maðurinn, sem var ofurölvi þegar hann hljóp inn á völlinn, fram á sekt að upphæð 2,2 milljónir danskra króna, hátt í fimmtíu milljónir íslenskra.**

**Knattspyrnusambandið kveðst þó tilbúið að semja um skaðabæturnar ef maðurinn verður fundinn sekur. Leikurinn var flautaður af eftir uppákomuna. Þá var staðan 3-3, stutt eftir af leiknum og Svíar áttu að taka vítaspyrnu. Svíum var síðar dæmdur sigur í leiknum 0-3. - þj**

# Ég held mínum möguleikum opnum

**Hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson nýtur sín hjá AG Kaupmannahöfn en hann hefur verið orðaður við Kiel, eitt sterkasta félagslið heims. Guðjón Valur hefur þó ekkert tilboð fengið frá þýska stórveldinu.**

**HANDBOLTI** Nú um helgina birtust fregnir þess efnis að forráðamenn þýska stórliðsins Kiel hafi átt viðræður við Guðjón Val Sigurðsson, hornamann íslenska landsliðsins og AG Kaupmannahafnar. Dagblaðið Kieler Nachrichten hefur eftir Klaus Elwardt, framkvæmdastjóra Kiel, að félagið hafi mikinn áhuga á Guðjóni.

„Það væri algjört kæruleysi að bregðast ekki við því þegar heimsklassaleikmaður á borð við Guðjón Val Sigurðsson er á markaðnum,“ sagði Elwardt.

„Við áttum gott samtal og ef þetta heldur áfram á þessari braut er ég vongóður um að Guðjón Valur verði leikmaður Kiel á næsta tímabili,“ bætti hann við.

### Ekki í neinni tímaþröng

Sjálfur vildi Guðjón Valur ekki staðfesta að hann ætti í samningaviðræðum við Kiel. „Það eru engar samningaviðræður í gangi og ég hef ekki fengið neitt tilboð frá Kiel,“ segir Guðjón Valur. „Ég var líka búinn að lofa þeim hjá AG að láta þá vita ef mér myndi berast tilboð – svo að við gætum rætt málin hér.“

Guðjón Valur er því spar á allar yfirlýsingar um sín mál. „Ég vil ekki hella olíu á eldinn. En ef það kemur tilboð þá þyrfti maður að velja og hafna en það kemur alls ekki til greina að semja við þá [án vitundar AG, innsk. blm.] og skíta svo út klúbbinn hér í leiðinni.“

Það er algengt hjá handboltamönnum að ræða við og semja við félög langt fram í tímann en í tilfelli Guðjóns Vals er hann samningsbundinn AG til loka núverandi leiktíðar. Hann vill ekki útiloka neitt um hvar hann muni spila á næstu leiktíð.

„Eins og með flest annað eru kostir og gallar við hvern kost. Kiel er ekki eini klúbburinn sem er að leita að vinstri hornamanni og ég vil ekki loka á neina möguleika. Ég vil einfaldlega halda áfram að spila handbolta og þetta mun svo eflaust ráðast á næstu mánuðum. Ég er ekki í neinni tímaþröng.“

### Efnilegir stríðsmenn í vörn AG

AG Kaupmannahöfn hefur vakið mikla athygli þrátt fyrir að félagið hafi verið stofnað árið 2010 og telst í dag meðal sterkustu liða Evrópu. Liðið varð tvöfaldur meistari í Danmörku í vor og hefur gert það gott á sínu fyrsta tímabili í Meistaradeild Evrópu. Auk Guðjóns Vals eru landsliðsmennirnir Arnór Atlason, Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson á mála hjá AG og segir Guðjón Valur að það sé mjög gaman að vera leikmaður AG.

„Það er mikið af ofboðslega sterkum leikmönnum hjá félaginu og margir reynsluboltar sem hafa spilað með mörgum af bestu félagsliðum heims. Það er ávallt létt yfir æfingunum og gaman að koma í vinnuna. Við Íslendingarnir erum svo duglegir að skjóta á Danina og öfugt,“ segir Guðjón Valur, sem hrósaði dönsku varnarmönnunum sérstaklega.

„Við getum stillt ótrúlegri vörn hjá liðinu. Rene Toft Hansen er eins og fjall á miðjunni og svo eru Joachim Boldsen og Lars Jörgensen þarna líka. Þetta eru fyrstu mennirnir sem maður myndi taka með sér í stríð enda miklir naglar.“

Guðjón Valur missti af stórum hluta ársins 2010 vegna meiðsla en hefur spilað mikið í ár. „Ég er að vísu að drepast í hælnum þessa dagana eftir að hafa lent illa á fætinum fyrir þremur vikum. Það er verið að reyna að laga það og lítur það ágætlega út.“

**eirikur@frettabladid.is**



**GUÐJÓN VALUR** Lykilmaður í íslenska landsliðinu og í sigtinu hjá einu allra sterkasta félagsliði heims. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HÖFUNDURINN** Víðir Sigurðsson með bókina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk knattspyrna 2011:

## Hefur aldrei verið stærri

**FÓTBOLTI** Íslensk knattspyrna 2011 eftir Víði Sigurðsson, íþróttafréttamann á Morgunblaðinu, er komin út. Er þetta 31. árið í röð sem þessi árbók knattspyrnunnar hér á landi er gefin út.

Bókin er samtals 256 blaðsíður og hefur aldrei verið stærri. Fjallað er ítarlega um Íslandsmótið í knattspyrnu í öllum deildum og flokkum auk þess sem bikarkeppni, Evrópuleikjum og landsleikjum eru gerð skil, svo eitthvað sé nefnt.

Það er orðin hefð að verðlauna stoðsendingahæstu leikmenn Íslandsmótsins við útgáfu bókarinnar, sem var gert í gær. Ólafur Páll Snorrason, FH, og Guðmundur Steinarsson, Keflavík, áttu flestar stoðsendingar karlamegin, tíu talsins. Hjá konunum var Mateja Zver, ÍBV, efst með nítján stoðsendingar.

Knattspyrnudeild Stjörnunnar fékk síðan heiðursverðlaun útgáfufélagsins Tinds, en báðir meistaraflokkar félagsins náðu glæsilegum árangri á leiktíðinni.

**FÉLAGASKIPTI VEIGARS**

### Tveir handteknir í Noregi

Lögreglan í Noregi handtók í gær tvo menn og yfirheyrði í tengslum við umdeild félagaskipti Veigars Páls Gunnarssonar frá Stabæk yfir í Vålerenga. Málið er komið inn á borð efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra Noregs, en norskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að mennirnir væru báðir í forsvari fyrir Stabæk. Félögin hafa verið sökuð um svik í tengslum við söluna á Veigari Páli, sem er saklaus aðili í málinu.

Landslið Bandarísku Samóa-eyjanna vann hug og hjörtu knattspyrnuheimsins í síðustu viku:

# „Taugaveiklaður markvörður og kona í vörninni“

**FÓTBOLTI** Ein athyglisverðasta fréttin úr knattspyrnuheiminum síðustu vikuna er 2-1 sigur Bandarísku Samóa-eyjanna á Tonga. Var þetta fyrsti sigur liðsins frá því að knattspyrnusamband landsins fékk inngöngu í Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, árið 1994, en leikið var í undankeppni HM 2014. Liðið gerði svo jafntefli við Cook-eyjar í næsta leik og átti möguleika á að komast áfram upp úr riðlinum með sigri á Samóa-eyjum í lokaumferðinni. Þar hafði hins vegar „stóri bróðir“ betur en Samóa vann leikinn 1-0 og kom sigurmarkið einni mínútu fyrir leikslok.

Fyrir leikinn gegn Tonga hafði landslið Bandarísku Samóa-eyjanna leikið 30 FIFA-leiki í röð og tapað þeim öllum með markatölunni 12-229. Hollendingurinn Thomas Rongen var fenginn til liðsins, en hans helsta verk hefur verið að vinna í sjálfstrausti leikmanna. Einna helst markvarðarins Nicky Salapu sem fékk eitt sinn 31 mark á sig í leik gegn Ástralíu. Er það stærsti sigur knattspyrnusögunnar í opinberum landsleik og sóknarmaðurinn Archie Thompson setti einnig met með því að skora þrettán mörk í leiknum. „Hver hefur sinn djöful að draga en fáir í sama mæli og hann,“ sagði Rogan í viðtali við New York Times. „Hann er maðurinn sem er þekktur fyrir að fá 31 mark á sig í einum leik og hans líf gengur út á að bæta fyrir þá skömm fyrir sig og fjölskyldu sína.“

Þar að auki er einn varnarmanna liðsins, Johnny Saelua, ólíkur flestum öðrum í liðinu. Hann var nefnilega alinn upp sem kona. „Ég er í raun með konu í miðverðinum. Getur þú ímyndað þér að það gæti gerst annaðhvort á Englandi eða Spáni?“

Uppeldi Saelua er þó ekki óhefðbundið á Samóa-eyjunum en það þekkist sem fa'afafine. Það þekkist víða í menningu eyjanna að ala drengi upp sem stúlkur, ef foreldrarnir bera kennsl á kvenlega eiginleika í barninu. Fa'afafine er þekkt sem þriðja kynið á eyjunum og er því hvorki karl né kona.

„Liðið tekur mér eins og ég er og við berum virðingu fyrir hver öðrum. Það er frábært enda allt hluti af okkar menningu,“ sagði Saelua. **- esá**



**HETJUR** Leikmenn og þjálfarar landsliðs Bandarísku Samóa-eyjanna stilla sér upp eftir sigurinn á Tonga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Dekkin sem duga

## Fáðu aðstoð fagmanna okkar við val á gæðadekkjum

**Hjólbarðarnir eru eina snerting bílsins við veginn.**
Þess vegna eru þeir svona mikilvægir öryggi okkar í umferðinni. Slitnir hjólbarðar missa grip og hemlunareiginleika og veita falskt öryggi. Nú er tími vetrarhjólbarðanna runninn upp og því brýnt að huga að ástandi hjólbarðanna á þínum bíl.

**Skynsamlegt að leita til fagmanna.**
Við hjá Bílabúð Benna vitum að dekk eru ekki bara dekk og að mikill gæðamunur getur verið á milli þeirra fjölmörgu tegunda sem eru í boði á markaðnum. Aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum sem duga byggir á áratuga reynslu.

Winter TRANPATH S1




OBSERVE GARIT Kx




OPEN COUNTRY I/T




OBSERVE G2S




All Terrain




Mud Terrain KM2




g-Force Stud




g-Force Winter




*Bighorn*




*Presa Spike*




*AT 771*




*Mudder MT 754*




Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**1 URRIÐI,** ein bleikja, tveir laxar og fjórtán flundrur er allt og sumt sem skráð var í veiðibók á silungasvæðinu í Andakílsá á liðnu sumri.



**90 SENTÍMETRAR** er lengdin á stærsta laxinum úr Langá í sumar. Það var söngvarinn Jógvan Hansen sem veiddi þá hrygnu 21. júní í Strengjum á agnið „Færeyskt jólaskraut“.



# Stangveiðifélag Reykjavíkur boðar „hóflegar hækkanir“ á veiðileyfum

**Þrátt fyrir kreppu og vonbrigði með aðsókn að sumum af dýrari svæðum Stangaveiðifélags Reykjavíkur gengur mun betur á öðrum vígstöðvum og er reksturinn að snúast í rétta átt. Hér er gluggað í ársskýrslu SVFR.**

„Gríðarlegur taprekstur áranna 2009 og 2010 hefur hoggið djúp skörð í eigið fé félagsins og staðan í lok síðasta árs, í nóvember 2010 var vægast sagt svört. Á árinu sem nú var að líða náðist ákveðinn viðsnúningur,“ segir Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur í nýrri ársskýrslu félagsins.

„Rekstur félagsins hefur verið þungur um nokkurt skeið,“ segir í ársskýrslunni. „Á árunum 2009 og 2010 var félagið rekið með talsverðu tapi, og nam tap ársins 2010 um 43 milljónum á verðlagi dagsins í dag. Afkoman er betri í ár þó enn sé tap á rekstrinum. Það hefur hins vegar náðst ákveðinn viðsnúningur í sjálfum rekstri þessa árs. Hann er kominn í jafnvægi og er félagið rekið nálægt núllpunkti í ár.




**BJARNARFOSS** Tungufljót í Skaftaárhreppi hefur valdið vonbrigðum tvö síðustu haust. Bæði hefur ásókn í leyfi minnkað og veiðin dalað. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

### Hækkanir fram undan

Samkvæmt athugun sem formaður SVFR gerði fyrir um tveimur árum hafði verð veiðileyfa tvöfaldast að raungildi á tveimur áratugum. Í ársskýrslunni segir að það sé ætíð stefna stjórnar félagsins að bjóða veiðileyfi á sem hagstæðustu til félagsmanna. Miðað við nýjar fréttir af miklum hækkunum á öðrum veiðisvæðum sé ljóst að venjulegir veiðimenn þurfi að hugsa sinn gang.

„Munu stangveiðimenn kaupa veiðileyfi eftir slíkar hækkanir? Munu veiðimenn sækja frekar í silungsveiði, í straumvötnum eða vatnaveiði? SVFR þarf að vera tilbúið að takast á við breytingar af þessum toga og halda áfram að efla framboð á veiðileyfum þar sem verðlagningu er stillt í hóf,“ segir í skýrslunni. „Hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur verða óhjákvæmilega einhverjar hækkanir á verði veiðileyfa á milli ára. Í flestum tilvikum teljum við að þær séu hóflegar og í takt við verðlagshækkanir í landinu á milli ára.“

### Sala gekk vonum framar

Að því er segir í ársskýrslunni gekk sala veiðileyfa vonum framar. „Veiðileyfi í Norðurá, Hítará, Elliðaám, Gljúfurá og Nessvæði Laxár í Aðaldal, seldust því sem næst upp við úthlutun. Reyndar var salan mjög góð á mörgum svæðum. Salan í Soginu var ágæt og þegar leið á sumarið má segja að Sogið hafi því sem næst selst upp,“ segir af góðum fréttum en þannig voru þær ekki allar. „Tungufljót og urriðasvæðin fyrir norðan eru til dæmis ekki nægjanlega vel seld og eru svæðin rekin með nokkrum halla.“

### Útlendingar sækja í urriðann

SVFR hefur nú haft urriðasvæðin í Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal á leigu í þrjú ár og hafa þau verið félaginu erfið. „Salan minnkaði mikið frá því sem verið hafði strax eftir að SVFR tók svæðin yfir. Vissulega hækkaði verð veiðileyfa eitthvað og því miður, þá er eins og markaðurinn trúi því að sú hækkun hafi öll verið einhverju sprengitilboði SVFR um að kenna. Svo var alls ekki. Það skal því rifjað upp hér að SVFR átti ekki hæsta boðið og var í þriðja til fjórða sæti.“

Fram kemur að verð leyfa í Laxá hefur lækkað frá 2008 því veiðiréttareigendur hafa gefið eftir vísitöluhækkun og félagið selt leyfin nánast án álagningar.

„Við teljum að nú sé dæmið að snúast við fyrir norðan. Fyrirspurnir erlendis frá eru fleiri en fyrr og við verðum vör við aukinn áhuga Íslendinga á svæðunum.“

### Flytja í Elliðaárdal

Að því er segir í árskýrslunni hafa fulltrúar SVFR átt í viðræðum við Reykjavíkurborg og Orkuveituna um möguleikann á að félagið fengi skrifstofuaðstöðu í einu af húsum Orkuveitunnar í Elliðaárdal.

„Þær viðræður hafa nú borið þann árangur að okkur býðst að flytja okkur í Elliðaárdal. Því munum við væntanlega, ef um semst, flytja okkur um set á árinu, eftir 40 ára dvöl á Háaleitisbraut,“ segir í skýrslunni. Þar kemur einnig fram að hugmyndin um að SVFR flytti í dalinn hefur verið uppi frá árinu 2000 og að gert hafi verið ráð fyrir lóð fyrir félagið í deiliskipulagi frá árinu 2004. „Á árinu 2007 ákvað stjórn félagsins að fresta framkvæmdum, þrátt fyrir góðærið sem þá ríkti, sem betur fer getum við sagt í dag.“

Síðan er þess að geta að SVFR hefur gert þriggja ára samning með nýju sniði við Orkuveituna „Nú tekur félagið árnar á leigu, stendur straum af kostnaði við vöktun og rannsóknir, veiðivörslu o.fl. og ber í raun ábyrgð á öllum rekstri ánna. Við erum stolt af því trausti sem eigendur Elliðaánna sýna félaginu með þessum samningi.“ gar@frettabladid.is

JÓLA
GJÖFIN
HANS

Sérblað um jólagjöfina hans kemur út þann 6. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is

Formaður Skotvís segir skotveiðimenn vera nokkuð sátta við rjúpnatímabilið:

# Langflestir fengu í jólamatinn

Elvar Árni Lund, formaður Skotvís, segir skotveiðimenn nokkuð sátta við rjúpnaveiðitímabilið sem lauk um síðustu helgi, þrátt fyrir að veiðidagarnir hafi aðeins verið níu talsins. Umhverfisráðuneytið lagði til að 31.000 fugl yrði veiddur fyrir þessi jól, sem er helmingi færri en í fyrra.

„Ég held að á þessum síðustu og verstu tímum hafi menn tekið hverjum degi sem bauðst fagnandi,“ segir Elvar léttur í bragði í samtali við Fréttablaðið. Veiðimenn hafi séð talsvert af fugli þó að aðstæður hafi ekki verið upp á það allra besta.

„Langflestir gátu veitt það sem þeir þurftu og mér heyrist sem flestir séu sáttir við tímabilið þó að það hafi verið stutt og veðrið ekki alltaf eins og best væri á kosið. Það voru nokkrir góðir dagar, en ég veit að margir söknuðu þess að geta ekki veitt í kjarri eftir að snjórinn kom núna í vikunni. Næsta helgi hefði því orðið mjög skemmtileg.“

Elvar segir skotveiðimenn munu fara fram á að stefnumörkun í rjúpnaveiðum verði tekin mun fastari tökum á næstunni.

„Það þarf að horfa til lengri tíma í stað þess að ákveða nokkrum vikum fyrir upphaf tímabilsins hvernig veiðunum verði háttað.“

Nú er tímabili gæsa-, hreindýra- og rjúpnaveiði nýlokið, en Elvar segir að skotveiðimenn þurfi ekki að leggja byssunni. „Nú eru einhverjir sem stunda andaveiðar og ef tíðin er góð er hægt að fara að skjóta svartfugl. Svo er alltaf hægt að skjóta ref. Það er mikið þjóðþrifaverk.“

Þannig er ljóst að skotveiðimenn þurfa ekki að sitja aðgerðarlausir í vetur. - þj



**Á VEIÐUM** Einar Árni Lund, formaður Skotvís, segir skotveiðimenn sátta við rjúpnaveiðitímabilið þrátt fyrir að veiðidagar hafi verið fáir og veður ekki eins og best verður á kosið. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Rjúpnastofninn í mikilli lægð:

Rannsóknir hafa leitt í ljós að veiðistofn rjúpu hér á landi er nú aðeins 350.000 fuglar, en síðustu ár hefur stofninn verið áætlaður 810 til 850 þúsund.

Um reglubundna sveiflu í stofnstærð er að ræða og er gert ráð fyrir að stofninn nái lágmarki árin 2015 til 2018.

# Góðar gjafir í Múrbúðinni

## Gjöfin til hennar

SDS Rafmagnshöggborvél, HDA 310, 850W
**11.990**
PROFESSIONAL

Yes Play Ítölsk iðnaðarryksuga 27 lítra
**29.900**

PROFESSIONAL
Fræsari HDA1205 1800W
**11.900**

PROFESSIONAL
Slípirokkur
HDA 436 1050W
**7.490**

PROFESSIONAL
ARGES rafhlöðuborvél,
HDA2544, 18v
**17.900**

Truper 1/4" Topplyklasett
(mikið úrval lyklasetta)
**4.900**

SHA-2625
Vinnuljóskastari Rone
28W m. innst. blár
**5.995**

LED Bílavasaljós
**1.999**

ARGES borvél
HDA235 900W
**5.990**
PROFESSIONAL

10" **995**
12" kr. **1.195**
14" kr. **1.595**
16,5" kr. **1.795**
18,5" kr. **1.995**
21" kr. **2.195**
23,5" kr. **2.495**
26,5" kr. **2.795**

Truper smáhlutabox 15 hólf
**490**

MEIJ-2029
Verkfærakista
á hjólum 24"
**4.995**

## Gjöfin til hans

Flísjakki með hettu
**6.450**
Skv.staðli
EN471

TES Pappír 2 metrar **149**
TES Pappír 6 metrar **299**

NOVA TWISTER 4,8V
Skrúfvél og skrúfbitar
**1.790** kr.

Gæða handklæði, ýmsir litir
30x50 **295**
50x100cm **795**
70x140cm **1.495**

NOVA 18V Rafhlöðuborvél
2 hraðar
**4.990**

TRUP-22090
Handryksuga
**3.625**

Verkfærasett
5 hlutir
**395**

DURATOOL
Rafhlöðuborvél 18V
**2.990**

Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2803 **6** lítra 28,5x20x18cm **399,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **599,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**

Gerð 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34cm **1.890,-**
Gerð 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **999,-**

RYC-NSB-200C
Rafmagnshitablásari 2Kw
**1.995**

**59.900**

### GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og hliðarplata. 14 kw/h. 48.000-BTU. Hitamælir. Kveikja í stillihnapp. Grillgrind er postulínshúðuð. 44x56 cm. Extra sterk hjól v.gaskút. Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

Truper topplyklasett
**3.990**

**Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
**Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18
**Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

> **Stöð 2 kl. 20.25**

## Eldsnöggt með Jóa Fel

***Jói Fel er mættur í sérstakri hátíðarútgáfu af matreiðsluþáttum sínum. Þetta er hundraðasti þátturinn og af því tilefni verður blásið til veislu. Jói sýnir okkur hvernig á að baka mjúka og stórkostlega jólamarengsköku sem fjölskyldan getur gætt sér á fram að og yfir hátíðirnar, blauta súkkulaðiköku sem bráðnar í munni og skúffuköku með hnetum ásamt nokkrum yndislegum smákökum sem alla langar í fyrir jólin.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON NENNIR EKKI AÐ HORFA

# *Gegn skipulagðri dagskrá*

Árum saman var ég einungis með eina sjónvarpsstöð, RÚV. Þar horfði ég á fréttir og mögulega einn og einn ofurdramatískan lögfræðinga- eða læknaþátt þegar ég hafði ekki orku til að slökkva á sjónvarpinu. Þess á milli tróð ég mér í heimsókn til vina og vandamanna um helgar til að horfa á Everton tapa. Þar með er umfang sjónvarpsáhorfs míns undanfarin ár nánast upptalið.



Nýverið keypti ég mér aðgang að ógrynni annarra stöðva. Mér telst til að þær séu um það bil 60 talsins. Það hefur ekki aukið sjónvarpsáhorf mitt neitt. Eina breytingin er að ég get horft á Everton heima hjá mér.

Ástæðan fyrir þessu er ekki sú að ég sé svo djúphygginn að ég nýti frekar frítíma minn í ljóðaskrif og bókalestur. Ég er fjarri því að vera andhverfur tilgangslausri afþreyingu. Ástæðan er sú að ég nenni ekki að horfa á skipulega sjónvarpsdagskrá. Sem samviskulaus niðurhalari og afþreyingarefnisþjófur er ég nefnilega búinn að sjá alla þætti og allar bíómyndir sem sýndar eru í sjónvarpi á netinu. Fyrir mörgum mánuðum.

Samt sem áður, á einhvern óskiljanlegan hátt, finnst mér gott að vita af öllum þessum stöðvum sem ég horfi aldrei á. Þær gætu nefnilega nýst í tímadráp næst þegar ég nenni ekki að slökkva á sjónvarpinu eftir fréttir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir 10.13 Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Stúdentsárin **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fótspor á himnum **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir 1**8.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sigursveinsvaka - á aldarafmæli Sigursveins D. Kristinssonar **21.00** Kæri Jón..hversvegna í ósköpunum léstu Ingibjörgu bíða? **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsperla: Hannes Hafstein, maðurinn og skáldið **23.20** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Stundin okkar** (e)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (Pagten) Danskt ævintýri um tólf ára strák og jafnöldru hans af álfaættum, leit þeirra að leynilegum sáttmála og glímu þeirra við ísnornina ógurlegu.
**18.35 Melissa og Joey** (14:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Nigella í eldhúsinu** (13:13) (Nigella: Kitchen)
**20.50 Hvert stefnir Ísland?** Í þættinum verður rætt um nýtt frumvarp að Stjórnarskrá Íslands. Þáttakendur eru þau Ragnhildur Helgadóttir, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Hjörtur Hjartarson og Salvör Nordal.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Downton Abbey** (3:8) Breskur myndaflokkur sem gerist í fyrri heimsstyrjöld.
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Step Brothers**
**10.00 Billy Madison**
**12.00 Copying Beethoven**
**14.00 Step Brothers**
**16.00 Billy Madison**
**18.00 Copying Beethoven**
**20.00 12 Men of Christmas**
**22.00 Taken**
**00.00 Men in Black**
**02.00 Even Money**
**04.00 Taken**
**06.00 The Sorcerer's Apprentice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (17:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (13:25)
**11.50 The Whole Truth** (9:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Meet Dave**
**14.30 ER** (8:22)
**15.15 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (8:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (8:25)
**19.55 My Name Is Earl** (7:27)
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** Jói Fel er mættur í sérstakri hátíðarútgáfu af matreiðsluþáttum sínum. Þetta er hundraðasti þátturinn og af því tilefni verður blásið til veislu. Jói sýnir okkur hvernig á að baka mjúka og stórkostlega jólamarengsköku sem fjölskyldan getur gætt sér á fram að og yfir hátíðirnar, blauta súkkulaðiköku sem bráðnar í munni og skúffuköku með hnetum ásamt nokkrum yndislegum smákökum sem alla langar í fyrir jólin.
**21.05 Human Target** (4:13) Önnur þáttaröð þessa skotheldu og hressandi spennuþátta með gamansömu ívafi í anda Bond- og Bourne-myndanna.
**21.55 The Good Guys** (18:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni.
**22.40 Breaking Bad** (4:13)
**23.30 Heimsendir** (8:9)
**00.40 The Killing** (10:13)
**01.25 Mad Men** (5:13)
**02.15 Meet Dave**
**03.45 A Cool, Dry Place**
**05.20 The Simpsons** (8:21)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Man. Utd - Crystal Palace**
**14.25 Tottenham - PAOK**
**16.10 Enski deildarbikarinn: Man. Utd - Crystal Palace**
**17.55 Twente - Fulham** Bein útsending frá leik Twente og Fulham í Evrópudeildinni.
**19.55 Stoke - Dynamo Kyiv** Bein útsending frá leik Stoke City og Dynamo Kyiv í Evrópudeildinni.
**22.00 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia mótaröðinni í golfi.
**22.55 Twente - Fulham**
**00.40 Stoke - Dynamo Kyiv**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Swansea - Aston Villa**
**18.10 Chelsea - Wolves**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Goals of the Season 2008/2009**
**22.20 Football League Show**
**22.50 Bolton - Everton**

## EXTRA

**19.50 The Doctors** (168:175)
**20.30 In Treatment** (58:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.05 The Middle** (7:24)
**22.30 Cougar Town** (19:22)
**22.55 Grey's Anatomy** (9:24)
**23.40 Medium** (6:13)
**00.25 Satisfaction**
**01.20 My Name Is Earl** (7:27)
**01.40 Týnda kynslóðin** (15:40)
**02.10 In Treatment** (58:78)
**02.35 The Doctors** (168:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (12:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (12:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 Being Erica** (2:13) (e)
**15.55 Life Unexpected** (13:13) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Pan Am** (2:13) (e)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (12:14)
**19.30 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (5:25) (e)
**19.50 Will & Grace - OPIÐ** (6:24) (e)
**20.10 The Office** (7:27)
**20.35 30 Rock** (14:23)
**21.00 House** (13:23) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House hræðir líftóruna úr barnaskólanemendum þegar hann segir þeim ítarlegar sjúkrasögur.
**21.50 Falling Skies** (7:10) Hörkuspennandi þættir úr smiðju Steven Spielberg sem fjalla um eftirleik geimveruárásar á jörðina. Meirihluti jarðarbúa hefur verið þurrkaður út en hópur eftirlifenda hefur myndað her með söguprófessorinn Tom Mason í fararbroddi.
**22.40 Jimmy Kimmel** (e)
**23.25 CSI: Miami** (9:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (2:19) (e)
**01.05 Smash Cuts** (52:52) (e)
**01.25 Everybody Loves Raymond** (e)
**01.45 Falling Skies** (7:10) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.40** The World Cup of Golf (3:4) **12.40** Golfing World **13.30** The World Cup of Golf (4:4) **17.30** Ryder Cup Official Film 2008 **18.45** Ryder Cup Official Film 2010 **20.00** Chevron World Challenge (1:4) **23.00** US Open 2006 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**11.10** EastEnders **11.40** Live at the Apollo **12.25** Live at the Apollo **13.10** Come Dine With Me **14.00** New Tricks **14.50** New Tricks **15.45** Top Gear **16.35** Come Dine With Me **17.25** Live at the Apollo **18.10** QI **18.40** QI **19.10** Top Gear **20.05** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **23.00** The Graham Norton Show **23.55** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.35** Hvad er det værd? **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Den lille røde traktor **15.15** Tagkammerater **15.30** Fandango med Elliott & Robotto **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Det søde liv - jul **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Hammerslag i New York **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Leg med ild **22.50** Familien Hughes

## NRK 1

**11.15** Førjulshygge i Strömsö **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Migrapolis **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.25** Solgt! **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Folk **22.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**10.45** Det goda livet **11.35** Uppdrag Granskning **12.35** På spåret **14.30** Skattjägarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Anslagstavlan **15.35** Svenska komediaktörer **15.45** Jonathan Ross show **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern: Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Här är ditt kylskåp **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** The Trip **22.15** Anno 1790 **23.15** Rapport **23.20** Paradox

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




EIRÍKUR HAUKSSON • EIVØR • ERNA HRÖNN • FRIÐRIK ÓMAR • GARÐAR THÓR CORTES • GISSUR PÁLL • GUÐRÚN ÁRNÝ • GUÐRÚN GUNNARS • HEIÐA ÓLAFS • HERA BJÖRK • JÓHANN FRIÐGEIR • MARGRÉT EIR • RAGNAR BJARNASON • RAGNHEIÐUR GRÖNDAL • REGÍNA ÓSK • STEFÁN HILMARSSON • VALA GUÐNA • VÉDÍS HERVÖR
STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR • VOX FEMINAE • STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN • BARNAKÓR FROSTRÓSA
TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON • STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON
Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi
kynnir einstaka tónleikaveislu í desember
10 ÁRA
FROSTRÓSIR
Aðeins eitt tækifæri
Óstaðfestar pantanir seldar í dag
frá 11:00 á Harpa.is og í s. 528 5050
Einungis örfá sæti í boði
11.500 manns fylla sjö tónleika um helgina.
Fyrstu tónleikar í Hörpu í kvöld kl. 21:00.
Takk fyrir okkur og góða skemmtun.
Kringlan
Konfekt
FLUGFÉLAG ÍSLANDS



*„Ég fæ mér hafragraut í mismunandi búningi. Ég set út á hann kanil, banana, kókosjógúrt eða rúsínur.“*

Rán Flygenring, grafískur hönnuður.

# Fagna með Reyka vodka í Bandaríkjunum

„Við vorum búnir að sjá fyrir okkur að geta klárað jólagjafainnkaupin en svo verður bara svo brjálað að gera,“ segir Bjarni Hall, söngvari hljómsveitarinnar Jeff Who? Sveitin er á leið til Bandaríkjanna þar sem hún mun spila á tvennum tónleikum í New York og Chicago í samstarfi við Reyka vodka, auk þess að koma fram í fjölda blaða- og sjónvarpsviðtala.

Vodkaframleiðandinn fékk Jeff Who? til liðs við sig fyrir rúmu ári til að taka þátt í markaðssetningu vestanhafs. Í haust var Reyka vodki svo valinn sá besti í heimi á Alþjóðlegu vínkeppninni og til að kynna það og halda upp á sigurinn heldur hljómsveitin út og spilar á tónleikum sem bera yfirskriftina Iceland Wants to Buy You a Drink. „Ég held að þetta verði miklu skemmtilegra núna en áður þegar við höfum spilað í Bandaríkjunum. Þetta verður í raun bara gott partí, fólk mætir bara til að hlusta á tónlist og drekka. Þetta verður svolítið íslenskt,“ segir Bjarni og hvetur alla sem geta til að mæta því viðburðurinn er opinn öllum.

Hljómsveitin mun frumflytja tvö ný lög á tónleikunum í New York, sem ætti að gleðja aðdáendur því töluvert langt er síðan sveitin hefur gefið frá sér nýtt efni. Bjarni segir að viðbót nýs trommara í hópinn hafi verið sparkið í rassinn sem hljómsveitarmeðlimir þurftu til að fara að semja nýtt efni. „Það er ótrúlegt hvað þetta kom okkur í gang. Í raun og veru fundum við Grímsa (Hallgrímur Jón Hallgrímsson) á ættarmóti – hann gifti sig inn í fjölskylduna mína og við bjuggum til litla hljómsveit fyrir ættarmót. Þá kom í ljós að hann er frábær gaur og ennþá betri trommari. Þetta smellpassaði saman hjá okkur.“ - bb



**TIL Í SLAGINN** Jeff Who? spilar á R-Bar í New York mánudaginn 5. desember og á Bedford í Chicago þriðjudaginn 6. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Fjölnir Þorgeirsson**, hestamaðurinn góðkunni, lýsti því yfir við Séð og Heyrt árið 2008 að hann hygðist taka sér frí frá konum. Hann var þá nýhættur með sænskri kærustu sinni. Örvar Amors hafa því verið vel brýndar þegar ástarguðinn hafði þær til flugs því þær hafa hæft Fjölni og **Bryndísi Ásmundsdóttur** beint í hjartastað. Bryndís hefur getið sér gott orð sem bæði leikkona og söngkona og fór meðal annars á kostum í hlutverki Janis Joplin í Íslensku óperunni. Fjölnir á hins vegar enn vef sinn hestafrettir.is. - fgg




## PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON: ÉG SAMGLEÐST MUGISON

# BARÁTTAN UM TOPPSÆTIÐ

„Ég upplifi þetta alls ekki eins og ég og Mugison séum í keppni,“ segir poppkóngurinn Páll Óskar Hjálmtýsson.

Páll Óskar sendi frá sér tónleikaplötuna Páll Óskar og Sinfó fimmtudaginn 17. nóvember. 907 eintök seldust af plötunni í síðustu viku, en aðeins ein plata hefur selst betur á einni viku á árinu. Er það platan Haglél með Mugison, en hún seldist í 918 eintökum fyrstu vikuna í október og vermdi toppsæti Tónlistans þangað til Páll Óskar rauk á toppinn með látum í dag.

Mugison sat í toppsæti Tónlistans í á þriðja mánuð. Hann er nú í öðru sæti og plata hans rýkur út: 12 þúsund eintök eru seld og 5.000 í viðbót hefur verið dreift í verslanir. Þá stendur til að útbúa 7.000 eintök í viðbót, svo enginn ætti að fara í jólaköttinn í ár. „Ég samgleðst Mugison,“ segir Páll Óskar. „Ég hef verið á sama stað og hann, verið sjálfstæður plötuútgefandi að gefa út og dreifa sjálfur ásamt því að líma saman plötuumslög. Þessi plata frá Mugison er fyrsta platan hans á Íslensku. Þannig að það er engu líkara en að allar hinar plöturnar hafi verið upphitun fyrir þessa. Plöturnar á ensku voru bara að spenna bogann fyrir þessa og ekki seldust þær illa.“

Páll Óskar og Sinfó er óhefðbundin poppplata að því leyti að Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir á henni. Er sama hvað þú gerir, það fer allt á toppinn?

„Nei. Það er ekki sama hvað ég geri. Það hefur ekki allt sem ég hef gert í lífinu farið á toppinn. En ég hef lært að það skiptir máli hvernig það er gert, hvað býr að baki og þá virkar það.“

Tónleikarnir í Hörpu voru allir gríðarlega vel sóttir, þannig að það mátti kannski búast við því að platan færi vel af stað?

„Ég krosslagði puttana upp á það – en þetta er svo magnað, það er engin trygging fyrir neinu. Maður veit aldrei neitt, fyrr en jólin koma. Ekki fyrr en á Þorláksmessu. Þetta er auðvitað virkilega ánægjulegt. Ég er ánægður og glaður fyrir hönd þeirra sem stóðu að tónleikunum.“

atlifannar@frettabladid.is

### SYNGJA DÚETT Á JÓLATÓNLEIKUM

Páll Óskar og Mugison syngja saman dúett á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll í desember. „Við syngjum Litla trommuleikarann og þar fær Mugison að vera Bing Crosby og ég fæ að vera David Bowie,“ segir Páll Óskar.

*Var barist um hvor fengi hvaða hlutverk?*

„Nei, alls ekki. Þetta bara það sem lá beinast við. Mér finnst ofsalega fallegt að við tveir fáum að mætast á þessum tónleikum. Okkur þykir svo vænt um hvor annan. Við höfum fylgst með hvor öðrum úr fjarlægð. Þó að tónlistin okkar sé eins ólík og raun ber vitni, þá eigum við tveir þessa sameiginlegu reynslu að hafa verið sjálfstæðir útgefendur. Það er ákaflega dýrmætt.“



### PLÖTUSALA SEINNI HLUTA ÁRSINS

**Grafið sýnir plötusölu Mugisonar og Páls Óskars ásamt frábærum árangri nýliðanna í Of Monsters and Men.**




# Langbesta byrjunin hjá Yrsu

„Þetta er langbesta byrjun hennar frá upphafi og þótti þó mörgum nóg um í fyrra,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Bjarti og Veröld, um söluna á nýjustu glæpasögu Yrsu Sigurðardóttur, Brakið.

Um sex þúsund eintök hafa verið send í búðir og að sögn Péturs Más hefur salan aukist um fimmtíu prósent frá síðustu bók, Ég man þig, ef miðað er við sama tímaramma og í fyrra. „Þá förum við úr tíu þúsundum í sextán þúsund eintök. Núna prentuðum við í sextán þúsundum í fyrsta upplagi og reiknum með því að prenta meira,“ segir hann.

Til marks um stigvaxandi vinsældir Yrsu var salan á Ég man þig á sama tíma í fyrra einnig fimmtíu prósentum meiri en á bókinni þar á undan, Horfðu á mig. „Við áttum von á því eins og fyrsta prentun gefur til kynna að salan yrði alla vega jafngóð og í fyrra. En við áttum ekki von á 50 prósenta aukningu,“ segir Pétur Már, sáttur við gang mála.

Ég man þig hefur selst í yfir tuttugu þúsund eintökum hérlendis. Í Þýskalandi hefur bókin setið í átta vikur á metsölulistanum og áætla þarlendir útgefendur að bókin nái eitt hundrað þúsund eintaka sölu fyrir jólin. Eldri bækur Yrsu hafa tekið mikinn kipp í Þýskalandi síðan Ég man þig kom út og þá sérstaklega Horfðu á mig. „Við bíðum mjög spennt eftir ársuppgjörinu frá þeim.“ - fb



**FER VEL AF STAÐ** Nýjasta bók Yrsu Sigurðardóttir, Brakið, hefur farið gríðarlega vel af stað.

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

*Opið til 19:00 mánudag-laugardags*

# Frábær íslensk hönnun
**Virkilega vönduð jakkaföt á ótrúlegu verði**



**JAKKAFÖT**
Stærðir 46-64
Verð **17.990,-**

*Fyrir 2.000 kr. aukalega getur þú bætt við Business Class skyrtu og bindi.*



**FULLT AF HLÝJUM GJAFAVÖRUM Á FRÁBÆRUM VERÐUM**

**LOÐHÚFA** verð **2.999,-**

**LOÐVETTLINGAR** verð **1.999,-**



**FALLEGIR KULDASKÓR**
Verð áður ~~12.999,-~~
Verð nú **9.999,-**



**BUSINESS CLASS SKYRTUR**
Verð **1.990,-**



**HERRASKÓR**
Verð frá **5.990,-**

Sími 534 4451
Finndu okkur á facebook.

Opið frá kl. 11–19 frá mánudag-laugardags
Opið frá kl. 12–17 sunnudag

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Líf mannanna eins árs

Hið endurreista tímarit Mannlíf fagnar eins árs afmæli í dag, fullveldisdaginn 1. desember. Nýr ritstjóri tók við taumunum á dögunum, **Hrund Þórsdóttir**, og af því tilefni hefur verið ákveðið að blása til útgáfufagnaðar í kvöld þar sem blaðið verður kynnt. Forsíðu blaðsins sem út kemur í dag prýðir Bragi Valdimar Skúlason, „höfuðið á bak við Baggalút“, en meðal annars efnis í blaðinu er viðtal við rithöfundinn Stefán Mána, „Allt sem þú vissir ekki um brjóst“ og póker. Græjur, tíska, veiði, bílar, fólk, fótbolti og matur eru þau áhersluatriði sem blaðið hyggst nýta sér til umfjöllunar.



- sv

### Hjúkra móður Pacasar

**Beggi** og **Pacas** flugu af landi brott í nótt. Áfangastaðurinn er Brasilía, heimaland Pacasar. Þar ætla þeir að hitta móður hans, sem er alvarlega veik. Þeir félagar, sem slógu í gegn í sjónvarpsþættinum Hæðin, hafa verið að stússast í ýmsum skemmtilegum verkefnum að undanförnu og flest hafa þau tengst matargerð. Vegna núverandi aðstæðna verður einhver bið á því þeir geti glatt Íslendinga aftur með leiftrandi húmor sínum og kærleiksríkri matargerðarlist en vafalítið eiga þeir eftir að mæta sterkir til leiks á nýju ári.

- sv, fb



### Mest lesið VÍSIR

1. Kennarar á Akranesi segjast vera smánaðir
2. Áður óþekktar gryfjur fundust við Stonehenge
3. Þriðji hver Dani hefur haldið framhjá maka sínum
4. Bloggari um nafnlaus SMS frá fyrrum þingmanni: „Merki ..
5. Stórtjón í eldsvoða í Vestmannaeyjum í nótt




